# FRÉTTABLAÐIÐ

100. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 2. MAÍ 2019




# Í klóm ofbeldis

Heimilisofbeldi og eltihrellar eru mál sem oft er mjög erfitt að glíma við innan réttarkerfisins. Víða skortir skilning og úrræði oft ekki nægilega sterk gegn geranda.

➛ 12, 14 og 16

**479** brotaþolar leituðu til Bjarkarhlíðar árið 2018.

## Ætla ekki lengur að bíða og biðja

**VERKALÝÐSMÁL** „Sá tími er liðinn að við látum okkur nægja að bíða og biðja," sagði Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, þegar hún ávarpaði fjöldasamkomu á Ingólfstorgi í gær, í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi verkalýðsins.

Sólveig Anna fór í ræðu sinni yfir viðburðaríkan vetur kjarabaráttu og verkfalla. Hún sagði að andlýðræðislegasta fólkið á Íslandi hafi brjálast vegna krafna verkalýðshreyfingarinnar. Hreyfingin hafi verið úthrópuð og kölluð glæpafólk, landráðamenn og hyski.

„Sá tími er liðinn að við látum okkur nægja að fara bónleið til að kreista út þúsundkalla frá auðstéttinni. Við erum hér og þau skulu venjast því," sagði hún.



Sólveig Anna Jónsdóttir.

Á Akureyri sagði Drífa Snædal í ræðu sinni að það væri áhyggjuefni að misrétti hafi verið að aukast undanfarna áratugi.

„Það er gömul saga og ný að til að ná völdum er minnihlutahópum stundum att saman, eins og til dæmis öryrkjum og innflytjendum eða láglaunafólki og eldri borgurum. Það er nauðsynlegt fyrir lýðræði og mannréttindi að við látum ekki glepjast af slíkum tilraunum." – **sar / sjá síðu 4**

## Keflavíkurganga innflytjenda

**HÆLISLEITENDUR** „Þetta er löng leið að ganga en þetta sýnir hversu frústreruð við erum og uppgefin á ástandinu. Síðustu þrjá mánuði höfum við mótmælt á ýmsan hátt en enginn hlustar á okkur. Ekkert hefur breyst svo við vildum gera þetta til að vekja athygli á okkar stöðu," segir Milad Waskout, hælisleitandi frá Íran.

Næstkomandi laugardag standa samtökin No borders og Refugees in Iceland fyrir kröfugöngu frá Keflavík til Reykjavíkur. Gengið verður frá húsnæði Útlendingastofnunar fyrir flóttamenn á Ásbrú og endar gangan á Austurvelli. – **sar / sjá síðu 8**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason skrifar um pólitíkina í Brasilíu. 21

**SPORT** KR-ingar eru með bakið upp við vegg fyrir heimsóknina í Seljaskóla í kvöld. 24



**MENNING** Þórunn Elísabet Sveinsdóttir sýnir verk sín á Höfn í Hornafirði. 34

**LÍFIÐ** Eina vitið að sniðganga Eurovision í Ísrael segir Hjálmtýr Heiðdal. 44

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Rannsókn á Hval hf. verði fram haldið

**LÖGREGLUMÁL** Ríkissaksóknari hefur fellt úr gildi ákvörðun lögreglustjórans á Vesturlandi um að hætta rannsókn á meintum brotum Hvals hf. um að hafa unnið hvalafurðir án yfirbyggðs skurðarflatar í verksmiðju sinni í Hvalfirði.

Einnig hefur ríkissaksóknari sent lögreglustjóranum á Vesturlandi meint brot Hvals hf. um að skila ekki dagbókum skipstjóra hvalveiðiskipa til Fiskistofu, til rannsóknar hjá lögreglu.

Jarðarvinir hafa kært Hval hf. fjórum sinnum á síðustu mánuðum og talið að fyrirtækið brjóti lög við veiðar og vinnslu á hval við Íslandsstrendur. – **sa / sjá síðu 6**

## Öflugt lið Blika líklegt til afreka

**FÓTBOLTI** Pepsi Max-deild kvenna hefst í dag með fjórum leikjum þar sem ríkjandi Íslands- og bikarmeistarar Breiðabliks ferðast til Vestmannaeyja og mæta ÍBV. Samkvæmt spá Fréttablaðsins mun Breiðablik endurheimta titilinn enda með heilsteypt og öflugt lið sem er að miklu leyti byggt á sömu leikmönnum og lönduðu titlinum í fyrra. Valur mun veita þeim aðhald með Margréti Láru fremsta í flokki líkt og Þór/KA. – **hó**



## Veður



Norðaustan 5-13 m/s, hvassast NV-til, skýjað með köflum og úrkomulítið. Kólnandi veður, stöku él og frystir norðaustanlands í kvöld. Hiti 5 til 15 stig. SJÁ SÍÐU 30

## Grænir kollar á degi verkalýðsins



Sem fyrr gekk Lúðrasveit verkalýðsins í broddi fylkingar þegar verkafólk, og þeir sem berjast fyrir bættum hag vinnandi fólks, gekk fylktu liði frá Hlemmi að Ingólfstorgi, þar sem kröfugangan náði hápunkti sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir frá Fyrsta maí er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

## Katrín fundar með Theresu

**BRETLAND** Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra fundar með Theresy May, forsætisráðherra Bretlands í dag. Í gær fundaði hún með Jeremy Corbyn, formanni breska Verkamannaflokksins og leiðtoga stjórnarandstöðunnar, í breska þinginu í gær. Ræddu þau meðal annars um útgöngu Bretlands úr ESB, efnahagsmál og alþjóðasamvinnu.

„Loftslagsvandinn er eitt skýrasta merki þess að við þurfum að endurmeta mælikvarða okkar í efnahagsmálum og samfélagsþróun. Á tímum þar sem alþjóðleg samvinna á undir högg að sækja er mikilvægt að smærri ríki leggi sitt af mörkum við að byggja upp sjálfbært efnahagskerfi.“

Fundirnir eru hluti af dagskrá forsætisráðherra í þriggja daga heimsókn hennar til Bretlands. **– khn**



**Frá smábænum Mehamn í Norður-Noregi.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Gunnar segist ekki hafa ætlað að vinna bróður sínum mein

**SAKAMÁL** Vidar Zahl Arntzen, verjandi Gunnars Jóhanns Gunnarsson sem grunaður er um að hafa skotið hálfbróður sinn til bana í smábænum Mehamn í Norður-Noregi um síðastliðna helgi, segir að Gunnar Jóhann haldi því fram að um slys hafi verið að ræða.

Gunnar Jóhann var yfirheyrður í nokkrar klukkustundir í gær, frá tíu í gærmorgun til hálf fimm síðdegis. Vidar Zahl segir að Gunnar Jóhann sé niðurbrotinn vegna málsins en hann játaði brotið við handtöku.

Við yfirheyrslu neitaði hann því að hann hafi ætlað að meiða bróður sinn. „Hann ætlaði sér aldrei að meiða bróður sinn, það er aðalatriðið,“ sagði Vidar Zahl í samtali við RÚV.

Gunnar, sem á langan sakaferil að baki, hafði áður verið úrskurðaður í nálgunarbann gagnvart hálfbróður sínum, sem nú er látinn. Gunnar Jóhann birti færslu á Facebook þar sem hann virtist játa á sig verknaðinn. Í þeirri færslu bað hann fjölskyldu sína afsökunar á voðaverkinu. **– bg**




# Gamlar plötur vandi í Vaðlaheiðargöngum

Háþróaður búnaður Vaðlaheiðarganga sem les af númeraplötum bifreiða á í vandræðum með að lesa af gömlum svörtum númeraplötum. Ekki loku fyrir það skotið að slíkir bílar fari í gegn án þess að vera rukkaðir fyrir ferðina.

**SAMGÖNGUMÁL** Vaðlaheiðargöng hafa lent í nokkrum erfiðleikum frá því göngin voru opnuð með að rukka einstaklinga sem keyra um á bílum með gömlu svörtu númeraplötunum. Myndavélakerfið í göngunum ræður illa við þær. Einnig hefur borið nokkuð á númerslausum bílum sem aka í gegnum göngin.

Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga, segir hinar gömlu númeraplötur vera nokkuð öðruvísi og því sé nokkuð erfitt fyrir kerfið að lesa af þeim.

Sjálfvirkt greiðslukerfi er í göngunum sem tekur myndir af númeraplötum bifreiða og les af þeim. „Gömlu plöturnar eru öðruvísi að því leyti til að endurskinið af þeim er ekki það sama. Því er erfiðara fyrir hugbúnaðinn að lesa af þeim. Eftir sem áður er öllum skylt að greiða í göngin. Ég get hins vegar ekki ábyrgst að þeir sem eru á gömlu númerunum og hafa fyrirframgreitt 100 ferðir, að allar ferðirnar þeirra telji inn í kerfið okkar,“ segir Valgeir.

Valgeir segir að stjórnendur ganganna sjái ef bílar eru að fara í gegnum göngin án þess að komast inn í greiðslufyrirkomulagið. Þá geta þeir gripið til þeirra ráða að skoða öryggismyndavélar sem eru fjölmargar í göngunum. „Við getum því lesið af þeim þannig ef eitthvað misjafnt á sér stað.“

Greiðslufyrirkomulag sem þetta er að finna víðsvegar í veröldinni og norskir aðilar komu að þessari framkvæmd. Valgeir segir að þessir norsku aðilar hafi sýnt forsvarsmönnum Vaðlaheiðarganga að nokkuð sé um að menn reyni að komast fram hjá greiðslum í svoleiðis göng.



**Frá opnun Vaðlaheiðarganga.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

**Gömlu plöturnar eru öðruvísi að því leyti að endurskinið af þeim er ekki það sama.**

Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga.



„Það er alltaf þannig að einhver hópur reynir að komast hjá greiðslu. Til að mynda hefur eitthvað, en hlutfallslega mjög lítið, verið um að númeraplötur séu ekki til staðar framan á bílum. Þetta er ekki séríslenskur veruleiki. Norsku aðilarnir sýndu okkur hins vegar myndir af ökumanni sem stöðvaði bifreiðina áður en farið var inn í göngin, fór úr bolnum og breiddi yfir númeraplötuna og ók ber að ofan í gegnum göngin. Við höfum ekki séð slíkt hér,“ segir Valgeir í léttum tón.

sveinn@frettabladid.is




# 1. maí fagnað

Baráttudagur verkalýðsins var haldinn hátíðlegur víða um heim í gær. Sigtryggur Ari Jóhannsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, slóst í för með kröfugöngunni sem gekk frá Hlemmi og niður á Ingólfstorg þar sem baráttufundur var haldinn. Veðrið lék við göngu- og fundarmenn í borginni í gær.










FRUMSÝNUM

FORD ECOSPORT **AWD**

# FJÓRHJÓLADRIFINN OG FRÁBÆR!




## HÁSETINN – NÚ FJÓRHJÓLADRIFINN

Ford EcoSport fæst nú með fjórhjóladrifi sem gerir hann enn betri við íslenskar aðstæður. Hann hefur þar að auki mikla veghæð sem kemur sér vel í snjó og við aðrar erfiðar aðstæður. Þú situr líka hærra og það er mun þægilegra að ganga um bílinn.

Ford EcoSport Titanium S er sérlega vel búinn m.a. leðuráklæði á sætum, 17" álfelgum, Xenon aðalljósum, 8" snertiskjá, tölvustýrðri loftkælingu, 7 hátölurum, bakkmyndavél, SYNC3 hljómtækjum með raddstýringu og neyðarhringingu, ESP stöðugleikakerfi með spólvörn, leðurklætt fjölstillanlegt stýri, Apple CarPlay og Android Auto.

***Ford tekur þig lengra!***
***Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford EcoSport***

**FORD ECOSPORT TITANIUM S AWD**
**1.5 dísil, 125 hö, fjórhjóladrifinn, beinskiptur**

**VERÐ:**

**4.190.000** KR.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is

# Við ætlum að breyta þjóðfélaginu

**Sá tími er liðinn að verkalýðshreyfingin sé bara í baráttuhug einu sinni á ári. Þetta sagði formaður Eflingar í ræðu sinni á baráttudegi verkalýðsins. Forseti ASÍ sagði að barátta hreyfingarinnar fyrir jöfnuði væri líka barátta fyrir betra samfélagi.**

**VERKALÝÐSMÁL** „Við ætlum ekki lengur að fórna okkur sjálfum fyrir þjóðfélag sem byggir á óréttlæti og arðráni. Nei, við ætlum að breyta þjóðfélaginu,“ sagði Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, í ræðu sinni á útifundi á Ingólfstorgi í gær á alþjóðlegum baráttudegi verkalýðsins.

Sólveig Anna fór í ræðu sinni yfir viðburðaríkan vetur kjarabaráttu og verkfalla. Hún sagði að andlýðræðislegasta fólkið á Íslandi hafi brjálast vegna krafna verkalýðshreyfingarinnar. Hreyfingin hafi verið úthrópuð og kölluð glæpafólk, landráðamenn og hyski.

„Þau sem hafa látið sem það væri náttúrulögmál að þau hafi endalaus völd til þess að ákveða lífsskilyrði okkar, afkomu, aðstæður, voru opinberuð sem vanstilltir loddarar og arðránskerfið opinberaðist sem það svo sannarlega er. Kerfi tryllts óréttlætis hefur fengið að stigmagnast síðustu áratugi,“ sagði Sólveig Anna.

Sá tími væri liðinn að verkalýðshreyfingin væri aðeins í baráttuhug einu sinni á ári.

„Sá tími er liðinn að við látum okkur nægja að bíða og biðja. Sá tími er liðinn að við látum okkur nægja að fara bónleið til að kreista út þúsundkalla frá auðstéttinni. Við erum hér og þau skulu venjast því.“

Drífa Snædal, forseti ASÍ, hélt aðalræðuna í dagskrá hátíðarhaldanna á Akureyri. Drífa lagði í ræðu sinni áherslu á að þau samfélög þar sem jöfnuður ríkti væru undantekningalaust betri samfélög en þau þar sem ójöfnuður ríkti.

„Barátta verkalýðshreyfingarinnar er því ekki barátta einstakra hópa fyrir betri kjörum heldur barátta fyrir betri heild og betra samfélagi,“ sagði Drífa.

Það væri áhyggjuefni að misrétti hafi verið að aukast undanfarna áratugi. Þá væri mikilvægt að hrinda árásum á lýðræðið. Til væru þeir sem sjái sér hag í því að grafa undan trú fólks á lýðræðinu, meðal annars með því að ala á andúð gagnvart minnihlutahópum.

„Það er gömul saga og ný að til að ná völdum er minnihlutahópum stundum att saman, eins og til dæmis öryrkjum og innflytjendum eða láglaunafólki og eldri borgurum. Það er nauðsynlegt fyrir lýðræði og mannréttindi að við látum ekki glepjast af slíkum tilraunum.“

Drífa fór einnig yfir þær breytingar sem eru að eiga sér stað á vinnumarkaði. Verkalýðshreyfingin þurfi að þróast í takt við tíðarandann til að takast á við risavaxnar áskoranir.

„Við megum aldrei gefa afslátt af áunnum réttindum, kjörum og öryggi á vinnustað heldur leita leiða til að bæta enn frekar í. Það eru stór verkefni sem bíða okkar en verkalýðshreyfingin á Íslandi er vel skipulögð grasrótarhreyfing og tilbúin í það sem koma skal.“

**sighvatur@frettabladid.is**



**Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, og Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður ÖBÍ. Þær voru meðal ræðumanna á Ingólfstorgi í gær ásamt Sonju Ýr Þorbergsdóttur, formanni BSRB.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**Barátta verkalýðshreyfingarinnar er því ekki barátta einstakra hópa fyrir betri kjörum heldur barátta fyrir betri heild og betra samfélagi.**

Drífa Snædal, forseti ASÍ

**Ég er mættur hingað eins og venjulega. Ég er mikill aðdáandi lúðrasveitarinnar Svans þannig að ég labba alltaf á eftir þeim hingað niður eftir. Loksins erum við búin að eignast alvöru verkalýðsforingja. Þetta var ótrúlega flott ræða hjá Sólveigu Önnu. 1. maí hefur enn þá hlutverki að gegna og er góð áminning en ég tek undir það sem hún sagði.**



Finnur Arnar myndlistarmaður

**Ég reyni að koma hingað á hverju ári til að taka þátt í þessu með einhverjum hætti. Það hefur verið ágjöf núna á vinnandi fólk þetta ár. Það má ekki sofna á verðinum heldur halda áfram baráttunni en henni lýkur aldrei. Það eru uppsagnir í gangi úti um allt og ég er einn af þeim. Nú þarf ég að fara að huga að atvinnuleit.**



Þorsteinn Baldursson iðnaðarmaður

**Þeir sem eru öryrkjar í dag hafa mjög margir verið á vinnumarkaði á lágum launum og þurft að vinna mikla aukavinnu. Það þarf að hugsa um velferð fólks á vinnumarkaði þannig það búi við mannsæmandi kjör. Þess vegna teljum við ríka ástæðu til að við tökum þátt í þessum degi. Það er mjög mikið samstarf milli okkar og verkalýðshreyfingarinnar. Við erum mjög ánægð með það. Það er mjög mikilvægt að fólk komi svona saman og sýni samstöðu.**



Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ÖBÍ

**Þetta er barátta sem er í gangi allt árið. Við fögnum þessum degi því þar sameinumst við og leggjum okkar lóð á vogarskálarnar til að ná okkar markmiðum fram því það þarf að bæta kjörin. Þessi dagur á enn þá fullt erindi því eins og við vitum öll hefur ójöfnuður í hinum vestræna heimi aukist ár frá ári. Núna blasir hann við og úr því þarf að bæta.**



Þóra Leósdóttir, formaður Iðjuþjálfafélags Íslands





ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

RAM
UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI



Völuteigi 19
Mosfellsbæ
Sími 660 0038






Opið virka daga kl. 12–18:30
Laugardag kl. 12–16
Sunnudag kl. 13–17
Takmarkað magn!

# RISA LAGERSPRENGJA

2.–5. maí.



# 20–70%



afsláttur af skiptidýnum, eldri gerðum, útlitsgölluðum dýnum, stillanlegum rúmum, sófum, náttborðum, koddum, lökum, hótel baðmottum, handklæðum, sængurverasettum o.fl. o.fl.



Hvíldarstólar



Sófar

## 10–50%

afsláttur af hvíldarstólum og sófum í verslun meðan á lagersölu stendur

## 20%

afsláttur af mjúkvöru í verslun

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

*3.5% lántökugjald

Svefn & heilsa
Fimm stjörnu verslun

Lager. Völuteigi 19 - Mosfellsbæ
Sími 660 0038 - Opið kl 12:00-18:30
Laugardag 12:00 - 16:00



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

www.svefnogheilsa.is

Listhúsinu Laugardal, Reykjavík og Baldursnesi 6, Akureyri

# Umsókn um hæli í Svíþjóð samþykkt


Pussy Riot. NORDICPHOTOS/GETTY

**SVÍÞJÓÐ** Yfirvöld í Svíþjóð ákváðu í gær að veita tveimur meðlimum rússnesku hljómsveitarinnar Pussy Riot pólitískt hæli. Sneru þannig við höfnun sinni frá því á síðasta ári. Sænska ríkisútvarpið (SVT) greindi frá þessu.

Lúsine Djaníjan og Alexeíj Knedlíjakovskíj sóttu upphaflega um hæli árið 2017. Sögðu að heima í Rússlandi sættu þau ofsóknum og líflátshótunum vegna mótmæla sinna gegn stjórnvöldum.

„Það gleður mig afar mikið að börnin mín geti nú fengið að alast upp í öruggu umhverfi,“ sagði Djaníjan við SVT.

Knedlíjakovskíj er einn þeirra Pussy Riot-liða sem dæmdir hafa verið í fangelsi. Honum var gert að sitja inni í fimmtán daga árið 2016 eftir mótmæli. – **þea**


## Ársfundur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands

Ársfundur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands verður haldinn **föstudaginn 17. maí 2019 kl. 16:00** í útibúi Landsbankans Austurstræti 11.

Dagskrá fundarins er samkvæmt samþykktum sjóðsins.

Upplýsingar um fundinn og ársreikning má nálgast á heimasíðu sjóðsins **www.landsbankinn.is/ltfi**.

Stjórn Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands.






UNDIR, YFIR OG ALLT UM KRING

ENDURHUGSUN **Fyrirlestrakvöld í sal Ferðafélags Íslands**
*fimmtudaginn 2. maí*

**Hin mörgu andlit loftslagsbreytinga**
*Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar*

**Náttúruvernd á Íslandi í alþjóðlegu samhengi**
*Pétur Halldórssonson, formaður Ungra Umhverfissinna*

**Land, loft og líf**
*Hafdís Hanna Ægisdóttir, plöntuvistfræðingur og forstöðumaður Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna*

**Jörðin í alheiminum**
*Sævar Helgi Bragason, umsjónarmaður þáttanna Hvað höfum við gert?*

**Fundarstjóri er Heiðrún Ólafsdóttir**
**Dagskrá hefst kl. 20:00 en húsið opnar kl. 19:30**

*Allir velkomnir og aðgangur ókeypis*

Ferðafélag Íslands
www.fi.is



Hvalur hf. hefur aldrei staðið skil á veiðidagbókum fyrirtækisins til Fiskistofu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ríkissaksóknari vill halda áfram rannsókn

**Af fjórum kæruatriðum Jarðarvina gegn vinnubrögðum Hvals hf. eru tvö enn til rannsóknar. Lögreglustjórivildi hætta rannsókn á brotum er varða verkunaraðferðir Hvals en ríkissaksóknari skipaði að rannsókn skyldi halda áfram.**

**LÖGREGLUMÁL** Ríkissaksóknari hefur fellt úr gildi ákvörðun lögreglustjórans á Vesturlandi um að hætta rannsókn á meintum brotum Hvals hf. um að hafa unnið hvalafurðir án yfirbyggðs skurðarflatar í verksmiðju sinni í Hvalfirði. Einnig hefur ríkissaksóknari sent lögreglustjóranum á Vesturlandi meint brot Hvals hf. um að skila ekki dagbókum skipstjóra hvalveiðiskipa til Fiskistofu, til rannsóknar hjá lögreglu.

Jarðarvinir hafa kært Hval hf. fjórum sinnum á síðustu mánuðum og talið að fyrirtækið brjóti lög við veiðar og vinnslu á hval. Í fyrsta lagi var kærð veiði á blendingshval sem var afkvæmi steypireyðar og langreyðar og að skutulbyssur fyrirtækisins hafi ekki verið skráðar í skrám lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Rannsókn þeirra mála hefur verið hætt og verður ekki gefin út ákæra vegna þeirra.

Einnig kærðu Jarðarvinir það að verkun Hvals á hvalkjöti væri ekki í samræmi við reglugerð um yfirbyggðan skurðarflöt. Lögreglustjórinn ákvað að hætta rannsókn málsins en ríkissaksóknari er ósáttur við þá niðurstöðu og skipar embættinu að halda áfram rannsókn á þeim hluta málsins.

Árið 2010 var gerð breyting á reglugerð um vinnslu hvalafurða og fyrirtækinu gert skylt að vinna hval innandyra. Hins vegar sinnti fyrirtækið því aldrei. Það var síðan árið 2018 að Kristján Loftsson bað sjávarútvegsráðherra um að breyta reglugerðinni. Henni var svo breytt innan mánaðar frá bréfi Kristjáns Loftssonar.

Einnig hefur ríkissaksóknari sent til lögregluembættisins á Vesturlandi nýja kæru. Eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá hefur Hvalur hf. aldrei staðið í skilum á veiðidagbókum skipstjóra Hvals hf. til Fiskistofu, þrátt fyrir skýr fyrirmæli um slíkt í veiðileyfi til fyrirtækisins sem gefið var út árið 2014 fyrir árin 2014-2018. Vill ríkissaksóknari að embættið rannsaki málið frekar.

Þann 26. apríl auglýsti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið veiðileyfi á hrefnu til ársins 2023. Hins vegar hefur ráðuneytið ekki ennþá auglýst til umsóknar leyfi til langreyðarveiða hér við land. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er hins vegar afar ólíklegt að nokkur veiði verði á langreyði þetta árið þar sem nægt hvalkjöt er til frá fyrri vertíð. **Sveinn@frettabladid.is**

**2018**

**10. ágúst 2018**
Kæra móttekin hjá ríkissaksóknara á hendur Hval hf. Annars vegar vegna veiði á hvaldýri sem var afkvæmi steypireyðar og langreyðar og hins vegar vegna brota á verkun á langreyðarkjöti undir berum himni.

**13. ágúst 2018**
Ríkissaksóknari framsendir kæruna til lögreglustjórans á Vesturlandi til viðeigandi meðferðar.

**16. október 2018**
Önnur kæra berst lögreglustjóranum á Vesturlandi þar sem bætt er við fyrri kæruefni atriðum sem snúa að skráningu og eftirliti með skutulbyssum. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fann ekki leyfi Hvals hf. fyrir þeim fjórum skutulbyssum sem notaðar hafa verið til langreyðarveiða hér við land þegar óskað var eftir afritum af leyfunum.

**21. desember 2018**
Lögreglustjórinn á Vesturlandi tilkynnir að rannsókninni hafi verið hætt.

**2019**

**18. janúar 2019**
Kærandi, Jarðarvinir, er ósáttur við þá niðurstöðu og kærir hana til ríkissaksóknara.

**5. febrúar 2019**
Gögn berast ríkissaksóknara frá lögreglustjóranum á Vesturlandi ásamt rökstuðningi fyrir því að hafa hætt rannsókn.

**6. mars 2019**
Kæra berst ríkissaksóknara vegna mögulegra brota Hvals hf. um að hafa ekki sinnt þeirri skyldu sinni að skila dagbókum skipstjóra árin 2014 -2018.

**15. apríl 2019**
Ríkissaksóknari beinir því til lögreglustjórans á Vesturlandi að halda áfram rannsókn á því af hverju langreyðar voru skornar undir berum himni og sendir til rannsóknar meint brot Hvals hf. á skilaskyldu veiðidagbóka. Embættið staðfestir að hætt sé rannsókn á veiði á blendingshval og skutulbyssum Hvals hf.

LANCÔME
PARIS







NEW L'ABSOLU
MADEMOISELLE SHINE
ON-THE-GLOW LIPSTICK - MIRRORLESS APPLICATION

# LANCÔME KYNNING

## Í HAGKAUP 2. – 8. MAÍ

## 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM LANCÔME VÖRUM

Veglegur kaupauki* með snyrtibuddu og ferðastærðum í Lancôme fylgir þegar keyptar eru vörur fyrir 8.900 kr eða meira




LANCÔME MÆLIR MEÐ
TEINT IDOLE ULTRA NUDE FARÐANUM

24 tíma ending og glans vörn.
Náttúruleg mött áferð.
Létt þekja „NO MAKE UP MAKE UP"

*meðan birgðir endast. Lancôme fæst ekki í Njarðvík.

HAGKAUP *Meira* svona *alla daga*

# Hælisleitendur fara í Keflavíkurgöngu

**Hælisleitendur og stuðningsmenn þeirra ætla að vekja athygli á stöðu sinni með því að fara í Keflavíkurgöngu á laugardaginn. Þeir krefjast þess meðal annars að brottvísunum til óöruggra landa verði hætt, þeir fái tímabundin atvinnuleyfi og að búðunum á Ásbrú verði lokað.**



Hælisleitendur voru meðal þeirra sem tóku þátt í dagskrá róttæks 1. maí í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**HÆLISLEITENDUR** „Þetta er löng leið að ganga en þetta sýnir hversu frústreruð við erum og uppgefin á ástandinu. Síðustu þrjá mánuði höfum við mótmælt á ýmsan hátt en enginn hlustar á okkur. Ekkert hefur breyst svo við vildum gera þetta til að vekja athygli á okkar stöðu,“ segir Milad Waskout, hælisleitandi frá Íran.

Næstkomandi laugardag standa samtökin No borders og Refugees in Iceland fyrir kröfugöngu frá Keflavík til Reykjavíkur. Gengið verður frá húsnæði Útlendingastofnunar fyrir flóttamenn á Ásbrú og endar gangan á Austurvelli.

Milad hefur dvalið á Íslandi frá því í september á síðasta ári. Nú segist hann einfaldlega bíða þess að vera vísað úr landi en beiðni hans um hæli hér á landi hefur verið synjað sem og áfrýjunum.

Milad kom til landsins frá Grikklandi þar sem hann hefur pólitískt hæli. „Ég gat ekki verið þar lengur vegna ástandsins og þess vegna kom ég hingað. Íslensk yfirvöld vilja senda mig aftur til Grikklands en það er eins og helvíti fyrir flóttamenn.“

„Í Íran var ég pólitískur aðgerðasinni. Ég lenti í vandræðum gagnvart stjórnvöldum vegna aðgerða minna. Lögreglan var á eftir mér þannig að ég varð að flýja landið.“

Með kröfugöngunni vill hópurinn leggja áherslu á fimm kröfur. Í fyrsta lagi að íslensk stjórnvöld hætti brottvísunum, sérstaklega til landa þar sem aðstæður flóttamanna eru óviðunandi. Í öðru lagi að allar umsóknir um alþjóðlega vernd fái efnislega meðferð og þriðja krafan snýr að því að hælisleitendur fái tímabundið atvinnuleyfi. Þá er krafist mannsæmandi heilbrigðisþjónustu og lokun einangrunarbúðanna á Ásbrú.


Milad Waskout.


Ali Alameri.

Milad, sem er menntaður verkfræðingur, segir flesta Íslendinga hafa takmarkaðar upplýsingar um stöðu flóttamanna. „Við viljum reyna að útskýra málin því það eru mjög mismunandi skoðanir á okkur hér.“

Ali Alameri, sem er flóttamaður frá Írak, segir hælisleitendur og íslenska vini þeirra ætla að ganga frá Keflavík til að sýna samfélaginu að þau séu saklaus. „Við erum bara að leita að öruggu lífi. Við erum ekkert að biðja um meira. Við getum unnið fyrir okkur. Ég sótti um atvinnuleyfi fyrir þremur mánuðum og fæ engin svör.“

Hann reyndi síðastliðinn laugardag að ná athygli dómsmálaráðherra á opnum fundi Sjálfstæðisflokksins um þriðja orkupakkann. „Við reyndum að fá fund með dómsmálaráðherra en ég var stöðvaður. Það voru þarna venjulegir borgarar sem sögðust vera lögreglan og hótuðu okkur.“

Ali sem starfaði með bandaríska herliðinu í Írak hefur verið á Íslandi í um fimm mánuði. Mál hans hefur ekki verið tekið til efnislegrar meðferðar en til stendur að vísa honum til baka til Noregs, þaðan sem hann kom. Þaðan segir Ali að hann yrði sendur til Írak þar sem hann telur líf sitt í hættu.

„Ég var að vinna hjá fjölþjóða sveitum í alþjóðlega verkefninu Operation Iraqi freedom sem Ísland átti aðild að. Þess vegna kom ég til Íslands. Ég er ekki að biðja um að vera gefið hæli, heldur bara að málið mitt verði tekið til meðferðar eins og venjulegs flóttamanns.“ sighvatur@frettabladid.is


JAGUAR LAND ROVER

NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR

SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6


**BMW 640 D Grand Coupe**
Nýskr. 5/2014, ekinn 23 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 7.990.000 kr.**
Rnr. 420044.


**LAND ROVER Discovery Sport HSE**
Nýskr. 7/2015, ekinn 46 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 5.690.000. kr.**
Rnr. 145166.


**JAGUAR F-PACE Prestige**
Nýskr. 6/2017, ekinn 44 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 7.990.000 kr.**
Rnr. 103845.


**RANGE ROVER EVOQUE HSE**
Nýskr. 3/2016, ekinn 50 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 6.590.000 kr.**
Rnr. 420078.


**LAND ROVER Discovery 5 SE**
Nýskr. 5/2017, ekinn 48 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 10.890.000 kr.**
Rnr. 420016.



**RANGE ROVER VELAR SDV6**
Nýskr. 9/2017, ekinn 15 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 14.990.000 kr.**
Rnr. 420083.



**RANGE ROVER SPORT HSE Dynamic**
Nýskr. 3/2017, ekinn 30 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 14.490.000 kr.**
Rnr. 420077.


**PORSCHE PANAMERA 4 E-HYBRID**
Nýskr. 5/2018, ekinn 14 þús. km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur.
**Verð 13.790.000 kr.**
Rnr. 420084.

ENNEMM / SÍA / NM93734

APPROVED
CERTIFIED PRE-OWNED

Allir bílar sem merktir eru **APPROVED** hafa farið í gegnum gæðaferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla.
Sjón er sögu ríkari – komdu í reynsluakstur strax í dag.

**JAGUAR - LAND ROVER**
Hesthálsi 6-8 / 110 Reykjavík
525 6500 / jaguarlandrover.is

bauhaus.is

# BAUHAUS®

*Við eigum 7 ára afmæli*



*Hefur þú séð nýja afmælisblaðið okkar?*



BOSCH

# 20%
## afsláttur
af öllum rafmagnsverkfærum frá Black&Decker, Stanley Fatmax, Ryobi, Metabo, Fein, Makita og Bosch
m.v. almennt verð

Tilboðin gilda frá þriðjudeginum 30.apríl til og með sunnudeginum 5. maí 2019.

## *Afmælistilboð sem þú mátt ekki missa af!*



# 20%
afsláttur af allri málningu og viðarvörn frá JOTUN
m.v. almennt verð



# 20%
afsláttur af öllum vörum frá Nilfisk
m.v. almennt verð

**MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!**

**OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18**

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

## Verða að kanna notkun piparúða á mótmælendur

**SAMFÉLAG** Nefnd um eftirlit með lögreglu hefur sent erindi Semu Erlu Serdar, fyrir hönd Solaris – hjálparsamtaka fyrir hælisleitur og flóttafólk á Íslandi, til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu til meðferðar. Tilefnið erindisins var framganga lögreglu sem beitti piparúða á mótmælendur sem voru saman komnir á Austurvelli 11. mars.

„Það var ekki fyrr en lögreglan stillti sér upp og fór að ýta við mótmælendahópnum að til ryskinga kom, sem endaði með því að lögreglan beitti piparúða á mótmælendurna,“ segir Sema. Hún segist hafa óskað eftir því við nefndina að framferði lögreglu yrði skoðað. Hún



Sema Erla Serdar.

bað um svör við spurningum um verklagsreglur um notkun á piparúða og hvort lögreglu beri að útvega þeim aðstoð sem fyrir honum verði.

Nefndin ákvað að taka erindið ekki til meðferðar heldur vísaði málinu til meðferðar hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. „Samkvæmt lögum ber lögreglustjóra að taka kvörtunina til meðferðar og taka síðan afstöðu til hennar og skila til nefndarinnar sem síðan getur tekið ákvörðun um að hefja meðferð máls eður ei, þá sérstaklega ef um refsiverða háttsemi er að ræða.“ – **bg**

# Julian Assange dæmdur til nær árslangrar fangelsisvistar

**Ritstjóri Wikileaks segir að hneyksli hafi átt sér stað þegar dómstóll í Lundúnum beitti ýtrustu refsingu við broti Julian Assange, stofnanda Wikileaks, og dæmdi hann í 50 vikna fangelsi. Assange sagði aðþað hafi ekki verið ætlun sín að koma fram við starfsmenn sendiráðs Ekvadors af virðingarleysi.**

**BRETLAND** „Í grunninn snerist þetta mál um hefnd, og það lætur mig missa trú á breska dómskerfinu í þeirri baráttu sem fram undan er.“ Þetta sagði Kristinn Hrafnsson, ritstjóri Wikileaks, í gær þegar hann ávarpaði blaðamenn á tröppunum fyrir utan Southwark Crown-dómhúsið í Lundúnum. Nokkrum mínútum áður hafði dómstóllinn dæmt Julian Assange, annan stofnenda Wikileaks, til 50 vikna fangelsisvistar fyrir að hafa svikist undan tryggingu.

Hinn ástralski Assange, sem er 47 ára gamall, var handtekinn í sendiráði Ekvador í Lundúnum í apríl. Þar hafði hann dvalið síðastliðin sjö ár. Assange leitaði hælis í sendiráðinu árið 2012 til að forðast framsal til Svíþjóðar eftir að hann var kærður fyrir kynferðisbrot þar. Það mál hefur verið fellt niður.

Assange hefur haldið því fram að framsal til Svíþjóðar hefði á endanum fært hann í hendur bandarískra yfirvalda en þau hafa lengi leitað leiða til að hafa í hendur í hári hans vegna birtinga á trúnaðargögnum í gegnum Wikileaks.

Í dómsalnum í gær var bréf sem Assange hafði ritað lesið. Þar



Jennifer Robins, lögmaður Wikileaks, og Kristinn Hrafnsson, ritstjóri Wikileaks, ávarpa fjölmiðla í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

baðst hann afsökunar og sagðist hafa verið í miklum erfiðleikum með þær aðstæður sem hann var í á meðan á dvöl hans stóð í sendiráðinu. Þá ítrekaði hann að það hafi ekki verið ætlun sín að koma fram við starfsmenn sendiráðsins af virðingarleysi. „Ég gerði það sem ég taldi rétt á sínum tíma, þetta var að líkindum það eina sem ég gat gert,“ sagði í bréfi Assange, sem verjandi hans, Mark Summers, las upp.



Julian Assange.

Summers taldi að það ætti að hafa áhrif til mildunar refsingar að Assange hafi verið heltekinn af ótta við að verða framseldur til Bandaríkjanna.

Enn liggur fyrir framsalskrafa Bandaríkjamanna og á eftir að koma í ljós hvort Bretar muni framselja Assange. Framsalskrafan byggir á brotum sem Bandaríkjastjórn telur Assange hafa framið árið 2010 vegna samsæris við Chelsea Manning. Wikileaks birti þá hundruð þúsunda skjala um stríðsaðgerðir, öryggissveitir Íraka og mannfall meðal almennra borgara í landinu. Sú umfjöllun hófst með fréttum sem birtar voru í Ríkisútvarpinu í mars árið 2010.

Jeremy Corbyn, leiðtogi Verkamannaflokksins í Bretlandi, hefur hvatt bresk stjórnvöld til að láta ekki undan kröfum Bandaríkjamanna. **kjartanh@frettabladid.is**





SSANGYONG KORANDO DLX
Nýskráður: 2018 / Dísel.
Sjálfskiptur / Ekinn: 9.000 km.
Verð: 4.190.000 kr.




OPEL INSIGNIA GRAND SPORT INNOVATION
Nýskráður: 2018 / Bensín.
Sjálfskiptur / Ekinn: 23.000 km.
Verð: 3.990.000 kr.

Gott úrval notaðra bíla | benni.is




SSANGYONG REXTON DLX
Nýskráður: 2017 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 57.000 km.
Verð: 4.490.000 kr.




SSANGYONG KORANDO
Nýskráður: 2016 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 141.000 km.
Verð: 2.490.000 kr.
Tilboð: 2.490.000 kr.




SSANGYONG TIVOLI XLV DLX
Nýskráður: 2017 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 50.000 km.
Verð: 2.890.000 kr.
Tilboð: 2.590.000 kr.




SKODA YETI
Nýskráður: 2014 / Dísel
Beinskiptur / Ekinn: 111.000 km.
Verð: 2.290.000 kr.
Tilboð: 1.990.000 kr.




TOYOTA YARIS T-SPORT
Nýskráður: 2007 / Bensín.
Beinskiptur / Ekinn: 75.000 km.
*Einn eigandi frá upphafi.*
Verð: 920.000 kr.




RENAULT CLIO ZEN SPORT
Nýskráður: 2018 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 22.000 km.
Verð: 2.590.000 kr.
Tilboð: 2.290.000 kr.




NISSAN NV200
Nýskráður: 2017 / Dísel
Beinskiptur / Ekinn: 18.000 km.
Verð: 2.190.000 kr.




OPEL AMPERA
Nýskráður: 2012 / Rafmagn.
Sjálfskiptur / Ekinn: 40.000 km.
Verð: 2.490.000 kr.




HYUNDAI I20
Nýskráður: 2011 / Bensín.
Beinskiptur / Ekinn: 121.000 km.
Verð: 690.000 kr.




TOYOTA YARIS ACTIVE PLUS
Nýskráður: 2018 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 38.000 km.
Verð: 2.590.000 kr.
Tilboð: 2.190.000 kr.

* Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl.

Bílabúð Benna | Kíktu í sýningarsali okkar

Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2035

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Opnunartímar:
Virka daga 9-18
Laugardaga 12-16

WWW.BILALAND.IS

# Yfirfarnir bílar á góðu verði

ÁSTANDSSKOÐAÐIR BÍLAR

Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.
Bílarnir okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.




**BMW i3 REX 60ah**
Nýskr. 01/16, ekinn 25 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 3.590.000 kr.**




**TOYOTA Yaris Hybrid**
Nýskr. 01/17, ekinn 22 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 2.490.000 kr.**




**SKODA Octavia Ambition 4x4**
Nýskr. 12/15, ekinn 66 þ.km,
dísil, beinskiptur.
**Verð 2.390.000 kr.**




**VW Golf Trendline**
Nýskr. 06/17, ekinn 80 þ.km,
bensín, beinskiptur.
**Verð 2.190.000 kr.**




**SUBARU Outback Premium Eyesight**
Nýskr. 06/17, ekinn 56 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 4.390.000 kr.**




**NISSAN Juke Acenta 2wd**
Nýskr. 04/17, ekinn 76 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 2.290.000 kr.**




**HYUNDAI Santa Fe III Style**
Nýskr. 01/15, ekinn 92 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 4.390.000 kr.**




**FORD Kuga Titanium Awd**
Nýskr. 05/16, ekinn 77 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 3.690.000 kr.**




**HONDA HRV Elegance**
Nýskr. 03/17, ekinn 20 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 3.190.000 kr.**




**BMW X1 Xdrive 18d Panorama**
Nýskr. 06/14, ekinn 21 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 4.290.000 kr.**

## TILBOÐSBÍLAR

**Valdir bílar á einstöku tilboðsverði.**
**Fyrstur kemur – fyrstur fær!**

Mánaðargreiðsla er gerð samkvæmt reiknivél á lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánaskilmálana á heimasíðu lykill.is. Árlegur hlutfallslegur kostnaður bílalaána frá lykill.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.

Lykill fjármögnun

ENNEMM / SÍA / NM93733




**HYUNDAI i20 Premium**
Nýskr. 10/17, ekinn 12 þ.km,
dísil, beinskiptur.
**Verð 2.390.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**1.990.000 kr.**
***26.158 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*




**RENAULT Clio Zen**
Nýskr. 06/18, ekinn 26 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 2.490.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**1.990.000 kr.**
***26.158 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*




**NISSAN Qashqai Acenta 4wd**
Nýskr. 06/17, ekinn 76 þ.km,
dísil, beinskiptur.
**Verð 3.390.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**2.590.000 kr.**
***33.928 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*




**HYUNDAI Tucson Comfort**
Nýskr. 03/17, ekinn 116 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 3.590.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**2.990.000 kr.**
***39.108 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*




**RENAULT Captur Intens**
Nýskr. 08/16, ekinn 55 þ.km,
dísil, beinskiptur.
**Verð 2.290.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**1.890.000 kr.**
***24.863 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*



- Ástandsskoðun
- Ný vetrardekk
- Allt að 80% lán
- Fjármögnun á staðnum

www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is
**Opið frá kl. 9–18 alla virka daga**
**og laugardaga frá kl. 12–16**

Bílaland – Kletthálsi 11 – 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar – Kauptúni 1 – 210 Garðabæ
Sími 525 8000 – bilaland@bilaland.is

bílaland

# Skilning á alvarleika mála skortir

Gunnþórunn Jónsdóttir
gunnthorunn@frettabladid.is
Ari Brynjólfsson
arib@frettabladid.is



**Fjöldi kvenna leitar skjóls í Kvennaathvarfinu þegar heimilisaðstæður eru hættulegar og ofbeldismaður á heimilinu. Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins, segir að lög um nálgunarbann þurfi að endurskoða. Refsingar við broti gegn því séu of vægar og veikar.**



Eftir að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu tók upp breytt verklag við meðferð á heimilisofbeldismálum hefur tilkynningum til lögreglu fjölgað mikið. Fjölgun tilkynninga gefur ekki endilega merki um að málin séu í raun fleiri en áður heldur að fleiri tilkynni til lögreglu.

Það er hins vegar býsna algengt að konur sem hafa verið í ofbeldissamböndum losni ekki við mennina og það er einnig algengt að ofbeldinu sé hreinlega ekki lokið þó þær slíti sambandinu. Þó að áfangasigrar hafi náðst eins og að komast út af heimilinu, fá skilnað, fá forsjá yfir börnum og eignast sitt eigið heimili og fleira þá er ótrúlega algengt að þær séu ekki lausar.

Það er erfitt að fá hjálp frá hinu opinbera við að losna undan viðjum ofbeldismanna og svokallaðra eltihrella. Þegar um heimilisofbeldi er að ræða er átt við maka, fyrrverandi maka, barn eða ættingja sem beitir ofbeldi en eltihrellir getur verið allt á undan talið eða hver annar sem er sem áreitir viðkomandi.

Úrræði sem í boði er til að sporna gegn heimilisofbeldi eru lög um nálgunarbann og brottvísun af heimili en hvað eltihrella varðar skortir úrræði.

Ofbeldi sem þetta getur tekið á sig ýmsar myndir. Það getur verið líkamlegt, andlegt, kynferðislegt, fjárhagslegt, ofsóknir og fleira. Einnig getur ofbeldið verið þess eðlis að gerandinn minni bara á sig endrum og eins, með því t.d. að hringja, senda sms eða póstkort, leggja bílnum fyrir utan heimilið, senda blóm eða kveðju í gegnum einhvern sem þekkir brotaþola. Stundum getur það hljómað sakleysislega en hefur gríðarlega streituvaldandi áhrif og skapar óttablandnar tilfinningar.

Sigþrúður Guðmundsdóttir er framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins. Hún tekur á móti blaðamanni í Kvennaathvarfinu sem er eins og hlýlegt heimili. Þar eru 12 herbergi fyrir konur sem geta komið þangað og leitað skjóls ef aðstæður á heimilinu eru þess eðlis að ekki sé hægt að búa þar. Lítil stúlka gefur sig á tal við blaðamann og spyr um nafn. Hún segir að bróðir hennar sofi úti í vagni. Það er líklega erfitt fyrir marga að setja sig inn í svona aðstæður sem ekki hafa upplifað þær á eigin skinni. Enda segir Sigþrúður að í svona málum skorti oft skilning til þess að betrumbæta kerfið fyrir fólk sem upplifir heimilisofbeldi.

Sigþrúður segir að um 300-400 konur leiti í Kvennaathvarfið á ári og um 130 konur búa þar á ári en það sé hins vegar langt í frá að vera raunveruleg tala þeirra kvenna sem eru beittar einhvers konar ofbeldi.

Samkvæmt rannsókn frá 2008 eru um 1.500 konur á ári beittar hvers kyns ofbeldi af hálfu maka eða fyrrverandi maka.

„Við hittum eitthvað í kringum 400 konur en það er kannski bara brotabrot af raunveruleikanum. Sumar leita sér aðstoðar annars staðar en svo er stór hópur sem leitar sér hvergi aðstoðar.“

Sigþrúður segir að hægt sé að skipta hóp þeirra sem leitar í Kvennaathvarfið í tvennt, annars vegar konur sem eru í ofbeldissambandi og þurfa aðstoð við að sjá að þær eru í þeirri stöðu og stuðning til að koma sér úr sambandinu eða hreinlega lifa það af. Þeir sem þekkja þær konur hafa e.t.v. ýtt á þær að panta sér tíma í viðtal en þeim finnst þær sjálfar ekki endilega þurfa á því að halda og átta sig ekki á því að um sé að ræða heimilisofbeldi.

„Oft hefur ofbeldismaðurinn talið þeim trú um að þetta sé eitthvað sem þær ýti sjálfar undir. Ofbeldismaðurinn hefur svo gott aðgengi að hugsunum konunnar og því er búið að telja henni trú um alls konar vitleysu. Við skýrum þá út fyrir henni hvað við teljum vera ofbeldi og aðstoðum hana við að ákveða hvað hún vill gera. Sumar eru ekki að fara frá manninum, vilja það ekki eða eru ekki tilbúnar til þess. Þá reyna þær að finna einhverja leið til þess að lifa þetta af eða að komast í gegnum ákveðna tíma og svo taka þær kannski aðra ákvörðun síðar,“ segir Sigþrúður.

Hinn hópurinn sækir í Kvennaathvarfið vegna fyrrverandi maka sem lætur þær ekki í friði.

„Vissulega erum við að mjakast í átt að meiri skilningi fyrir heimilisofbeldi en það gerist of hægt. Sérstaklega hvað börn varðar. Barnæskan er svo stutt og þess vegna þurfa hlutirnir að gerast hratt. Það sem okkur finnst vera skortur á í meðferðum í réttarkerfinu er að forsaga málsins skuli ekki vera sett í samhengi. Þetta er ekki bara einhver pirrandi manneskja sem brotaþoli losnar ekki við, heldur er þetta aðili sem hefur mögulega ógnað lífi manns og jafnvel limum, gert brotaþola hræddan um líf sitt því það er vitað hvað gerandinn getur gert þó hann sé kannski ekki að gera það. Gerandinn veit nákvæmlega hversu langt hann getur gengið án þess að hann lendi í kasti við lögin,“ segir Sigþrúður.

„Þetta geta verið hótanir, ógnanir, eignaspjöll eins og t.d. með því að skemma bíla, eða bara óþægilegar orðsendingar eða skilaboð í gegnum einhverja sem báðir aðilar þekkja.“

Það er því miður ekki oft sem nálgunarbann fæst í gegn í kerf-

Framhald á síðu 14

> **Við hittum eitthvað í kringum 400 konur á ári en það er kannski bara brotabrot af raunveruleikanum.**
>
> Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins



## Nálgunarbann hafði engin áhrif



„Í okkar tilfelli er viðkomandi bara virkilega veikur. Lögreglan er ekki með neinar leiðir til að stöðva svona menn, það þyrfti að vera geðheilbrigðiskerfið,“ segir Hildur Kjartansdóttir. Dóttir hennar, Eva Lóa, mátti þola langvarandi áreiti og líflátshótanir af hálfu eltihrellis. Eva Lóa er nú flutt til Danmerkur, að hluta til svo hún eigi síður von á að mæta manninum.

Mæðgurnar áttu í samskiptum við fjölskyldu mannsins, sem var einnig ráðalaus. „Eins og við upplifðum þetta þá gekk fjölskyldan hans alls staðar á veggi við að reyna að koma honum til aðstoðar. Það var reynt að loka hann inni, en læknar töldu hann ekki nógu veikan. Þau gátu heldur ekkert gert.“

Hildur og Eva Lóa fengu báðar nálgunarbann á manninn, úrræði sem Hildur segir gagnlaust. „Það virkar ekki. Það skiptir engu máli fyrir svona veikan einstakling. Þegar hann reyndi að hafa samband fór dóttir mín eftir fyrirmælum lögreglu og hringdi í Neyðarlínuna, okkur var sagt að símanúmerið væri í sérstökum forgangi. Það hafði engin áhrif. Hún var bara beðin um að hafa aftur samband eftir helgi,“ segir Hildur.

Þær hafa sem betur ekki séð eða heyrt í manninum frá því í ágúst í fyrra þegar hann mætti heim til móður Hildar og hótaði þeim lífláti. „Maður er stöðugt að hugsa um þetta. Þetta er rosalega erfitt. Heilbrigðiskerfið er ekki til staðar fyrir þennan mann. Lögreglan er ekki með heimildir til að takast á við þetta. Það er virkilega slæmt þegar maður er kominn á þann stað að bíða eftir að viðkomandi deyi.“

> **Lögreglan er ekki með neinar leiðir til að stöðva svona menn, það þyrfti að vera geðheilbrigðiskerfið.**
>
> Hildur Kjartansdóttir, móðir


SUNDDAGAR Í ÚTILÍF
2. - 6. MAÍ
20% afsláttur af öllum sundfatnaði og fylgihlutum.*
Þú færð allt fyrir sundið í Útilíf.
20% AFSLÁTTUR
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

# TILVERAN

## Börn og áhrif heimilisofbeldis

Í Kvennaathvarfinu hangir fjöldinn allur af fallegum myndum eftir börn sem hafa dvalið þar í skemmri eða lengri tíma. Óhjákvæmilega fer um mann að sjá og vita til þess að allir þessir litlu listamenn hafi þurft að flýja heimili sín vegna ofbeldis og maður spyr sig hvers konar áhrif það hefur á þau.

„Það hefur gríðarleg áhrif á börn að verða vitni að ofbeldi af einhverju tagi. Það að upplifa skelfingu móður sinnar og vera einhvers konar vopn í þeirri baráttu er slæmt. Þau geta ekki verið viss um að vera óhult í skólanum og óttast það að pabbinn verði fyrri til en mamman að sækja þau. Þetta getur verið gríðarlega íþyngjandi fyrir þau og oft kenna þau sér að einhverju leyti um,“ segir Sigþrúður.




**300**

**Hátt í 300 konur koma í viðtal í Kvennaathvarfinu og Bjarkarhlíð á ári.**

**130**

**Um 130 konur búa í Kvennaathvarfinu ár hvert, ásamt um 70 börnum.**

**Konur dvelja að meðaltali frá 31 degi upp í 11 mánuði í Kvennaathvarfinu.**

## Vill þyngri refsingar

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, ritari Sjálfstæðisflokksins og formaður utanríkismálanefndar Alþingis, gerði breytingar á lögum um nálgunarbann. Hún segir að með þeim sé málsmeðferðin einfaldari, skilvirkni aukin við meðferð mála um nálgunarbann og settar eru reglur um vægari úrræði. „Það á ekki að vera jafn þungt að óska eftir nálgunarbanni og það að setja menn í gæsluvarðhald. Nálgunarbann er tryggingarúrræði ekki þvingunarúrræði – og í nýjum lögum er skerpt á því,“ segir Áslaug Arna. „Úrræðið er mikilvægt en ég hef sagt áður og lagt á það áherslu að næsta skref er að þyngja refsingar við brotum á nálgunarbanni. Það er ótækt að það sé svo léttvægt eins og raun ber vitni að brjóta nálgunarbann.“



**Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.**

## Erlendar konur í meirihluta

Erlendar konur eru í meirihluta þeirra sem koma til dvalar í Kvennaathvarfinu. Í fyrra voru þær rúmlega 60% þeirra sem leituðu þangað en hafa í gegnum tíðina verið um helmingur.

„Það er auðvitað alltof hátt hlutfall miðað við hlutfall erlendra kvenna á Íslandi. En það er kannski ekki endilega af því að þær eru beittar meira ofbeldi, heldur af því að þær hafa síður í önnur hús að venda,“ segir Sigþrúður.

Erlendar konur eru í minnihluta þeirra sem koma í viðtöl en fleiri erlendar konur leita í Kvennaathvarfið til að búa þar. Oftar en ekki eru þær að flýja íslenska menn en stundum samlanda sína. Erlendar konur eru oft í flóknari stöðu, sér í lagi konur utan EES-svæðisins vegna dvalarleyfis en hins vegar eru ákvæði í útlendingalögum sem segja að ef sambandi sé slitið vegna ofbeldis geti þær undir vissum kringumstæðum fengið áframhaldandi dvalarleyfi.

Hvað erlend börn varðar þá hafa þau ekki þetta net sem íslensk börn hafa, eins og t.d. ömmur og afa, frænkur og frændur. Þau eiga bara foreldra sína og móður sem hefur gengið í gegnum hræðilega hluti og þekkja svo engan annan.

„Oftast fá þær áframhaldandi dvalarleyfi en staða þeirra getur hins vegar mjög slæm eftir sambandsslitin þar sem þær eiga erfiðara með að fá menntun sína metna til starfsréttinda og eiga einnig erfiðara með að fá sæmilega borgaða vinnu. Þriðjungur þeirra er með háskólagráðu en það er í raun hending að þær séu að vinna við það sem þær menntuðu sig til, næstum því aldrei. Þá er oft erfitt fyrir þær að fá húsnæði á leigu,“ segir Sigþrúður.

„Það er gjarnan þannig að ef erlendar konur eiga íslenska eiginmenn eða mann sem hefur dvalið lengur en þær á landinu þá hafa þeir verið talsmenn þeirra hér og þar og jafnvel komið þeim í aðstæður sem þær vita ekki um. Skrifað undir lántöku eða látið þær afsala sér eignum og þess háttar. Það setur þær í veika stöðu að þekkja ekki samfélagið og kunna ekki tungumálið. Þeirra staða er ekkert alltaf sérstaklega góð.“




Framhald af síðu 12

inu. Tölur sína það að í fyrra fengu aðeins 5% af konunum sem leituðu í athvarfið nálgunarbann á gerandа sinn. Þá hefur úrræði um nálgunarbann verið gagnrýnt fyrir að vera ekki nógu sterkt.

„Mér finnst úrræðið með nálgunarbann vera svo ofsalega veikt vegna þess að það þarf svo gríðarlega mikið að hafa gengið á og vera svo líklegt að það haldi áfram að ganga á. Ef aðili er búinn að pynta annan á einhvern hátt, hvort sem það er líkamlega, andlega, kynferðislega eða hvernig sem er og viðkomandi er að reyna að koma undir sig fótunum á ný, þá þykir mér eðlilegt að fá nálgunarbann,“ segir Sigþrúður. Hún segir það erfitt að greina hvar vandinn liggi þegar kemur að því að auka öryggi kvenna sem lenda í svona erfiðum aðstæðum, hvort það séu lögin sjálf eða beiting laganna en telur það líklegt að skilning skorti. „Mér finnst vera mikið skilningsleysi á því hvað sakleysislegar uppákomur geta verið mikil ógnun ef þær eru settar í samhengi við það ofbeldi sem konan hefur verið beitt,“ segir Sigþrúður. „Að sumu leyti snýst þetta um inngrip og hafa rökin verið þau að hið opinbera ætti síður að blanda sér inn í einkalíf fólks. Við segjum á móti að það er rosalegt inngrip ef kona þorir ekki út úr húsi. Ég er svo sem sammála því að það þurfi að fara varlega í það að hafa inngrip inn í líf fólks en mér finnst samt sem áður of varlega farið það sem að þetta nálgunarbannsúrræði er ekkert sérstaklega íþyngjandi fyrir gerandа.“

En hvaða þýðingu hefur nálgunarbann?

„Stundum hefur það náttúrulega enga þýðingu en stundum hefur það áhrif. Það myndi hafa sterkari þýðingu ef brot á því hefði raunverulega refsingu í för með sé. Það verður að vera lægri þröskuldur hvað brot á því varðar. Það hefur verið þannig að menn hafa brotið gegn banninu og sett sig í samband við brotaþola án þess að það hafi einhverjar sérstakar afleiðingar.“

Sigþrúður segist vilja sjá nálgunarbannsúrræðið mun sterkara, auðveldara að fá það í gegn og fljótvirkara. Ef brotið sé gegn því hefði það raunverulegar afleiðingar.

„Ég held að það sé það mikilvægasta.“

## Hefði aldrei trúað því að geta lent í svona aðstæðum

„Ég er búin að halda þetta út núna í fjögur ár hugsandi um að þetta muni nú einn daginn taka enda,“ segir þolandi eltihrellis. Konan sem um ræðir hefur þurft að þola það í fjögur ár að vera elt af hættulegum manni með alvarleg sálræn vandamál. Hann er enn að elta hana og áreita fjölskyldu hennar. Talið er að maðurinn hafi elt og sé hugsanlega enn að elta á annan tug kvenna.

Þau áttu í stuttu sambandi fyrir rúmum fjórum árum. Eftir að hún sleit sambandinu fór maðurinn að áreita hana. Hún segir að hann keyri reglulega fram og til baka fyrir utan heimili sitt og fjölskyldumeðlima.

„Hann hefur verið að elta systur mína, mágkonu mína og mág. Hann er að elta þau út í búð. Nú síðast um páskana, þegar ég var að borða með fjölskyldunni minni þá birtist hann á bílaplaninu fyrir utan. Þetta er algjörlega óþolandi,“ segir hún. „Lögreglan vill allt fyrir mig gera en það er lítið sem hún getur gert. Hann er mjög klókur og kann að tala sig út úr öllu. Hann lætur aldrei taka sig við að gera eitthvað ólöglegt. Þegar það er gengið á hann heldur hann því fram að hann sjálfur sé þolandi í málinu.“

Hún hafði aldrei trúað því að geta lent í svona aðstæðum. „Ég las einhvern tímann viðtal við konu sem hafði lent í svona manni. Annars hafði ég bara séð svona í þáttum og bíómyndum. Aldrei datt mér í hug að þetta gæti komið fyrir mig.“

Maðurinn er með einbeittan brotavilja, til þessa hafa allar aðferðir til að fá hann til að hætta aðeins haft tímabundin áhrif. „Auðvitað er ég fúl yfir því að það sé ekki hægt að taka á svona málum almennilega. Ég óttast það mest að hann hreinlega bilist einn daginn.“



# PIER

**20%**





**PORTLAND** sófi. L215 x D85 x H80 cm ~~79.900 kr.~~ Nú 63.920 kr.

**ZABAR** borð. D46 x H52 cm ~~6.990 kr.~~ Nú 5.592 kr.

# 20-50%

## AF ÖLLUM HÚSGÖGNUM

**50%**



**PROVENCE** bekkur. L120 x D41 x H51 cm.
~~29.900 kr.~~ Nú 14.950 kr.

**40%**



**JEVLE** stóll. 64 x 90 x H82 cm.
~~59.900 kr.~~ Nú 35.940 kr.



**DAYTON** stóll. 42 x 55 x H88 cm.
~~19.990 kr.~~ Nú 15.992 kr.

**50%**



**LUNEVILLE** kommóða.
66×40 × 103 cm.
~~49.900 kr.~~ Nú 24.950 kr.



**FENETRE** spegill. 60 x 100 cm.
14.990 kr.



**GISELE** vasi. D23 x H30
4.990 kr.



**VIENESSE** velúr púðar. Margir litir í boði. 1.990 kr.



**LAMPI** silfur með skerm.
19.990 kr.

**30%**



**CILLA** kollur. Þ35 x H40 cm
~~6.990 kr.~~ Nú 4.893 kr.

## www.pier.is

SMÁRATORG - KORPUTORG - SELFOSS

Gildir 2. - 8. maí. *Gildir ekki með öðrum tilboðum.

# Afleiðingar heimilisofbeldis

Sá sem býr við ofbeldi, hverju nafni sem það kann að nefnast, er líklegur til að finna fyrir einkennum þessa vegna. Það getur stundum komið fram löngu síðar, og einnig í þá veru að það sitji í viðkomandi og hann þurfi mikla aðstoð til að komast yfir það. Það má segja að við tengjum auðveldlega við líkamlegt ofbeldi þar sem það er iðulega vel sýnilegt ef áverkar eru fyrir hendi. Mar, blæðing, brot eða jafnvel verulegar limlestingar fara almennt ekki fram hjá neinum. Kynferðislegt ofbeldi er andstyggilegt og oftsinnis lengi dulið. Andlegt ofbeldi og lítillækkun getur verið erfitt að greina. Sálrænar afleiðingar ofbeldis vara iðulega mikið lengur en marið er að hverfa.

Þeir sem búa við heimilisofbeldi geta verið bæði karlar og konur og auðvitað börnin líka sem fara ekki varhluta af því sem fram fer á heimili þeirra. Fyrir utan hið augljósa er það vanlíðan og aukið spennustig sem myndar óöryggi, skapar svefntruflun, skapgerðarbreytingar og ýmislegt fleira. Þessu fylgir iðulega kvíði og ræsing streitukerfisins yfir lengri tíma getur veikt mótstöðuafl okkar líkt og við þekkjum af álagstímabilum og slíkt getur skapað jarðveg fyrir sjúkdóma af ýmsum toga og þar á meðal krabbamein.

Það að lifa í ótta við aðstæður í sínu nánasta umhverfi er skemmandi. Oft fylgir þessu mikil skömm og yfirhylming sem gerir vandamálið enn verra og sá sem beitir ofbeldinu getur styrkst á sama tíma þar sem hann eða hún er ekki stöðvuð. Við þekkjum þær sögur kvenna sem þurfa að flýja heimilið með börnin vegna ofbeldis. Þegar um er að ræða börn er málið sérstaklega viðkvæmt og þau kunna ekki að segja frá með sama hætti og sá fullorðni. Þá kemur til þess að meta breytt hegðunarmynstur, jafnvel að átta sig á minniháttar áverkum sem koma reglulega upp.

Þeir sem starfa við umönnun og í heilbrigðisþjónustu eru sérþjálfaðir í því að átta sig á þeim teiknum sem eiga að vekja athygli þeirra og kalla fram frekara mat. Stundum koma þessi atriði fram fyrir tilviljun til dæmis við röntgenmynd þar sem eru greinilega sýnilegir áverkar á beini án þess að það sé saga um brot svo dæmi séu tekin, húðblæðingar og marblettir sem eru misgamlir og á stöðum þar sem maður fær sjaldnar marbletti líkt og á báðum upphandeggjum samtímis og þannig mætti lengi telja. Líka er mikilvægt að átta sig á kynferðislegu ofbeldi en þar geta komið fram margvísleg einkenni sem í fyrstu væru ekki talin vera afleiðing af ofbeldi eða áföllum. Slík einkenni geta verið breyting á hægðavenjum og tregða, að barn sem var orðið þurrt byrji aftur að væta rúmið, líðan sé flöt og ánægjulaus, mynstur breytist í nærveru ákveðinna aðila. Það er ekki nóg að fagaðilar séu meðvitaðir, þeim heyrir reyndar til ákveðin tilkynningaskylda. Það verða allir að vera á vaktinni og taka til sinna ráða til að reyna að stemmu stigu við og helst stöðva ofbeldi hverju nafni sem það nefnist.

**Við þekkjum þær sögur kvenna sem þurfa að flýja heimilið með börnin vegna ofbeldis.**



Teitur Guðmundsson
læknir
Doktor.is



# Skrefin eru oft þung

**Berglind Eyjólfsdóttir, rannsóknarlögreglukona í Bjarkarhlíð, segir að mál sem snúi að hvers kyns heimilisiofbeldi og eltihrellum séu afar erfið.**

Þetta eru rosalega erfið mál og oft orð gegn orði. Við brot sem eiga sér stað inni á heimili eru sjaldan vitni. Stundum eru börn einu vitnin og stundum eru börnin ómálga hvítvoðungar. Þegar kemur að öðru því tengdu, líkt og hótunum sem ekki eru skriflegar eða þegar gerandi njósnar og lætur vita af sér eða eitthvað slíkt þá er oft erfitt að sanna það," segir Berglind.

„En ekki má gera lítið úr því að hræðslan er vissulega til staðar og ógnin er til staðar og upplifun þess sem verður fyrir þessu er mikil. Vanmátturinn verður meiri því manneskjan uppgötvar það að hún hefur ekkert til að sýna fram á að brotið hafi verið framið. Oft eru þetta einstaklingar sem koma vel fyrir út á við en innan veggja heimilisins er gríman tekin niður."

Eftir að Berglind tók til starfa í Bjarkarhlíð fyrir tveimur árum er hún í miklu návígi við brotaþola og fær því dýpri sýn á veröld þeirra. „Ég sé að þau sem leita hingað eru mörg hver svo ofboðslega brotin og tætt eftir svona. Andlegt ofbeldi er ekki síður alvarlegt. Þó að brotaþoli hafi ekki fengið marblett þá eru orðin og viðmót sem notað er gegn brotaþolanum svo gríðarlega sterkt. Viðkomandi getur ekki slakað á og þarf alltaf að vera á varðbergi. Það er ansi erfitt."

Aðspurð hvað Berglind telur að mætti bæta kerfið segir hún að mikilvægast sé að huga að öryggi brotaþola og styðja þá í hverju skrefi.

„Það er okkar í lögreglunni að bregðast við. En því miður er oft staðan þannig að erfitt er að sanna að brotið hafi átt sér stað. Þegar lögregla er kölluð á vettvang vegna heimilisofbeldis þá er kallað til rannsóknarlögreglumanns og barnaverndar ef börn eru á heimilinu. Lögreglan hefur þá rannsókn. En ef brotaþoli leitar til lögreglu seinna vegna heimilisofbeldis þá þarf sá hinn sami að leggja fram kæru," segir Berglind.

Í lögum um nálgunarbann og brottvísun af heimili kemur fram að sé rökstuddur grunur um að sakborningur hafi framið refsivert brot eða raskað á annan hátt friði brotaþola eða að hætta er á að viðkomandi brjóti gegn brotaþola er heimilt að beita nálgunarbanni. Nálgunarbanni er ætlað að bæta réttarstöðu þolenda heimilisofbeldis og annarra þolenda ofbeldis og ofsókna. Markmiðið er að vernda þann sem brotið er á og fyrirbyggja frekara ofbeldi. Með ört vaxandi tækniþróun nýtist nálgunarbann einnig til að koma í veg fyrir að einstaklingur sé áreittur með rafrænum hætti, svo sem í gegnum samfélagsmiðla, tölvupóst o.fl.

„Það er mjög erfitt fyrir marga að leggja fram kæru þegar um er að ræða maka eða barnsföður eða -móður. Það er skiljanlegt. En stundum þarf lögregla að grípa inn í og það getur verið betra. Hins vegar þarf að hugsa um heildarmyndina. Við vinnum alltaf á forsendum þeirra sem koma til okkar. Þegar fólk er í þessari stöðu þá er allt vald tekið frá því og þær reglur sem gilda í eðlilegum samskiptum gilda ekki."

Aðspurð hvað hún telur að mætti bæta kerfið segir hún að mikilvægast sé að huga að öryggi brotaþola og styðja þá í hverju skrefi.

„Það fyrsta sem ég myndi vilja sjá er að það yrði lögfest að réttargæslumaður myndi fylgja brotaþola í öllu ferlinu, líkt og í kynferðisbrotamálum. Þá getur réttargæslumaðurinn ráðlagt viðkomandi hvað sé best að gera í stöðunni. Þau eru nefnilega þung skrefin inn á lögreglustöðina til þess að kæra."

Berglind hvetur brotaþola til að eyða engum gögnum sem viðkomandi hefur í höndunum. „Það er svo mikilvægt að reyna að gera allt til að afla sér sönnunargagna, geyma allt og þannig tryggja eigið öryggi. Þá er alltaf auðveldara að ná að stöðva gerandann. Allir geta leitað til Bjarkarhlíðar og fengið viðtal og ráðgjöf. Við erum með ýmsar ráðleggingar fyrir brotaþola um hvað er hægt að gera til að auka öryggi. Brotaþolar þurfa ekki fara í gegnum þetta einir."

### Tölfræði frá Bjarkarhlíð

**479** einstaklingar leituðu til Bjarkarhlíðar 2018




**Þjóðerni**



87% Íslendingar
6% erlent þjóðerni innan Evrópu
7% erlent þjóðerni utan Evrópu

**Aldur**



34% 18-29 ára
30% 30-39 ára
36% 40 ára og eldri

**Eðli ofbeldisins**

| | |
|---|---|
| Heimilisofbeldi | 53% |
| Kynferðislegt ofbeldi | 20% |
| Andlegt ofbeldi | 19% |

■ Þessi flokkun getur skarast og hluti t.d. heimilisofbeldis getur verið allt í senn kynferðislegt, andlegt og líkamlegt

**Flest mál sem komu inn á borð Bjarkarhlíðar árið 2018 voru heimilisofbeldismál eða um 80% í tengslum við það**

**Gerendur**

| | |
|---|---|
| Núverandi maki | 13% |
| Fyrrverandi maki | 47% |
| Barn brotaþola | 2% |
| Ættingi | 17% |

**Það er mjög erfitt fyrir marga að leggja fram kæru þegar um er að ræða maka eða barnsföður eða -móður.**



Berglind Eyjólfsdóttir, rannsóknarlögreglukona í Bjarkarhlíð



# STELPURNAR BLÓMSTRA Í VAL

## Íslandsmeistarar, bikarmeistarar og deildarmeistarar í handbolta og körfubolta 2019

origo. BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur Europcar NA NORÐURÁL macron Coca-Cola ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN N1

# TILVERAN

## Hóta öllu illu vegna vélarinnar

Dulbúnum hótunum um búsifjar íslenskra flugfélaga og annarra íslenskra fyrirtækja sem selja ferðir til og frá Bandaríkjunum eru meðal þeirra meðala sem beitt er í deilum bandaríska flugvélaleigufyrirtækisins Air Lease Corporation (ALC) og Isavia. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins. Eru erindrekar félagsins einnig sagðir gefa stjórnendum Isavia til kynna að spjótum kunni að verða beint að þeim persónulega vegna málsins.

Málið varðar flugvél í eigu ALC sem WOW air hafði á leigu en Isavia hefur kyrrsett vegna vangoldinna lendingar- og annarra flugvallagjalda flugfélagsins.

ALC heldur því meðal annars haldið fram að engin lagaheimild sé fyrir kyrrsetningu vélarinnar þar sem flugfélagið hafi ekki haft umráð yfir vélinni þegar félagið var úrskurðað gjaldþrota. Einnig er gagnrýnt að Isavia hafi ekki gripið fyrr í taumana vegna vanefnda á greiðslu gjaldanna. Með athafnaleysinu hafi Isavia farið í bága við eigin reglur.

## Harmleikur hálfbræðra

Gunnar Jóhann Gunnarsson er talinn hafa myrt hálfbróður sinn Gísla Þór Þórarinsson en hann játaði við handtöku að hafa skotið Gísla Þór til bana að morgni laugardags í Mehamn í Noregi. Gunnar heldur því fram að um slys hafi verið að ræða.

Lögreglu í Mehamn í Noregi barst tilkynning klukkan hálf sex á laugardagsmorgun að skoti hafi verið hleypt af í heimahúsi í bænum. Á vettvangi fannst Gísli Þór alvarlega særður og hófust endurlífgunartilraunir þá þegar. Þær báru ekki árangur og var hann úrskurðaður látinn skömmu síðar.

Gunnar og annar Íslendingur sem tengist málinu voru handteknir á nærliggjandi stað skömmu síðar og færðir í fangaklefa, grunaðir um ódæðið. Gunnar segist þó ekki hafa ætlað að hleypa af. Lögreglan gaf það út í vikunni að Gunnar hafi verið í nálgunarbanni gagnvart Gísla Þór og að hann hafi áður haft í hótunum við hann.

**» Gunnar heldur því fram að um slys hafi verið að ræða.**






# Vikan

**Hótanir frá Bandaríkjunum, Assange í fangelsi og harmleikur í Noregi er meðal þess sem var í fréttum vikunnar. Auk þess er Klaustursgengið hvergi nærri hætt.**





## Klaustursgengið vill upplýsingar um Báru

Lögmaður fjögurra þingmanna Miðflokksins hefur krafist þess að fá upplýsingar frá fjármálafyrirtækjum um greiðslur inn á reikning Báru Halldórsdóttur á tímabilinu 15. nóvember til 15. desember. Lögmaðurinn hefur lagt fram kröfu um aukna gagnaöflun í málinu.

Klaustursmálið svokallaða hefur verið til umfjöllunar hjá Persónuvernd frá því um miðjan desember, en þá krafðist lögmaðurinn, Reimar Snæfells Pétursson, þess að rannsakað yrði hver hefði staðið að hljóðupptökunni á barnum Klaustri. Reimar hefur nú lagt fram aðra kröfu en hún snýr að frekara vöktunarefni úr öryggismyndavélum Klausturs og Kvosarinnar Downtown hotels, að því er fram kemur á vef RÚV. Jafnframt er krafist upplýsinga um greiðslur inn á reikning Báru.

„Ég er hætt að skilja hvernig þetta fólk hugsar,“ segir Bára í samtali við Fréttablaðið.

**„Ég er hætt að skilja hvernig þetta fólk hugsar.**

Bára Halldórsdóttir

## Julian Assange dæmur í 50 vikna fangelsi

Julian Assange, stofnandi Wikileaks, er dæmdur í 50 vikna fangelsi fyrir að hafa rofið tryggingu þegar hann sótti um pólitískt hæli í Ekvador.

Fréttablaðið greindi frá því í apríl að Assange hefði verið handtekinn í sendiráði Ekvador í Lundúnum þar sem hann hefur dvalið síðastliðin sjö ár. Þetta gerði hann til þess að forðast framsal til Bandaríkjanna, sem hafa lengi haft horn í síðu hans. Upphaflega leitaði hann á náðir sendiráðsins þegar hann var kærður fyrir kynferðisbrot í Svíþjóð. Það mál var fellt niður.

Assange skrifaði bréf sem lesið var upp í dómsalnum. Þar baðst hann afsökunar og segist hafa verið í erfiðleikum með aðstæður sínar í sendiráðinu. Hann hafi ekki ætlað sér að koma fram við starfsmenn sendiráðsins af slíku virðingarleysi.

# Fasteign vikunnar

**úr Fasteignablaði Fréttablaðsins**











**Fasteignasalan TORG hefur á sínum snærum Löngulínu 2a. Glæsilega og nýlega innréttaða 174,6 fm 4 herbergja íbúð á 4. hæð með tveimur stórum svölum til suðurs og norðurs. Glæsilegt útsýni yfir borgina. Tvö bílastæði fylgja með í bílageymslu. Vandaður frágangur er á íbúðinni og var hún öll innréttuð og kláruð 2018. Flutt var fyrst inn í íbúðina 2018. Eignin skiptist í: forstofu, gang, stofu, borðstofu, eldhús, gestasnyrtingu, tvö herbergi, hjónaherbergi með fataherbergi inn af, baðherbergi, þvottahús ásamt geymslu í kjallara.**

# Ella's kitchen

100% lífræn




Auðvelt að grípa í

Engin aukaefni

Gómsæt og ljúffeng



# Dólgafemínismi



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Það er alkunna að ofstækisfull barátta skaðar málstað fremur en að vinna honum gagn. Þetta mættu dólgafemínistar, sem koma sér iðulega í hlutverk geltandi varðhunda, hafa í huga. Í herbúðum þeirra væri ráð að sýna meiri yfirvegun og skynsemi í stað þess að koma sér samstundis í árásarstellingar hagi einhver máli sínu ekki eins og þessum dólgafemínistum þóknast. Það er dapurlegt að fylgjast með öfgafemínistum, sem koma óorði á hinn femíniska málstað, steypa sér hlakkandi yfir bráð sína. Bráðin er nær undantekningarlaust karlmaður – það segir sig sjálft – oft miðaldra eða eldri en það og stimplaður sem karlfauskur sem skilur ekki samtímann og því skal honum ekki hlíft.

Hildur Lilliendahl er ein af þeim dólgafemínistum sem stendur vaktina af mikilli samviskusemi. Orði einhver hlutina ekki nákvæmlega eins og henni líkar fær sá hinn sami yfirhalningu sem síðan er yfirfærð á hóp karlmanna sem eru afgreiddir eins og þeir séu fremur viðbjóðsleg fyrirbæri, sannir skaðvaldar í þessum heimi.

Það þótti því bera vel í veiði þegar fréttist af því að á sumarhátíð Alþingis í Kaupmannahöfn hefðu einungis verið karlmenn. Dólgafemínistarnir vita að karlmenn kunna að rotta sig saman og gera sér glögga grein fyrir því að þá er ekki von á góðu. Hildur stóð vaktina af stakri samviskusemi og greip feginshendi orð sem Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, lét falla í ræða á sumarhátíðinni. Hann sagði að málþóf ætti ekkert skylt við málfrelsi. Það er nokkuð til í því hjá honum. Hann bætti svo við að nauðgun ætti ekkert skylt við kynfrelsi. Nokkuð sem erfitt er að vera ósammála. Ekkert í þessum orðum hans var þess eðlis að ástæða væri til að ærast yfir þeim. Hildi tókst það samt, enda þaulvön að æsa sig af litlu tilefni og líður yfirleitt einkar vel í því hlutverki. Hún sagði Helga hafa líkt nauðgun við málþóf. Einhverjir urðu svo vitanlega til að taka undir með henni og hella sér yfir Helga. Helgi var þó alls ekki að líkja nauðgun við málþóf. Hann var að bera saman tvo hluti, málþóf og málfrelsi annars vegar og nauðgun og kynfrelsi hins vegar. Það er því ansi langsótt að segja að hann hafi verið að halda því fram að nauðgun ætti skylt við málþóf. Hildi tókst þó rækilega að snúa út úr orðum hans við ærandi fagnaðarhróp stuðningsfólks síns.

Nýjasta innlegg Hildar í femíniska baráttu er Tvitter færsla þar sem hún birti myndir af níu fyrrverandi ráðherrum með orðunum: „Ríða, drepa, giftast?“ Allir eru ráðherrarnir karlmenn, komnir vel á aldur. Konum er þarna gefið val um hvað þær vilja gera við þá.

Enginn þarf að efast um að ef karmaður hefði birt myndir af þekktum konum með þessari sömu yfirskrift hefði hann kallað yfir sig almenna fordæmingu og verið stimplaður sem kvenhatari af verstu sort. En þegar kona opinberar fyrirlitningu sína á karlkyninu vekur það ekki mikla athygli, sumum þykir gjörð hennar jafnvel sniðug.

**Þegar kona opinbera fyrirlitningju sína á karlkyninu vekur það ekki mikla athygli.**





## Halldór





## Frá degi til dags

**Eldræða Sólveigar**
Hafi einhverjir haldið að skollið væri á rólegt friðartímabil á vinnumarkaði í kjölfar þess að lífskjarasamningurinn hefur tekið gildi, hefði sá hinn sami þurft að vera á Ingólfstorgi á baráttudegi verkalýðsins. Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, hélt þar mikla eldræðu sem virtist fara mjög vel ofan í viðstadda. Hún talaði meðal annars um að forherðingin og firringin sem birst hafi verkalýðshreyfingunni í vetur hafi verið ógeðsleg en henni bæri samt að fagna. Þau sem telji sig hafa endalaus völd til að ákveða lífsskilyrði og afkomu verkalýðsins hefðu verið opinberuð sem vanstilltir loddarar.

**Keppni í róttækni**
Á sama tíma og formleg hátíðardagskrá fór fram á Ingólfstorgi fór fram annar fundur í nágrenninu sem var þó heldur fámennari. Á Lækjartorgi boðuðu sex félagasamtök til róttæks 1. maí undir yfirskriftinni „Ögrum samfélagssáttmálanum“. Þar voru ekki síður haldnar eldræður og áköll um endalok þeirra hamfara sem kapítalisminn færir yfir jörðina. Hafi borgarastéttin hætt sér nálægt miðborg Reykjavíkur í gær er bara að vona, meðlima hennar vegna, að fólk hafi frekar hlustað á hina hófstilltu Sólveigu Önnu.

sighvatur@frettabladid.is

# Klárum verkið



Ingimundur Gíslason
augnlæknir

Þeir sem koma inn í glæsilegan Eldborgarsalinn í tónlistarhúsinu Hörpu taka fljótlega eftir stóru kassalaga innskoti ofarlega á endavegg salarins ofan við hljómsveitarpallinn. Kassinn er ekki fyrir miðju heldur aðeins til vinstri frá áhorfendum séð. Þarna var fyrirhuguðu orgeli ætlaður staður fyrir rúmlega 10 árum.

Svo kom efnahagshrunið mikla sem skall á þjóðinni á haustdögum 2008 og hafði skelfilegar afleiðingar í samfélaginu. Bygging tónlistar- og ráðstefnuhúss í Reykjavík stöðvaðist í miðju kafi. Sem betur fer náðist samstaða á milli ríkis og borgar um að halda framkvæmdum áfram. Næstum því fullbúið tónlistarhús var tekið í notkun í maí árið 2011. Þó var eitt sem ekki hafði tekist að ljúka við. Það vantaði fyrirhugað orgel í stærsta salnum, Eldborg. Engir peningar voru til orgelkaupa og síðan þá blasir við efri hluti endaveggjar eins og hér er lýst. Verkinu er sem sagt ólokið.

Orgel í Eldborg yrði eitt hljóðfæra í eða með hljómsveit. Ekki einleikshljóðfæri nema í undantekningartilvikum. Fjöldi sinfónískra tónverka eru til sem ekki er hægt að flytja í Hörpu án orgels. Svo sem Alpasinfónía Richards Strauss og Orgelsinfónía eftir Saint-Saëns . Til eru margir konsertar fyrir orgel og hljómsveit og má þá nefna eitt dæmi okkur tengt, op. 7 eftir Jón Leifs. Orgel í salnum gæti líka orðið tónskáldum hvatning til að semja tónverk fyrir orgel og hljómsveit

Sinfónískt orgel þyrfti að vera af ákveðinni stærð en ekki endilega með mörg þúsund pípur. Í Hallgrímskirkju höfum við stórt, frábært orgel sem hentar mjög vel sem einleikshljóðfæri. Þannig yrði orgel í Hörpu ekki í samkeppni við orgel Hallgrímskirkju.

Vel hönnuð framhlið orgels yrði prýði fyrir salinn og gæti þannig glatt augu og eyru tónleikagesta. Hljóðfærið ætti ekki að hindra sviðsetningu óperu.

Ráðstefnu-og tónleikahúsið Harpa getur orðið eins konar musteri tónlistar á Íslandi. Ljúkum smíði þess. Þá fyrst geta Íslendingar talist alvöru menningarþjóð.

**Ráðstefnu-og tónleikahúsið Harpa getur orðið eins konar musteri tónlistar á Íslandi. Ljúkum smíði þess.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Brasilía við vatnaskil

Í DAG

Þorvaldur Gylfason

Sao Paulo – Brasilía er fimmta stærsta og fjölmennasta land heims. Aðeins Rússland, Kanada, Bandaríkin og Kína eru stærri að flatarmáli. Aðeins í Kína, Indlandi, Bandaríkjunum og Indónesíu býr fleira fólk.

Portúgalar fundu Brasilíu 22. apríl 1500, átta árum eftir að Kristófer Kólumbus tók land í Mið-Ameríku 1492. Portúgalar stofnuðu nýlendu í Brasilíu og stóð sú skipan þar til Brasilíumenn tóku sér sjálfstæði 1822. Flest önnur Suður-Ameríkulönd brutust undan yfirráðum Spánverja um svipað leyti og tóku sér sjálfstæði. Leið þá nýlenduveldi Portúgala og Spánverja í Suður-Ameríku undir lok um 130-140 árum á undan nýlenduveldi Breta og Frakka í Afríku og Asíu.

Þrjú smálönd á norðurströnd Suður-Ameríku fóru aðra leið. Gvæjana sem hét áður Brezka Gvæjana tók sér ekki sjálfstæði frá Bretum fyrr en 1966. Súrínam sem hét áður Hollenzka Gvæjana tók sér sjálfstæði 1975. Franska Gvæjana er ennþá frönsk nýlenda og sýnir ekkert fararsnið á sér undan yfirráðum Frakka. Þannig er Suður-Ameríka. Þar er allt til í dæminu.

**Fjölmenning**

Brasilíumenn eru nú 208 milljónir talsins. Fólksmergðin er fjölbreytt. Brasilíumenn rekja uppruna sinn til Evrópu, Afríku og Austur-Asíu auk Indjána og Araba. Hvítir menn, afkomendur Portúgala, Ítala, Spánverja og Þjóðverja, eru tæpur helmingur mannfjöldans (48%). Fjórir af hverjum tíu þrælum sem voru fluttir vestur um haf frá Afríku lentu í Brasilíu. Afkomendur þrælanna hafa blandazt öðrum íbúum landsins í ríkari mæli en t.d. í Bandaríkjunum. Minna ber því á kynþáttafordómum og mismunun af þeirra völdum í Brasilíu en í Bandaríkjunum. Blandaðir íbúar Brasilíu eru kallaðir brúnir og nema um 43% mannfjöldans og blökkumenn 8%. Íbúar af asískum uppruna eru rösklega 1% af heildinni og innfæddir Indjánar innan við 1% enda stráféllu forfeður þeirra og mæður eftir landnám Portúgala úr sjúkdómum sem Portúgalarnir báru með sér og ónæmiskerfi frumbyggjanna réð ekki við fyrir nú utan allar blóðsúthellingarnar.

Brasilía vitnar um getu manna af ólíkum uppruna til að lifa saman í sæmilegri sátt og friði. Samt er bilið milli ríkra og fátækra breiðara en víðast hvar annars staðar í álfunni og heiminum öllum og veldur togstreitu og úlfúð milli samfélagshópa en heimamenn hafa samt haldið friðinn nema þegar herinn brauzt til valda 1964 og hélt þeim með harðri hendi í 20 ár. Hernum tókst með klókindum að koma herforingjunum undan lagalegri ábyrgð á grófum mannréttindabrotum ólíkt því sem gerðist í Argentínu, Úrúgvæ, Síle og Perú.

**Framkvæmdir við sumarbústað (!)**

Nýr forseti Brasilíu, Jair Bolsonaro, tók við embætti í ársbyrjun. Hann er allur á bandi Trumps Bandaríkjaforseta, mærir gömlu herforingjastjórnina og aðrar slíkar og segist heldur vildu eiga dauða syni en samkynhneigða. Hann náði kjöri þar eð Lula da Silva fv. forseti var sviptur réttinum til að bjóða sig fram og situr í fangelsi fyrir fjárböðun og mútuþægni, nánar tiltekið fyrir að hafa látið mútuveitandann bera kostnaðinn af framkvæmdum við sumarbústað sinn (þú last þetta rétt). Skoðanakannanir fyrir kosningar í fyrra bentu til að Lula myndi ná kjöri á ný þrátt fyrir spillingarmálin sem hann var bendlaður við. Hann segir úr fangelsinu að vitfirringar stjórni nú landinu. Ekki færri en 150 brasilískir stjórnmálamenn og viðskiptafélagar þeirra hafa fengið fangelsisdóma í mesta mútuhneyksli sem sögur fara af í Suður-Ameríku. Í þeim hópi eru m.a. þrír fv. ríkisstjórar í Ríó-héraði sem sitja nú inni vegna spillingar.

**Réttarkerfið og raddir fólksins**

Hvernig gat þetta gerzt? Hvaða slys hafði borið að höndum?

Það sem gerðist var að nýir, vaskir saksóknarar töldu tíma vera kominn til að háir og lágir væru jafnir fyrir lögum. Venjulegt fólk í Brasilíu er langþreytt á landlægri spillingu og fagnar þessum umskiptum. Svipað hefur gerzt í mörgum öðrum Suður-Ameríkulöndum, t.d. í Perú þar sem einn fv. forseti, Alberto Fujimori, situr inni og annar, Alan Garcia, svipti sig lífi um daginn frekar en að sæta handtöku vegna gruns um mútuþægni. Trump forseti sætir nú um 20 sjálfstæðum rannsóknum frá Kaliforníu til Virginíu og New York vegna gruns um ýmis lögbrot, gruns sem margir telja jaðra við vissu. Benjamín Netanyahu, nýendurkjörinn forsætisráðherra Ísraels, stendur í svipuðum sporum og það gera æ fleiri stjórnmálaforingjar um allan heim.

Gallup gefur Brasilíu lága einkunn fyrir spillingu því þar sögðust 63% aðspurðra telja spillingu útbreidda í stjórnmálum landsins 2012 borið saman við 67% í Síle (eins og á Íslandi), 76% í Argentínu og 81% í Perú.

Fólkið hefur fengið sig fullsatt af spillingu. Réttarkerfið heyrir nú loksins raddir fólksins.



# Ljósmæðrafélag Íslands og karlarnir



**Erla Doris Halldórsdóttir**
doktor í sagnfræði og hjúkrunarfræðingur

Í dag fagnar Ljósmæðrafélag Íslands 100 ára afmæli sínu. Félagið var stofnað 2. maí árið 1919 og voru stofnfélagar 20 konur, allt lærðar ljósmæður. Félagið er fyrsta félag faglærðra kvenna á Íslandi. Félagar í Ljósmæðrafélagi Íslands hafa hingað til eingöngu verið konur enda fá eingöngu lærðar ljósmæður inngöngu og enn sem komið er hefur aðeins einn karlmaður lært til ljósmóður en það var árið 1776. Þó á Ljósmæðrafélag Íslands karlmann að heiðursfélaga, Harald Pétursson, sem var gerður að heiðursfélaga í því árið 1979. Haraldur tók saman mikið safn handrita, sem geymdu á annað þúsund nöfn og æviskrár ljósmæðra frá árinu 1761. Þær upplýsingar eru varðveittar í ljósmæðratali, Ljósmæður á Íslandi. Þar eru nöfn 1626 einstaklinga, þar af níu karlmanna, sem sinntu ljósmóðurstörfum hér á landi rétt eftir miðja 18. öld og fram til loka 19. aldar.

**Hvers vegna sækja karlar ekki í ljósmæðranám?**

Konur en nú farnar að sækja inn í rótgrónar karlastéttir í nokkrum mæli og þær vekja ávallt athygli og sá karlmaður í stétt hjúkrunarfræðinga sem myndi sækja um ljósmóðurnám myndi eflaust einnig vekja mikla athygli. Er það vegna þessarar athygli sem enginn karlmaður sækir um að komast í ljósmóðurnám á Íslandi?

Ljósmóðurstarfið er rótgrónasta kvennastarf sem fyrirfinnst. Þegar yfirsetukvennaskóli tók til starfa í Reykjavík árið 1912 voru ákvæði um að umsækjendur að skólanum yrðu að vera konur og það sama gilti þegar Ljósmæðraskólinn tók til starfa árið 1933. Þegar lögin um hann voru numin úr gildi með lögum um Ljósmæðraskóla Íslands árið 1964 var í fyrsta skipti notað hugtakið „nemendur“ í stað „konur“ um umsækjendur. Orðið „kona“ kom ekki fyrir í þeim lögum. Þrátt fyrir þessa breytingu fann enginn karlmaður á Íslandi sig knúinn til að sækja um að komast í námið. Tilgangurinn með fyrstu jafnréttislögum hér á landi, lögum um jafnrétti kvenna og karla árið 1976, var að stuðla að jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla, bæði til atvinnu og menntunar. Þrátt fyrir það sótti enginn karlmaður heldur um að komast í námið í kjölfar þeirra laga. Árið 1982 varð gerð krafa um próf í hjúkrunarfræði til að komast í ljósmæðranám hér á landi – sem varð ekki neitt frekar til þess að karlkyns hjúkrunarfræðingar sæktu um að komast í námið.

**Fyrsti karlkyns ljósmóðir í Noregi**

Í Noregi varð hjúkrunarfræði á sama hátt undanfari ljósmóðurnáms 10 árum áður, eða árið 1972, og þá gátu karlkyns hjúkrunarfræðingar hafið nám í ljósmóðurfræði þar í landi í fyrsta sinn. Gömul ljósmæðralög frá 1898 voru þá numin úr gildi með því að fella niður orðið „kona“ þegar fjallað var um umsækjendur að ljósmæðranámi og í staðinn sett orðið „hjúkrunarfræðingur“. Árið 1974 ákvað ungur norskur karlmaður sem var hjúkrunarfræðingur, Jan Bakke að nafni, að sækja um að komast í ljósmóðurfræði við ljósmæðraskólann í Björgvin í Noregi. Hann hafði kynnst störfum ljósmæðra og fannst þau heillandi. Jan Bakke lauk ljósmæðranámi í Noregi árið 1978 og telst fyrstur til að ljúka ljósmæðranámi þar í landi. Eiginkona hans, Kirsti Bakke, er einnig ljósmóðir og eru þau fyrstu og einu hjónin í Noregi sem eru bæði menntaðar ljósmæður. Norðmenn hafa ekki breytt starfsheiti ljósmæðra þrátt fyrir tilkomu karla í stéttina og hefur Jan sama starfsheiti, jordmor, og kvenkyns ljósmæður. Í tilefni af 100 ára afmæli Ljósmæðrafélags Íslands koma hjónin hingað til lands til að fagna með íslenskum kollegum sínum. Þann 5. maí nk., á alþjóðadegi ljósmæðra, verður opnuð sýning sem ber heitið „Við tökum vel á móti þér“ í Þjóðarbókhlöðunni og eru það Ljósmæðrafélag Íslands, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og Kvennasögusafn Íslands sem standa að sýningunni. Við opnun sýningarinnar heldur Jan Bakke erindi um reynslu sína sem fyrsta karlkyns starfandi ljósmóðirin í Noregi og lýsir hann meðal annars því aðkasti sem hann varð fyrir í störfum sínum, hvort sem það var af hendi vinnufélaga sinna – ljósmæðra, fæðandi mæðra eða almennings. Í ljósi reynslu Jans má spyrja hvort viðbrögðin við veru hans í ljósmæðrastétt séu til marks um að konum hafi þótt hann gera um of innrás í heim sinn – kvennaheim og kvennamenningu – þar sem körlum væri ekki ætlað sæti og hvort það sé enn viðhorfið í samfélaginu í dag. Sýningin er öllum opin án aðgangseyris.

**Félagar í Ljósmæðrafélagi Íslands hafa hingað til eingöngu verið konur enda fá eingöngu lærðar ljósmæður inngöngu og enn sem komið er hefur aðeins einn karlmaður lært til ljósmóður en það var árið 1776.**



**Nýbökuð móðir með nýfætt barn sitt í fangi sínu og önnur þrjú uppi í rúmi hjá sér í Reykjavík í byrjun 20. aldar. Ungbarnadauði var gríðarmikill hér á landi fyrr á öldum en þegar líða tók á 19. öld fór að draga úr honum. Meðganga og fæðing gat einnig verið konum banabiti. Vel menntuð ljósmæðrastétt á Íslandi á hins vegar stóran þátt í þeirri jákvæðu þróun að bæði ungbarnadauði og mæðradauði er nú afar sjaldgæfur hér á landi.**

# Stjórnvöld brjóta gegn réttindum örorkulífeyrisþega og stjórnmálamönnum er alveg sama



**Þuríður Harpa Sigurðardóttir**
formaður ÖBÍ



**Daníel Isebarn Ágústsson**
lögmaður

Það er stundum tilviljunarkennt hvað vekur áhuga stjórnmálamanna og hvað fer fram hjá þeim. Mikið hefur t.d. verið rætt um lögbrot Seðlabankans sem sektaði útgerðarfyrirtækið Samherja um 15 milljónir króna með ólögmætum hætti. Slíkt er að sjálfsögðu alvarlegt og ekki bætir úr skák að Seðlabankinn þráaðist lengi við að láta af háttseminni þrátt fyrir að hafa verið bent á ólögmætið.

Umboðsmaður Alþingis skilaði áliti í janúar 2019 um að ákvarðanir Seðlabankans hefðu verið ólögmætar. Stjórnmálamenn virðast allir vera sammála um alvarleika málsins og margir hafa látið stór orð falla í fjölmiðlum. Samherji og önnur fyrirtæki, sem hafa verið ranglega sektuð, eiga að fá allt greitt til baka. Engum stjórnmálamanni dettur í hug að greiða einungis hluta af því sem ólöglega var haft af þeim. Svona eiga alþingismenn og ráðherrar að sjálfsögðu að bregðast við þegar stjórnvöld beita borgara sína ranglæti.

**Fimmtán eða fimm þúsund milljónir**

Á sama tíma og Seðlabankamálið hefur verið í gangi (og raunar mun lengur) hefur annað mál fengið litla athygli stjórnmálamanna. Snýst það mál um að Tryggingastofnun hefur í 10 ár skert greiðslur til örorkulífeyrisþega með ólögmætum hætti. Svo virðist sem stofnunin hafi ákveðið þessar skerðingar upp á sitt eindæmi því skerðingarnar byrjuðu skyndilega vorið 2009 án þess að lög eða reglur hefðu breyst. Frá því að skerðingarnar hófust hefur stofnunin ólöglega skert örorkulífeyri um u.þ.b. hálfan milljarð króna á hverju ári. Það eru 5 milljarðar króna á þeim tíu árum sem ólögmæta skerðingin hefur staðið yfir. Skerðingarnar bitna misjafnlega á fólki. Suma einstaklinga hefur Tryggingastofnun hlunnfarið um 200 þúsund krónur í hverjum einasta mánuði, sem gerir meira en 20 milljónir króna á öllu tímabilinu. Veikir eða fatlaðir einstaklingar fá enn greiddar tæpar 40.000 krónur á mánuði en ættu að fá rúmar 240.000 krónur. Þessir einstaklingar eru til dæmis foreldrar fátækustu barnanna á Íslandi, barna sem líða skort og fá ekki þau tækifæri sem þau ættu að fá.

Tryggingastofnun hefur á undanförnum árum fengið fjölmargar ábendingar um að skerðingarnar séu ólögmætar. Stofnunin þráaðist við þar til umboðsmaður Alþingis greip í taumana og skilaði áliti í júní 2018 sem var afdráttarlaust um að skerðingar Tryggingastofnunar væru ólögmætar. Viðbrögð stjórnmálamanna hafa ekki verið eins og ætla mætti. Fáir hafa lýst yfir vanþóknun á þessum alvarlegu lögbrotum og engir opnir fundir hafa verið haldnir til þess að krefjast skýringa. Í stað þess að leiðrétta ólögmætið og greiða örorkulífeyrisþegum allt það sem ranglega var tekið hefur félagsmálaráðherra sagt að einungis 40% verði greidd til baka, 4 ár af 10. Í þeirri afstöðu felst um leið að ráðherranum finnst sjálfsagt að halda eftir 60% af því fé sem undirstofnun hans tók ólöglega af fólkinu sem býr við verstu kjörin í þessu landi.



**Íslenska ríkið hefur í hverjum einasta mánuði í 10 ár skert framfærslu og þar með lífskjör örorkulífeyrisþega um tugi og jafnvel hundruð þúsunda króna**

**Brotin standa enn**

Örorkulífeyrir er greiddur út mánaðarlega enda ætlaður til framfærslu með sama hætti og laun, atvinnuleysisbætur, fæðingarorlof o.s.frv. Íslenska ríkið hefur í hverjum einasta mánuði í 10 ár skert framfærslu og þar með lífskjör örorkulífeyrisþega um tugi og jafnvel hundruð þúsunda króna. Ríkisstjórnin ætlar ekki að rétta hlut fólks nema að litlum hluta en auk þess er enn ekki búið að stöðva skerðingarnar og eru þær því ennþá framkvæmdar. Umboðsmaður Alþingis skilaði áliti sínu í júní í fyrra og í kjölfarið viðurkenndu ráðuneytið og Tryggingastofnun að greiðslur til þúsund manns væru ólöglega skertar um hver mánaðamót. Samt er ólögmætum skerðingum haldið áfram og þær framkvæmdar mánaðarlega þótt næstum ár sé liðið frá áliti Umboðsmanns. Tryggingastofnun og ráðuneytið eru því viljandi að brjóta gegn réttindum þúsund einstaklinga um hver einustu mánaðamót. Nýjustu áætlanir félagsmálaráðherra gera ráð fyrir að þetta verði ekki leiðrétt fyrr en á næsta ári.

Mismunun gegn fötluðu fólki á sér margar birtingarmyndir. Ólík viðbrögð stjórnvalda og stjórnmálamanna við þeim lögbrotum sem hér hafa verið gerð að umtalsefni eru ein slík birtingarmynd. Þegar upp kemst um lögbrot sem bitnað hafa á fólki sem stjórnmálamenn geta að einhverju leyti samsamað sig með eru viðbrögðin skjót og afgerandi. Þegar lögbrotin beinast hins vegar að fötluðu fólki sem fæstir stjórnmálamenn eiga mikla samleið með láta viðbrögðin á sér standa. Það er vont að búa í samfélagi misréttis þar sem stjórnmálamenn telja að sumir skipti miklu máli en aðrir minna máli. Það er von undirritaðra að stjórnmálamenn sjái sóma sinn í því að bregðast eins við því þegar upp kemst um kerfisbundin brot gegn borgurunum óháð því að hvaða þjóðfélagshópum þau beinast.



Hluti af Sýn
ÞÚ ÁTT SKILIÐ
SKEMMTILEGT
SJÓNVARP Í MAÍ
KILLING EVE
SUNNUDAGA
Þú getur horft á fyrri þáttaraðir á
MARAÞON
GENTLEMAN JACK
HEFST 22. MAÍ
FLÓRÍDAFANGINN
FLÓRÍDAFANGINN
HEFST 19. MAÍ
CHERNOBYL
MAY 6 AT 9PM
HBO
CHERNOBYL
HEFST 7. MAÍ
The Red Line
THE RED LINE
HEFST 29. MAÍ
BRITAIN'S GOT TALENT
MIÐVIKUDAGA
GOT
GAME OF THRONES
MÁNUDAGA
Blíða og Blær
BLÍÐA OG BLÆR
SUNNUDAGA
NÆTURGESTIR
MÁNUDAGA
ATVINNUMENNIRNIR OKKAR
SUNNUDAGA
Tryggðu þér áskrift
stod2.is | 1817

FRÉTTABLAÐIÐ
SPORT

# Blikar með heilsteyptasta liðið

**Fréttablaðið heldur áfram að spá í spilin fyrir Pepsi Max-deild kvenna sem hefst í dag með fjórum leikjum. Blikar hafa ekki misst marga leikmenn og mætir til leiks með lið sem er líklegt til að verja titilinn.**




Sonný Lára fagnar hér 22. Íslandsmeistaratitli Blika í kvennaflokki og bikarnum síðasta haust. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**FÓTBOLTI** Breiðablik hefur í dag titilvörn sína í Pepsi Max-deild kvenna í knattspyrnu með því að sækja ÍBV heim til Vestmannaeyja. Þrír aðrir leikir fara fram í fyrstu umferðinni í dag en Stjarnan og Selfoss leiða saman hesta sína, HK/Víkingur og KR etja kappi og að lokum verður nýliðaslagur Fylkis og Keflavíkur á dagskrá. Umferðinni lýkur síðan með leik Vals og Þórs/KA sem spilaður verður á morgun.

Fréttablaðið hefur síðustu svo daga spáð fyrir um hvaða lið verða í fallbaráttu og síðar hvaða lið verða um miðja deild. Nú er komið að því að kynna þau þrjú lið sem spá blaðsins gerir ráð fyrir að berjist um Íslandsmeistaratitilinn í sumar.

Samkvæmt spánni mun Breiðablik verja titil sinn en Valur og Þór/KA munu hins vegar gera harða atlögu að Blikum. Daði Rafnsson sérfræðingur Fréttablaðsins um deildina hefur þetta að segja um liðin sem munu verða í sérflokki og berjast á toppi deildarinnar á þessu tímabili.

**1. Breiðablik:** Ríkjandi Íslandsmeisturum hefur gengið mjög vel á undirbúningsmótunum í vetur. Ég hafði smá áhyggjur af því að brotthvarf Guðrúnar Arnardóttur úr hjarta varnarinnar myndi hafa slæm áhrif á varnarleikinn en svo virðist sem Þorsteinn Halldórsson hafi fundið leið til þess að fylla skarð hennar.

Það hafa verið meiðslavandræði í varnarlínu Blika í vetur en það hefur ekki haft teljandi áhrif. Það hafa nokkrir leikmenn fengið tækifæri til þess að sýna sig og sanna og hafa þeir leikið bara mjög vel.

Liðinu hefur gengið vel í síðustu leikjum þrátt fyrir að leika án Alexöndru Jóhannesdóttur, Andreu Rán Snæfeld Hauksdóttur, Selmu Sól Magnúsdóttur, Öglu Maríu Albertsdóttur og Berglindar Bjargar Þorvaldsdóttur.

Ungir leikmenn hafa stigið inn í fjarveru þessara leikmanna og staðið sig vel og þá finnst mér Hildur Antonsdóttir hafa spilað frábærlega í leikjum liðsins á undirbúningstímabilinu. Mér finnst það styrkleiki Þorsteins að leikskipulagið er svo mikið á hreinu að það er auðvelt fyrir nýja leikmenn að koma inn og spila samkvæmt skipulaginu.

Breiðablik er með heilsteyptasta liðið að mínu mati og fæstu veikleikana af þeim þremur liðum sem verða í toppbaráttu deildarinnar.

**2. Valur:** Valur er með mjög sterkt lið á pappírnum og liðið hefur styrkst umtalsvert í vetur. Það sem mér finnst helst há liðinu er að liðið er með marga sterka leikmenn á ákveðnum svæðum vallarins en á öðrum eru ákveðnir veikleikar.

Mér finnst innkaupastefnan kannski meira leggja áherslu á að fá feitustu bitana í leikmannahópinn í stað þess að fá til liðsins leikmenn sem sárlega vantar og bæta jafnvægið í liðinu.

Það verður hins vegar gaman að sjá samvinnu Margrétar Láru Viðarsdóttur og Elínar Mettu Jensen í framlínunni og hvernig Fanndís Friðriksdóttir mun standa sig á fyrsta heila tímabilinu með liðinu.




Það er skellur fyrir liðið að missa Málfríði Ernu Sigurðardóttur svona skömmu fyrir mót og liðið er með nýtt miðvarðapar og Guðný Árnadóttir og Lillý Rut Hlynsdóttir hafa ekki leikið áður saman.

Það verður fróðlegt að sjá hvernig þeim tekst að binda saman vörn liðsins í sumar.

**3. Þór/KA:** Norðankonur misstu mikið þegar Sandra María Jessen söðlaði um og fór til Þýskalands til þess að leika með Bayer Leverkusen. Auk þess missti liðið Lillý Rut Hlynsdóttur sem leikið hefur stórt hlutverk í varnarleik liðsins

**» Margrét Lára Viðarsdóttir hefur skorað192 mörk í 126 leikjum í efstu deild á Íslandi.**

og miðjumanninn útsjónarsama Önnu Rakel Pétursdóttur sem fór út í atvinnumennsku.

Donni hefur hins vegar skýra hugmyndafræði og þekkir vel þá leikmenn sem koma upp úr yngri flokka starfinu og ég treysti honum til þess að sjá til þess að þessara leikmanna verði ekki sárt saknað.

Þór/KA hélt mexíkósku landsliðsmönnunum sem er mjög sterkt fyrir liðið og hefur Andreu Mist Pálsdóttir verið að bæta sig mikið og gera sig gildandi með A-landsliðinu.

Þór/KA verður með öflugt lið sem getur klárlega veitt Breiðabliki og Val harða samkeppni um Íslandsmeistaratitilinn.

hjorvaro@frettabladid.is

# KR-ingar með bakið upp við vegg í kvöld



Sigurkarl reyndist hetja ÍR-inga í DHL-höllinni á mánudaginn þegar flautukarfa hans gerði út um leikinn í framlengingunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**KÖRFUBOLTI** ÍR tekur á móti KR í fjórða leik liðanna í úrslitum Dominos-deildar karla í Seljaskóla í kvöld þar sem sigur færir Breiðhyltingum fyrsta Íslandsmeistaratitilinn í 42 ár. ÍR sem er næst sigursælasta liðið í sögu efstu deildar karla á Íslandi á eftir KR er búið að vinna tvo leiki, báða á útivelli en KR vann leik liðanna sem fór fram í Hertz-hellinum á dögunum. Takist KR að vinna í kvöld fer oddaleikur fram um helgina en með sigri ÍR er tímabilinu lokið og ÍR stendur uppi sem meistari.

KR er í leit að sjötta meistaratitlinum í röð og yrði um leið fyrsta liðið til að ná því en í þeirra vegi stendur eina liðið sem hefur einnig unnið fimm titla í röð. Þessi staða er þó ný fyrir KR, á síðustu sex

**» Það eru 2.216 dagar liðnir síðan KR tapaði síðast einvígi í úrslitakeppni Dominos-deildar karla.**

árum hefur KR aðeins einu sinni lent undir í einvígi þegar Haukar komust yfir í einvígi liðanna í fyrra.

Heimavöllurinn hefur ekki reynst ÍR drjúgur því Breiðhyltingar hafa, til þessa, unnið tvo af fimm leikjunum í Seljaskóla í úrslitakeppninni. Eitt tapið kom einmitt þegar ÍR var í þessari stöðu, fékk tækifæri til að klára einvígið gegn Stjörnunni á heimavelli sínum. – kpt

## Nýjast

**Meistaradeild Evrópu**
*Undanúrslit*

| | |
|---|---|
| **Barcelona - Liverpool** | **3-0** |

1-0 Luis Suarez (26.), 2-0 Lionel Messi (75.), 3-0 Messi (82.).

Þetta var fyrri leikur liðanna. Seinni leikurinn fer fram í Liverpool þann 7. maí.

**Mjólkurbikarinn**
*32-liða úrslit*

| | |
|---|---|
| Fylkir - Grótta | 2-1 |
| HK - Fjarðarbyggð | 5-1 |
| Augnablik - ÍA | 0-3 |
| KÁ - Víkingur R. | 1-2 |
| Völsungur - Mídas | 4-0 |
| KR - Dalvík/Reynir | 5-0 |
| Sindri - KA | 0-4 |
| Magni - Breiðablik | 1-10 |
| ÍBV - Stjarnan | 1-0 |
| Valur - FH | 1-2 |

## Bikarmeistari þriðja árið í röð

**FÓTBOLTI** Sara Björk Gunnarsdóttir og stöllur í Wolfsburg eru þýskir bikarmeistarar árið 2019 eftir 1-0 sigur á Freiburg í úrslitaleiknum í röð. Er þetta þriðji bikarmeistaratitill Söru með Wolfsburg og sá fimmti í röð hjá þýska stórveldinu.

Sara byrjaði leikinn á miðjunni hjá Wolfsburg í dag en eina mark leiksins skoraði hin pólska Ewa Pajor.



Það stefnir allt í að Sara og stöllur vinni tvöfalt heima fyrir þriðja árið í röð. Wolfsburg er með sjö stiga forskot á Bayern sem á þrjá leiki eftir á meðan Wolfsburg á tvo leiki eftir. – kpt

## Byrjar vel undir flóðljósunum

**GOLF** Atvinnukylfingurinn Valdís Þóra Jónsdóttir úr GL lék fyrsta hringinn á pari á Omega Dubai Moonlight Classic-mótinu sem fer fram í Sameinuðu arabísku furstadæmunum þessa vikuna. Eins og nafnið gefur til kynna fer mótið fram þegar tekið er að dimma í Dubaí og er völlurinn lýstur upp með flóðljósum. Er þetta í fyrsta sinn sem atvinnumótaröð af þessari stærðargráðu spilar mót á flóðlýstum velli.



Valdís fékk fjóra fugla, fjóra skolla og tíu pör í gær og deildi 21. sæti á pari vallarins. Atvinnukylfingarnir leika með heimafólki fyrstu tvo hringina en á lokahringnum er farið aftur í hið venjulega keppnisfyrirkomulag. – kpt

# FÓLK

Tíska

FIMMTUDAGUR 2. MAÍ 2019



Birgitta Björt Björnsdóttir stundar nám í fatahönnun við Listaháskóla Íslands. Skóhönnun hefur lengi heillað hana en hún stefnir á framhaldsnám erlendis, helst í London. →6


HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.








Nú er hægt að kaupa reiðhjól og alla aukahluti í gegnum símann í vefverslun TRI. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Öflug vefverslun hjá TRI VERSLUN

TRI VERSLUN hefur sett upp flotta vefverslun, www.tri.is, þar sem hægt er að kaupa allt sem reiðhjólafólk þarf á að halda. Glæsilegt úrval er á síðunni og boðið upp á heimsendingu um allt land. →2



**Cube reiðhjólin henta vel fyrir íslenskar aðstæður og þú færð mikið fyrir peninginn. Stundaðu líkamsrækt og útvist á sama tíma á hjóli frá Cube.**

**Framhald af forsíðu ➪**

TRI verslun er þekkt fyrir frábært úrval Cube hjóla fyrir allan aldur. Þetta eru þýsk gæðahjól en þau eru fáanleg í öllum verðflokkum, með eða án rafmagnsbúnaðar. Valur Rafn, markaðsstjóri TRI, segir að verslunin geti boðið sambærileg verð og tíðkast í nágrannalöndum okkar. „Við erum stolt af því að vera loksins komin með vefverslun og nýtt útlit á vefsvæðið okkar sem á eftir að þjóna okkur vel næstu árin. TRI ætlar að vera leiðandi í sölu á öllu sem tengist reiðhjólum á netinu fyrir íslenskan markað. Við komum til með að bjóða upp á vandaða þjónustu og öflugt samstarf við viðskiptavini,“ segir Valur Rafn.

„Heimasíðunni er skipt upp í nokkra vöruflokka en við erum stöðugt að uppfæra, taka út vörur og setja inn nýjar. Síðan er aðgengileg og einföld í notkun en útlitið á að haldast nokkuð vel á milli tækja. Fyrir utan glæsilegt úrval af reiðhjólum er gríðarlega mikið af alls kyns aukahlutum, fatnaði og skóm. Allar vörurnar eru sérhannaðar fyrir reiðhjólafólk,“ segir hann.

## Þrjár einingar

„Það er stutt síðan við opnuðum nýju heimasíðuna www.tri.is. Núna bjóðum við upp á þessar þrjár þjónustuleiðir sem hefur tekist mjög vel hjá okkur, TRI-verslun, TRI-vefverslun og TRI-verkstæði. Við stefnum á að selja allar vörur sem eru í versluninni okkar á netinu, hvort sem fólk þarf reiðhjól, dekk, slöngur eða fatnað svo eitthvað sé nefnt,“ segir Valur Rafn enn fremur. „Okkur hefur tekist að bjóða vörur á frábæru verði í gegnum vefverslunina og nokkrar vörur höfum við boðið eingöngu í gegnum vefverslunina sem er skemmtilegt og spennandi.“

Valur Rafn segir að Cube barnahjólin séu sérstaklega vönduð og góð. „Við höfum aldrei boðið meira úrval af barnahjólum. Einnig eru rafmagnshjólin orðin mjög vinsæl og sá markaður er alltaf að stækka. Rafmagnshjólin auðvelda fólki að komast til og frá vinnu án þess að svitna mikið. Á heimleiðinni er síðan hægt að minnka hjálpina og fá góða líkamsrækt. Öll rafmagnshjólin okkar eru bundin við 25 km hraða sem er löglegur á hjólastígum. Við mælum svo auðvitað með að allir fái sér góðan hjálm og við höfum breitt úrval af þeim í TRI-vefverslun.“



**Cube reiðhjól eru í miklu úrvali hjá TR verslun og TR vefverslun.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> Núna bjóðum við upp á þessar þrjár þjónustuleiðir sem hefur tekist mjög vel hjá okkur, TRI-verslun, TRI-vefverslun og TRI-verkstæði.
>
> **Valur Rafn, markaðsstjóri TRI**



**Hjá TRI-verslun er mikið úrval af alls kyns reiðhjólum fyrir allan aldur. Vönduð þýsk Cube reiðhjól sem hafa verið mjög vinsæl.** MYND/SIGTRYGGUR ARI

## Varan send heim

Þeir sem versla á heimasíðunni tri.is fyrir meira en tíu þúsund krónur fá vöruna senda heim frítt. „Fólk úti á landi getur pantað sér hjól og aukahluti á mjög einfaldan hátt með því að nota síðuna okkar. Við erum einnig með svokallað bike fitting í versluninni fyrir þá sem vilja. Með því að fara í bike fitting finnum við bestu mögulegu stillingu fyrir viðskiptavininn en við förum nákvæmlega eftir líkamsbyggingu, þá er bæði hnakkur og stýri sett í þægilega stöðu fyrir viðkomandi. Við erum með mjög flott kerfi fyrir stillingar, frá Shimano en búnaðurinn þykir afar vandaður,“ upplýsir hann. Þá er einnig fjölbreytt úrval af Tacx Trainer fyrir þá sem vilja æfa sig staðbundið heima með appi. „Með því er hægt að stunda líkamsrækt þó svo að það sé ekki hjólaveður utandyra. Nú geta allir farið inn á vefsíðuna hjá okkur og pantað sér Tacx Trainer og aukahluti sem er frábært.“

## TRI-verkstæði

„Verkstæðið okkar tekur á móti öllum gerðum reiðhjóla til viðgerða. Um þessar mundir eru margir að skipta úr vetrardekkjum yfir í sumardekkin en verkstæðið okkar býður upp á dekkjaskipti. Við höfum lagt mikla vinnu í að skipuleggja verkstæðið og gera það aðlaðandi og flott en það er mjög vel búið tækjum. Gott er að panta tíma fyrirfram,“ segir Valur Rafn og bætir við að TRI sé að bjóða frábærar vörur á mjög góðu verði og alltaf einhver tilboð í boði.

Lögð er áhersla á góða þjónustu hjá TRI-verslun, TRI-vefverslun & TRI-verkstæði.

„Við mælum líka með því að senda okkur fyrirspurnir í gegnum nýju síðuna okkar www.tri.is eða að fylgja okkur á samfélagsmiðlum.“

Facebook: www.facebook.com/triverlsun Instagram: www.instagram.com/triverslun og www.twitter.com/triverslun
TRI verslun og verkstæði er að Suðurlandsbraut 32, sími 571 8111 eða info@tri.is og heimsíðan er www.tri.is þar sem hægt er að skoða vöruúrval. Opnunartími verslunar er 10-18 alla virka daga og 10-16 á laugardögum.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir
**Umsjónarmenn efnis:** **Benedikt Bóas Hinriksson** benediktboas@frettabladid.is s. 550 5725 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 550 5768
**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,


Vorfrakkar
í úrvali
Stærðir 36-52
Verð 22.980
hjá Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is





VOR
TILBOÐ
PARKET · FLÍSAR · HURÐIR
20 TIL 50
% AFSLÁTTUR
AF LAGERVÖRU
Birgisson®
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is

# Náttúran og pönkið hafa áhrif

**Birgitta Björt Björnsdóttir stundar nám í fatahönnun við Listaháskóla Íslands. Skóhönnun hefur lengi heillað hana en hún stefnir á framhaldsnám erlendis eftir útskrift, helst í London.**

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Íslensk náttúra veitir Birgittu Björt Björnsdóttur mikinn innblástur en hún er að ljúka öðru ári í fatahönnun við Listaháskóla Íslands (LHÍ). „Mér finnst alltaf mjög skemmtilegt að nota náttúruna sem innblástur í fyrstu skrefunum. Eftir það kvikna yfirleitt stærri hugmyndir. Ég er líka heilluð af pönkinu þar sem fólk var að tjá sig og skoðanir sínar gegnum fatnað og fylgihluti sem það bjó jafnvel til sjálft í höndunum.

Fyrir vikið var það enn stoltara af viðkomandi flík sem jók svo um leið sjálfstraust þeirra. Annars er ég með bakgrunn úr málm- og tréhönnun og langar að leika mér með þau hráefni í framtíðinni."

## Áhuginn kviknaði snemma

Áhugi Birgittu á fatahönnun byrjaði snemma en hún var ung þegar hún hóf að hafa skoðun á klæðaburði sínum. „Ég á margar æskuminningar tengdar fatnaði en það voru þó móðir mín og eldri systir sem kveiktu virkilega áhuga minn á tísku og hönnun. Þegar ég byrjaði að kaupa eigin föt varð ég forvitin um hvernig flíkurnar voru saumaðar og um leið hvaða efni og litir voru notaðir. Um leið hafa undanfarin tvö ár í náminu haft mikil áhrif á mig, sérstaklega þegar við höfum lært um tengsl náttúrunnar og fataiðnaðarins en þar þurfa hönnuðir heldur betur að taka sig á þegar kemur að betri og sjálfbærari efnum og aðferðum."



„Ég á margar æskuminningar tengdar fatnaði en það voru þó móðir mín og eldri systir sem kveiktu virkilega áhuga minn á tísku og hönnun," segir Birgitta Björt Björnsdóttir, nemandi í fatahönnun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Fyrsta karlmannslínan sem Birgitta Björt hefur komið að. Innblásturinn kemur frá Cholitum í Suður-Ameríku sem hún hafði þá heimsótt nýlega.



Dæmi um hönnun Birgittu Bjartar.
MYNDIR/KÁRI SVERRISSON



## Námið kom á óvart

Eftir útskrift stefnir hún til útlanda í mastersnám, helst til London. „Skóhönnun hefur lengi heillað mig og mig langar að taka þann áhuga lengra. Ég fór í skiptinám í eina önn til Leeds í Bretlandi og lærði þar munsturgerð og aðferðir í kringum hana sem gaf mér góðan grunn á því sviði. Áhuginn minn á samspili náttúrunnar og fataiðnaðarins er líka eitthvað sem ég vil halda áfram að skoða og fræðast um."

Námið í LHÍ hefur að mörgu leyti komið henni á óvart. „Ég gerði mér t.d. ekki grein fyrir því hvað við eigum mikið af snilldar hönnuðum á Íslandi en allir kennararnir mínir eru virkir hönnuðir. Það sem kom mér líka á óvart er öll þessi vinna sem fer í eina flík auk þess sem það hefur verið mjög gagnlegt og fróðlegt að læra um allar hliðar á hönnunarferlinu, allt frá skissunni til lokaútkomunnar."

> **„Skóhönnun hefur lengi heillað mig og mig langar að taka þann áhuga lengra. Ég fór í skiptinám í eina önn til Leeds í Bretlandi og lærði þar munsturgerð og aðferðir í kringum hana sem gaf mér góðan grunn á því sviði.**

## Nóg að gera í sumar

Meðfram námi hefur Birgitta starfað á Hrafnistu í Hafnarfirði undanfarin fjögur ár og verður þar áfram í sumar. „Auk þess er ég að aðstoða hönnuð sem er að framleiða stjörnumerkjaplatta. Svo er ég búin að lofa sjálfri mér að sauma mikið í sumar, gera upp gömul föt og fá æfingu fyrir lokasýninguna á næsta ári."



SMART FÖT, FYRIR SMART KONUR
NETVERSLUN WWW.TISKUHUS.IS
My Style tískuhús
Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464

ROBELL
buxur
Síðar, kvart, 7/8 lengd • Str. 36-52 • Margir litir



Kr. 6.900.- Kr. 7.900.- Kr. 7.900.-
Ríta
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030

# Fótaóeirðin horfin og ég fæ aftur góðan nætursvefn

Melissa Dream er vísindalega samsett náttúrulyf, hannað til að stuðla að djúpri slökun og værum svefni. Blandan inniheldur jurtir, amínósýrur, vítamín og steinefni sem hafa ekki sljóvgandi áhrif.

Svefninn er okkur gríðarlega mikilvægur til þess að við getum tekist á við eril dagsins og staðist þá streitu sem fylgir daglega lífinu. Svefninn er að stærstum hluta eins uppbyggður og á sama formi hjá öllum sem sofa eðlilega og ótruflað. Álitið er að REM-svefn og djúpsvefn séu mikilvægustu svefnstigin en þau ættu að ná yfir u.þ.b. 45-50% af öllum nætursvefni. Fullorðinn einstaklingur þarf að meðaltali 7-8 klst. svefn og ef það gengur ekki eftir getur það haft neikvæð áhrif á almenna líðan, fjölskyldu-, félags- og atvinnulíf.



## Orsakir svefnleysis

Af hverju sofnum við ekki, erum andvaka eða vöknum upp um miðjar nætur og getum ekki sofnað aftur? Það eru fjölmargar ástæður fyrir því að við getum ekki sofnað eða sofið þannig að við hvílumst og vöknum endurnærð. Vaktavinna, ferðalög, kvíði og áhyggjur er algeng orsök svefnleysis en ýmsir sjúkdómar geta einnig haft mikil áhrif á svefninn. Streita er mjög algeng orsök en það er allt of algengt að fólk vinni of mikið, sé með fjárhagsáhyggjur, vanti hreyfingu og/eða eigi í erfiðum samböndum, hvort sem er við maka, vini eða aðra. Mataræði, upptaka næringarefna og venjur geta líka átt stóran þátt í svefnleysi.

## Einbeitingarskortur og offita

Langvarandi röskun á svefni og svefnmynstri getur haft mjög alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar. Einkenni svefnleysis eru m.a. þreyta yfir daginn, skapsveiflur og jafnvel þunglyndi og kvíði. Einbeiting minnkar, slysahætta eykst og ýmis andleg og líkamleg vandamál, eins og t.d. offita, verða algengari. Sum einkenni geta líka dregið þann dilk á eftir sér að þau ýti undir frekara svefnleysi sem þýðir að við erum komin í vítahring sem þarf einhvern veginn að rjúfa.

## Loksins góður nætursvefn

Soffía Káradóttir þekkir Melissa Dream og ber því vel söguna: „Ég hef lengi verið með fótaóeirð sem hefur aukist með árunum og mér hefur reynst erfitt að sofa nógu vel vegna þess. Eftir að ég byrjaði að taka Melissa Dream hefur þetta algjörlega breyst. Ég tek tvær töflur fyrir svefninn og innan hálftíma er öll óeirð farin og ég fæ góðan nætursvefn. Að mínu mati eru þetta töfratöflur sem ég gæti ekki verið án og hef ég nú tekið Melissa Dream reglulega í þrjú ár.“

> **Ég tek tvær töflur fyrir svefninn og innan hálftíma er öll fótaóeirð farin og ég fæ góðan nætursvefn.**
>
> Soffía Káradóttir




## Vilt þú sofa betur?

Það er ýmislegt sem hægt er að gera til að vinna bug á svefnleysi og gott að byrja á því að breyta einföldum hlutum í nærumhverfi okkar ef það á við. Við eigum ekki að borða á kvöldin og passa okkur á því að drekka ekki of mikið, bæði til að gefa meltingarfærunum pásu og að losna við klósettferðir. Ekki taka tölvur eða síma með í rúmið og lágmarka alla notkun rafmagnstækja í svefnherberginu sem á að vera vel loftað, myrkvað og hljóðlátt. Náttúruleg bætiefni reynast mörgum vel og hefur Melissa Dream alveg slegið í gegn. Þetta bætiefni fékk um daginn viðurkenningu frá National Nutrition í Kanada í flokki bestu fæðubótarefna gegn streitu.

## Amínósýra sem stuðlar að slökun

Melissa Dream inniheldur sítrónumelissu sem hefur verið notuð í aldaraðir m.a. til að bæta svefn og draga úr kvíða. Þar er einnig að finna L-theanine, amínósýru sem finnst í svörtu og grænu tei og hafa rannsóknir sýnt að hún hefur bein áhrif á heilann þar sem hún stuðlar að slökun án þess að hafa sljóvgandi áhrif. Að lokum inniheldur Melissa Dream B-vítamín sem er gott fyrir taugakerfið og nægilegt magn af magnesíum sem er vöðvaslakandi og getur dregið úr óþægindum í hand- og fótleggjum.

## HAM

Svefnleysi getur þó verið alvarlegra vandamál en svo að einföld ráð dugi. Þá er best að ráðfæra sig við lækni. Þess ber þó einnig að geta að rannsóknir hafa sýnt að bestur árangur næst með hugrænni atferlismeðferð (HAM) sem er nokkurra vikna námskeið sem fólk getur sótt.


# Eplaedik

*– lífsins elexír*

Eplaedik hefur verið notað sem heilsubótarefni í aldaraðir, bæði sem forvörn sem og vegna læknandi eiginleika.

Auk eplaediks inniheldur Apple Cider ætiþistil, túnfífil og kólín sem getur elft meltinguna, haft góð áhrif á lifrina og leitt til eðlilegs niðurbrots á fitu. Svo er króm sem er gott fyrir blóðsykursjafnvægið og slær þannig á sykurlöngun.

**Aðeins ein tafla á dag og ekkert bragð!**






- Hreinsandi
- Vatnslosandi
- Gott fyrir meltinguna
- Getur lækkað blóðsykur
- Getur dregið úr slímmyndun
- Gott fyrir þvagblöðru, lifur og nýru

NEW NORDIC


FLOTT FÖT, FYRIR FLOTTAR KONUR
NETVERSLUN WWW.BELLADONNA.IS
Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



Smóking og slaufa fer okkar manni vel. Og grái liturinn í skegginu setur punktinn yfir i-ið.

# Tískufyrirmynd fyrir alla karlmenn

David Beckham á afmæli í dag. Kappinn er orðinn 44 ára og geta flestir verið sammála um að fáir ef einhverjir eru jafn töff og Beckham. Hann gerir einfaldlega ekki mistök þegar kemur að fatavali, húðflúri eða fasi og framkomu.

Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is

David Beckham er fæddur á þessum degi árið 1975. Hann er trúlega einn frægasti maður heims enda búinn að vera í sviðsljósi fjölmiðla í tugi ára. Hann er sagður vera metinn á um 300 milljónir punda, sem eru ansi margir milljarðar af íslenskum nýkrónum. Fyrirtækið í kringum hann, DB Ventures Limited, þénaði 40 þúsund pund á dag árið 2016 og 2017 eða 300 þúsund pund á viku. Hann er sem sagt með hærri laun á viku en flestir fótboltamenn í dag.

Beckham hefur verið viðloðandi tísku frá því að hann tók saman við Victoriu, eiginkonu sína. Saman hafa þau ekki gert mörg mistök í gegnum árin. Hann hefur birst á forsíðum fjölmargra tískutímarita og var gerður að forseta British Fashion Council á síðasta ári.

Á þessu ári hefur Beckham verið á þeytingi um víða veröld og ekki að sjá að kappinn sé mikið að slaka á. Hann hefur birst víða og alls staðar hefur hann fengið hrós fyrir að vera töff. Hann einfaldlega gerir ekki mistök þegar kemur að tísku.


Í Kína birtist hann í mars íklæddur Adidas fötum. Eitursvalur og sjálflýsandi nánast. Samt töff.


Jakkafötin eru orðin hans helsta aðalsmerki. Hér er hann að koma á frumsýningu myndarinnar Class of ´92.


Léttur á hafnaboltaleik. Stuttermabolur og derhúfa svínlúkkar. Ekki margir sem geta litið svona vel út í þessu dressi.


Í þá gömlu góðu daga. Tískan sem hefur ekki elst alveg nógu vel en þetta þótti töff í þá daga.


Meira að segja eftir London maraþonið þar sem hann var með svarta húfu og í grænum jakka var Beckham töff.



Gleðilegt sumar
LauRie blússa á 11.900 kr.
Stærð 34 - 48
Kíkið á myndir og verð á Facebook
black pepper FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Opið: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 11-15

LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS
Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, menningu, tísku, heilsu og margt fleira.
Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook


# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is



EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning, BARA GAMAN. Vespurnar eru til í fjórum flottum litum. Verð frá 152.000.- kr.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Tek að mér trjáklippingar og garðvinnu. Uppl. í s. 616 1569.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Múrarar

Múrari getur bætt við sig húsaviðgerðum og múrverki í sumar. S. 862 0092

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

## Atvinna óskast

**STARFSMENN**
til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma

**PROVENTUS**
Starfsmannaþjónusta
**551 5000**
**proventus@proventus.is**
Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is

## Létt og skemmtileg spænskunámskeið

**Verða haldin í Stórholti 18. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales. Kristinn R. Ólafsson verður með fyrirlestur á tapaskvöldinu um Spán og spænska menningu. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi. Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.**

**Byrjendanámskeið:**
**Mánudaga og miðvikudaga: 10:00 - 11:30**
**Mánudaga og miðvikudaga: 13:30 - 15:00**
**Mánudaga og miðvikudaga 17:30 - 19:00**
**Þriðjudaga og fimmtudaga: 17:30 - 19:00**

**Framhaldsnámskeið spænska II.**
**Þriðjudaga og fimmtudaga: 13:30 - 15:00**

**Framhaldsnámskeið spænska III:**
**Mánudaga og miðvikudaga: 19:15 - 20:45**

**Framhaldsnámskeið spænska V:**
**Þriðjudaga og fimmtudaga: 10:00 - 11:30**



**Námskeiðin hefjast 6. og 7. maí 2019.**
**Verð á mann er 32.000 kr.**
**Upplýsingar í síma 698 5033 eða spaenskuskolinnhablame@gmail.com**
***Facebook:* *Spænskuskólinn Háblame***
***Instagram:* *spaenskuskolinn_hablame***

## Kynningarfundur

# Nýr Kársnesskóli

Í júní 2017 skipaði bæjarráð Kópavogs starfshóp til að móta framtíðarstefnu fyrir húsnæði Kársnesskóla. Hópurinn lagði til að gamla skólabyggingin við Skólagerði 8 yrði rifin og nýr skóli byggður í staðinn þar sem yrði samrekinn leik- og grunnskóli ásamt frístund og aðstöðu fyrir tómstundastarf og tónlistarnám.

Gamla skólabyggingin hefur verið rifin og undirbúningur framkvæmda við að endurreisa Kársnesskóla við Skólagerði er vel á veg kominn. Að því tilefni efna bæjaryfirvöld til kynningarfundar þar sem kynnt verða forsögn að nýjum skóla og teikningar á forhönnunarstigi af samreknum leik og grunnskóla við Skólagerði 8. **Verður fundurinn haldinn í Kársnesskóla við Vallargerði fimmtudaginn 9. maí kl. 17:00 til 18:30**

Auk þess verður kynnt, í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar deiliskipulagsvinnu fyrir skólann ásamt frumhönnun skólabyggingarinnar. Í skipulagslýsingunni koma m.a. fram helstu áherslur bæjaryfirvalda við fyrirhugaða deiliskipulagsgerð, upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu, fyrirhugað skipulagsferli svo og um kynningu og samráð. Skipulagslýsing er jafnframt til kynningar í þjónustuveri bæjarins, Digranesvegi 1, frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 15:00 og á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér lýsinguna. Athugasemdir eða ábendingar við hana skulu hafa borist skriflega skipulags- og byggingardeild Umhverfissviðs, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á tölvupóstfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en mánudaginn 20. maí 2019 kl. 15:00.

Bæjarstjórinn í Kópavogi.

Kópavogsbær




**Honda CR-V Elegance navi**
Nýskráður 5/2017, ekinn 54 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Ásett kr. 3.990.000
**Tilboð kr. 3.590.000**
Afborgun kr. 46.651 á mánuði



**Peugeot 108 Active**
Nýskráður 3/2016, ekinn 72 þús.km., bensín, beinskiptur.
**Verð kr. 990.000**
Allt að 100% fjármögnun í boði




**Honda Jazz Trend**
Nýskráður 6/2017, ekinn 25 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Ásett kr. 2.290.000
**Tilboð kr. 1.990.000**
Afborgun kr. 25.931 á mánuði



**Honda CR-V Executive**
Nýskráður 4/2016, ekinn 31 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 4.090.000**
Afborgun kr. 53.126 á mánuði




**Honda CR-V Elegance Navi dísil**
Nýskráður 4/2017, ekinn 65 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
Ásett kr. 4.190.000
**Tilboð kr. 3.790.000**
Afborgun kr. 49.241 á mánuði

**BERNHARD**
**NOTAÐIR BÍLAR**
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

## Til sölu

**mýranaut**

Gæða ungnautakjöt í 10 ár beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**

165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**

**SÍMI: 414-3000**

Gerðu verðsamanburð !

**GEYMSLUR.IS**

**SÍMI 555-3464**

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Þú finnur draumastarfið á

Job.is

GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU

# HÚSBÍLAR Á LÆKKUÐU VERÐI !




**Ford Transit 2.4 diesel Carado húsbíll**
árg 2010 ekinn 150 þ km 6 gíra á tvöföldu að aftan, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur **verð 3.990.000**
**Tilboð 2.490.000**




**Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll**
árg 2011 ekinn 145 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur **verð 4.390.000**
**Tilboð 2.990.000**



**Fiat Hobby húsbíll 2.3diesel** árg 2017 ekinn 68þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 2
**Verð 8.900.000.**
Glæsilegur bíll sem þolir íslenskt veður.




**Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll**
árg 2015 ekinn ca 120 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 2 **Verð 5.990.000.**
**Tilboð 4.490.000**




**Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll**
árg 2015 ekinn ca 147 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 4 **Verð 6.990.000.**
**Tilboð 5.490.000**




**Ford Transit 2.2 diesel Hymer Húsbíll**
árg 2011, ekinn ca 146 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 tvöfalt rúm aftast.
**Verð 4.990.000.-**
**Tilboð 3.490.000.**




**Ford Transit 2.2 diesel Hymer Húsbíll**
árg 2012, ekinn ca 144 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 tvöfalt rúm aftast.
**Verð 5.590.000.-**
**Tilboð 3.990.000.**




**Fiat Hobby Optima 65HFL**
árg 2017 ekinn um 70þ km 6 gíra beinskiptur glæsilegur bíll í alla staði. 4 manna. Gas, heitt og kalt vatn, öll þau þægindi sem hugsast getur.
**Verð 11.990.000**
**Tilboð 9.990.000**




**Fiat Carado A464 eða A461** árg 2016 ekinn um 80þ km 6 gíra beinskiptur. 6 manna. Gas, heitt og kalt vatn, öll þau þægindi sem hugsast getur.
**Verð 8.990.000**
**Tilboð 7.990.000**

Touring Cars ehf, Klettatröð 19, 262 Keflavík (Ásbrú)

**Möguleiki á allt að 100% láni.**

**Vinsamlegast hringið í síma 7767600 til að bóka skoðun.**

TOURINGCARS

gummi@touringcars.eu

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

## Ferðaþjónustuhús



**Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.**

**Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is**

EYJALIND **Varahlutir í VOLVO**

- Vinnuvélar
- Vörubílar
- Rútur



Vertu vinur okkar á Facebook

**Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is**

## ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.

**Formbólstrun**

**Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is**

## Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

**Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is**

*Snyrti & nuddstofan Smart*

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ

**Indverskt höfuð og andlitsnudd, litun og plokkun á augabrúnir**
***Verð 7.000,-***

**Munið gjafabréfin okkar.**

Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**viftur.is**

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir



**íshúsið**

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

# Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is


Miklu meira en bara ódýrt
ViAir 12V loftdælur
í miklu úrvali
frá 4.995
Hjólafesting á bíl
8.995
Loftdæla OMEGA
12V 30L
Álskóflur
frá 1.999
4.895
Viðgerðarbretti
Sonax hreinsivörur
á frábæru verði
Háþrýstidæla
1200W 100Bör
9.999
Hjólatjakkur
2T m/tösku
3.795
Öflugar
háþrýstidælur
165Bör
2100W
22.999
Háþrýstidæla
1400W 105Bör
14.999
6T Búkkar
605mm Par
9.999
frá 1.495
Startkaplar
4.995
Hleðslutæki 12V 6A
34.995
Verkfæraskápur
á hjólum
59.995
Verkfæraskápur
á hjólum m/verkfærum
Mikið úrval af
verkfæratöskum
frá 795
Steðjar í
miklu úrvali
7.995
1/2 Toppasett
3.995
1/4 Toppasett
Vice Multi
angle
6.985
14.995
1/2+1/4
Toppasett Kraft-
mann 94stk
5.995
Verkfærasett
108 stk
4.985
Skrall-lyklar 8-17
Fjöltengi í miklu úrvali,
1.5M/3M/5M 3/
4/5/6/8 tengla
Lunchbox útvarp
ryk/regn/
frostþolið
24.995
Ruslapokar
10,20,50stk
frá 395
frá 395
Ruslatínur
Hjólbörur 100kg
3.995
Skóflur
frá 995
Frábært úrval af
dragböndum/
ströppum
Laufahrífur
frá 999
Strákústar
685
Myndlistavörur í miklu úrvali
13.995
Flísasög 80mm
Scanslib Hverfisteinn
frá 19.995
9.999
Silverline LI-ion
18V hleðslubor-
vél 13mm
Fjölsög
Höfftech
5.999
Rafmagnsvírtalíur
í miklu úrvali
14.999
Hjólsög GMC
1200W
19.995
Súluborvél 350W
(m/skrúfstykki)
16.995
Metabo
KS216 bútsög
14.999
SDS Lofthöggvél GMC
SDS vélar frá 9.999,-
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



✝

Faðir minn og bróðir,

**Einar Bragason**

Brekkustíg 33a, Reykjanesbæ,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 21. apríl sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum auðsýnda samúð.

**Guðmundur Hjörtur Einarsson**
**Bára Bragadóttir**
**Baldur Þór Bragason**
**og aðrir aðstandendur.**



✝

Okkar kæri

**Guðmundur Þorsteinsson**

frá Efri-Hrepp, til heimilis að Leynisbraut 38, Akranesi,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi 20. apríl. Útförin fer fram frá Reykholtskirkju laugardaginn 4. maí kl. 13. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Gjafa- og minningarsjóð Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, reikningsnúmer 552-26-411, kt. 470108-0370.

**Gyða Bergþórsdóttir**
**Guðrún J. Guðmundsdóttir** **Jóhannes Guðjónsson**
**Bergþór Guðmundsson** **Bryndís R. Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Lilja K. Kristinsdóttir**

Múlavegi 17, Seyðisfirði,

lést á Landspítalanum Fossvogi miðvikudaginn 24. apríl. Útför hennar fer fram frá Seyðisfjarðarkirkju laugardaginn 4. maí klukkan 14. Þeim er vildu minnast hennar er bent á Umhyggju – félag langveikra barna og SOS barnaþorp.

**Magnús S. Stefánsson**
**Kristinn G. Magnússon** **Linda Mae Kirker**
**Stefán H. Magnússon**
**Ágúst T. Magnússon** **Arna Magnúsdóttir**
**og barnabörn.**



✝

Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Petrína Helga Steinadóttir**

Sólvangi, Hafnarfirði,

lést 25. apríl á LSH Fossvogi. Útför verður frá Grensáskirkju föstudaginn 3. maí kl. 13.00. Þeim er vildu minnast hennar er bent á KFUM og K og Kristniboðssambandið.

**Elín Einarsdóttir** **Guðmundur Ingi Leifsson**
**Guðmundur Th. Einarsson** **Þórstína Aðalsteinsdóttir**
**Rósa Einarsdóttir** **Ragnar Baldursson**
**Steinunn E. Egeland** **Torstein Egeland**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




Leyfðu okkur að aðstoða þig!

GARÐHEIMAR

540 3320 • gardheimar.is
blomabud@gardheimar.is


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.



**Hundrað þúsundasta gestinum á Elly var fagnað um síðustu helgi.** FRÉTTABLAÐIÐ/BORGARLEIKHÚSIÐ

# Sýningin aðal upplifunin

**Guðrún Guðmundsdóttir, Bjarghúsum á Hvammstanga, var 100 þúsundasti gesturinn á sýningunni Elly í Borgarleikhúsinu síðasta laugardag og var glödd með viðurkenningu.**

Þetta var mjög óvænt. Mér fannst sýningin mögnuð og það var alger aukabónus að hljóta þennan heiður í ofanálag," segir Guðrún Guðmundsdóttir beðin að lýsa því hvernig henni varð við þegar hún var kölluð upp á svið sem gestur númer 100 þúsund á Elly þann 27. apríl. „Sýningunni var nýlokið þegar Katrín Halldóra og Raggi Bjarna tóku lagið og tilkynntu svo að hundrað þúsundasti gesturinn væri í húsinu. Hann væri á þriðja bekk, í sæti númer 23, og svo kom nafnið mitt."

Guðrún býr í Bjarghúsum á Hvammstanga og var að sjá Elly í fyrsta skipti. „Ég kom bara suður á laugardeginum, hafði keypt miðann gegnum netið," lýsir hún. Eins og myndir frá Borgarleikhúsinu sýna tók hún við rokna blómvendi og hún kveðst líka hafa fengið disk með lögum úr sýningunni og sýningarskrá, þannig að hún á minjar um þennan viðburð þó að blómin fölni. „Sýningin stendur upp úr þegar ég hugsa um þessa upplifun í heild – hvað leikararnir standa sig rosalega vel og tónlistarmennirnir. Það var stórkostlegt. Svo kom hitt auðvitað á óvart."



**Guðrún Guðmundsdóttir, hundrað þúsundasti gesturinn á Elly.**

Guðrún kveðst þekkja lögin hennar Ellyar, þó hún muni hana ekki persónulega. „En sonur minn var í gítarnámi hjá Eyþóri Þorlákssyni sem barn, mér finnst það svolítið sérstakt í ljósi þessarar uppákomu. Eyþór var orðinn gamall maður þá."

Sýningin á laugardaginn var númer 212 í röðinni og nú eru aðeins átta eftir því lokasýningin verður þann 15. júní, í lok leikársins. **gun@frettabladid.is**

# Bestu bækurnar að mati barna

Árlega tilnefna börn þær bækur sem þeim þykja áhugaverðastar. Í framhaldi af því eru Bókaverðlaun barnanna veitt. Þau voru afhent nú í 18. sinn á sumardaginn fyrsta. Börn af öllu landinu kusu og alls fengu 117 bækur kosningu. Af þeim voru fimm íslenskar bækur og fimm þýddar sem stóðu upp úr.

Höfundar bókanna og þýðendur fengu viðurkenningar og veittu þeim viðtöku við hátíðlega athöfn í Borgarbókasafninu Grófinni. Einnig fengu tíu heppin börn sem tóku þátt í að kjósa bækurnar vinning.

Í lok athafnarinnar steig Jón Víðis á svið og skemmti með töfrabrögðum sínum. **– gun**



**Ánægðir rithöfundar, þýðendur og vinningshafar.**

## Þessar bækur hlutu Bókaverðlaun barnanna 2019

### Íslenskar

**Fíasól gefst aldrei upp** – Kristín Helga Gunnarsdóttir
**Henri rænt í Rússlandi** – Þorgrímur Þráinsson
**Orri óstöðvandi** – Bjarni Fritzson
**Siggi sítróna** – Gunnar Helgason
**Þitt eigið tímaferðalag** – Ævar Þór Benediktsson

### Þýddar

**Dagbók Kidda klaufa** eftir Jeff Kinney, þýðandi Helgi Jónsson
**Handbók fyrir ofurhetjur, annar hluti:** Rauða gríman eftir Elias Våhlund, þýðandi Ingunn Snædal
**Leyndarmál Lindu:** sögur af ekki-svo gáfaðri sem veit-allt eftir Rachel Renée Russell, þýðandi Helgi Jónsson
**Miðnæturgengið** eftir David Walliams, þýðandi Guðni Kolbeinsson
**Verstu börn í heimi 2** eftir David Walliams, þýðandi Guðni Kolbeinsson



✝

Ástkær faðir okkar, sonur, stjúpsonur, bróðir og mágur,

**Gísli Birgisson**

lést á heimili sínu miðvikudaginn 24. apríl sl. Útför hans fer fram frá Seljakirkju, þriðjudaginn 7. maí nk. kl. 13.00.

**Arnór Blær, Sóley Bára, Aron Darri**
**Guðfinna Gísladóttir**
**Birgir Georgsson** **Dong Qing Guan**
**Jóhann Birgisson**
**Georg Birgisson**
**Viktor Blær Birgisson**
**Steindór G. Corrigan** **Marica Corrigan**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Stefán Haukur Jakobsson**

Haukur Dúdda

lést laugardaginn 27. apríl síðastliðinn á Sjúkrahúsi Akureyrar. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju, miðvikudaginn 8. maí kl. 13.30.

**Sveinn Ævar Stefánsson** **Bjargey H. Pétursdóttir**
**Eiður Stefánsson** **Dagbjört H. Eiríksdóttir**
**Matthildur Stefánsdóttir** **Tómas Ólafsson**
**Anna Stefánsdóttir** **Hilmar M. Baldursson**
**Tinna Stefánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

GLAMOUR

# Komið í allar helstu verslanir




*Íslenskt tískutímarit*

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7 °C, 2 ↑ | 3 °C, 7 ↖ | 5 °C, 3 ↖ |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl** | **Hveravellir** |
| 3 °C, 7 ↓ | 4 °C, 5 ↖ | 6 °C, 6 ↙ |

Norðaustan 5-13 m/s, hvassast NV-til, skýjað með köflum og úrkomulítið. Kólnandi veður, stöku él og frystir norðaustanlands í kvöld. Hiti 5 til 15 stig.

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7 °C, 3 ↖ | 2 °C, 5 ↖ | 3 °C, 3 ↑ |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl** | **Hveravellir** |
| 2 °C, 5 ↓ | 4 °C, 0 ○ | 1 °C, 1 → |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5 °C, 2 ↑ | 3 °C, 3 ↗ | 2 °C, 1 ↑ |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl** | **Hveravellir** |
| 4 °C, 5 ↘ | 7 °C, 4 ↘ | 0 °C, 3 ↘ |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 9 | | | 2 | | | |
| | | | | 7 | 5 | 6 | 9 | |
| | 5 | | 8 | | 4 | | | 7 |
| | 9 | 3 | 4 | | 8 | | | 5 |
| 4 | 8 | 1 | | | 3 | | | 9 |
| | | 7 | | 6 | | 3 | 4 | |
| | | 8 | 5 | | | | | |
| | 3 | | 1 | | 9 | | 5 | |
| 1 | | | | 8 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 9 | 2 | | 5 | | | |
| | | | 9 | | | | | 4 |
| 2 | 5 | 7 | 3 | 4 | | | | |
| 9 | | | | 5 | 3 | | | |
| | 2 | 6 | | | | | | 3 |
| 3 | | | | | | 6 | | 9 |
| 5 | | 4 | | 7 | | 2 | | 6 |
| | | 1 | | | | 7 | 4 | |
| | | | | | 8 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 7 | 3 | | |
| 7 | | | 6 | | | | 9 | 4 |
| | | 1 | | 4 | | | | 6 |
| | | 4 | | 2 | 5 | | 8 | |
| 6 | | | | | | 9 | 5 | |
| | | 5 | 3 | | 9 | | | |
| | | | | 7 | | | | |
| | | 8 | | | | 4 | | |
| | 5 | 6 | | | | 2 | | 1 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. bátkríli
5. maka
6. tveir eins
8. slaga
10. átt
11. tala
12. þarmar
13. seytlar
15. mælieining
17. fáni

**LÓÐRÉTT**
1. afturkippur
2. erlendis
3. efni
. land í norður afríku
7. dul
9. hrjóta
12. glumdi
14. útdeildi
16. líka

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** **1.** bytta, **5.** ata, **6.** ll, **8.** krussa, **10.** sa, **11.** níu, **12.** görn, **13.** agar, **15.** gallon, **17.** flagg.
**LÓÐRÉTT:** **1.** bakslag, **2.** ytra, **3.** tau, **4.** alsír, **7.** launung, **9.** snörla, **12.** gall, **14.** gaf, **16.** og.

## Skák Gunnar Björnsson

Weinrich átti leik gegn Cschutschelov í Póllandi árið 1991.

**1. Hxc6! bxc6 2. Dd4! 1-0.**
Bræðurnir Óskar Víkingur og Stefán Orri Davíðssynir urðu skólaskákmeistarar Reykjavíkur en mótið fór fram í fyrradag. Landsmótið í skólaskák hefst á morgun.

**www.skak.is:** TRUXVI meistaramót fer fram í kvöld.

**Hvítur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 | 7 | 1 | 3 |
| 1 | 3 | 4 | 6 | 7 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 5 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 | 4 | 2 | 6 |
| 2 | 8 | 7 | 1 | 5 | 3 | 9 | 6 | 4 |
| 9 | 6 | 5 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 7 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 9 | 6 | 5 | 8 | 2 |
| 4 | 1 | 3 | 5 | 6 | 9 | 2 | 7 | 8 |
| 7 | 2 | 9 | 3 | 8 | 4 | 6 | 5 | 1 |
| 8 | 5 | 6 | 2 | 1 | 7 | 3 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 7 | 5 | 4 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 8 | 4 | 5 | 6 | 3 | 1 | 9 | 2 | 7 |
| 1 | 3 | 6 | 9 | 2 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 7 | 5 | 2 | 1 | 6 | 3 | 8 | 9 | 4 |
| 3 | 9 | 8 | 4 | 5 | 2 | 1 | 7 | 6 |
| 6 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 |
| 2 | 7 | 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 4 | 3 |
| 5 | 6 | 3 | 2 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 8 | 9 | 3 | 7 | 6 | 5 | 1 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 4 | 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 9 | 5 | 4 | 8 | 2 |
| 8 | 9 | 2 | 3 | 4 | 7 | 5 | 1 | 6 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 1 | 9 | 7 | 4 | 3 |
| 9 | 7 | 5 | 4 | 3 | 8 | 6 | 2 | 1 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 6 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 4 | 2 | 8 | 6 | 5 | 3 | 1 | 7 | 9 |
| 5 | 1 | 9 | 2 | 7 | 4 | 3 | 6 | 8 |
| 7 | 6 | 3 | 9 | 8 | 1 | 2 | 5 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.






## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# FRÍSKANDI
# BRAGÐ!




WRIGLEY'S Extra®

FYRIR HREINAR OG
FRÍSKAR TENNUR

Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

# BÍLAR

# 486 rafmagnsbílaframleiðendur í Kína

Sú staða er komin upp í Kína að alltof margir framleiðendur eru að bítast um hituna og viðbúið að stór hluti þeirra fari á hausinn á næstunni. Fjárfestingin nemur 2.200 milljörðum króna frá árinu 2011.




Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is




Margir nýir rafmagnsbílaframleiðendur í Kína eru fjármagnaðir af fyrirtækjum sem eiga rætur í tækni- og internetsölu.

Íslandi stærsta bílamarkaðar heims, Kína, eru nú skráðir 486 framleiðendur rafmagnsbíla og hefur fjöldinn tvöfaldast á síðustu tveimur árum. Ýmsir hafa eðlilega áhyggjur af þessum fjölda og nokkuð einsýnt að margir þeirra verða undir í samkeppninni. Búist er við því að í ár seljist um 1,6 milljón rafmagnsbíla í Kína, en það mun væntanlega ekki duga til þess að halda lífi í öllum þessum framleiðendum og búast má við sameiningum og gjaldþrotum margra þeirra á næstu misserum. Árlega bílasýningin í Shanghaí er að hefjast og þar munu hátt í 30 framleiðendur rafmagnsbíla sýna bíla sína.

**Mikil offramleiðsla**

Fjármagn það sem lagt hefur verið í nýja rafmagnsbílaframleiðendur í Kína frá árinu 2011 nemur 18 milljörðum dollara, eða 2.200 milljörðum króna og í þessu ljósi má búast við því að talsvert af þessu fé muni tapast því áætluð möguleg ársframleiðsla þeirra er um 3,9 milljónir rafmagnsbíla, þ.e. meira en helmingi meira en búist er við að seljist í ár. Kína er stórt, en ekki svona stórt. Sala rafmagnsbíla í Kína fór í fyrsta sinn yfir eina milljón bíla í fyrra og barist var um kaupendur þeirra og víða gefnir miklir afslættir á bílunum. Sala rafmagnsbíla í Kína í fyrra nam þó aðeins um 4% af heildarsölu bíla þar sem í landinu seldust 23,7 milljón bíla í fyrra. Sala bíla í nýliðnum mars í Kína var ekki góð, minnkaði milli ára, og það er ekki til að auka bjartsýni framleiðendanna.

**Margir munu fara á hausinn**

Líklega er helsta ástæða alls þessa fjölda rafmagnsbílaframleiðenda í Kína fólgin í stuðningi stjórnvalda í Kína við rafmagnsbílaframleiðslu og stefnan er að árið 2025 muni seljast þar sjö milljónir umhverfisvænna bíla, ekki bara rafmagnsbíla, heldur einnig vetnisbíla. Þessi sala mun vafalaust haldi á lífi nokkrum tugum öflugra rafmagnsbílaframleiðenda, en ekki mörg hundruðum þeirra. Margir nýir rafmagnsbílaframleiðendur í Kína eru fjármagnaðir af fyrirtækjum sem eiga rætur í tækni- og internetsölu. Dæmi um slíkt er Foxconn Technology Group, Alibaba Group og China Evergrande Group. Evergrande er reyndar fyrirtæki sem mest hefur hagnast á fasteignaviðskiptum, en fyrirtækið hefur sagst ætla að verða stærsti rafmagnsbílaframleiðandi heims eftir fimm ár. Búist er við því að stór hluti allra þessara rafmagnsbílaframleiðenda muni hætta starfsemi innan árs og 90% þeirra muni tapa miklu af fjárfestingu sinni.

# Loftpúðaskipti í bílum frá BL

Eins og fram hefur komið stendur yfir öryggisinnköllun á bílum með mögulegan galla í ræsibúnaði fyrir loftpúða frá japanska framleiðandanum Takata. Þessi innköllun er ein sú viðamesta að umfangi sem bílaframleiðendur hafa staðið frammi fyrir og snertir marga framleiðendur. Af þeim merkjum sem BL selur og þjónustar þarf að skipta um loftpúða í tilteknum gerðum og árgerðum fólksbíla frá Nissan, Subaru og BMW. Loftpúðaskiptin eiga ekki við bíla frá Dacia, Hyundai, Isuzu, Jaguar, Land Rover, Mini og Renault.

**Nánari upplýsingar á vefsíðunni**

Mjög mikilvægt er að eigendur ökutækjanna sem um ræðir svari þegar sendri innköllun BL til eigenda bíla sem skipta þarf um loftpúða í. Til að auðvelda bíleigendum ferlið hefur BL sett upp sérstaka vefsíðu á bl.is þar sem hægt er að slá inn 5 stafa bílnúmer til að sjá hvort bíll viðskiptavina sé á innköllunarskrá. Sé bíllinn á skránni er eigendum bent á að hafa samband við BL í síma 525 8000 til að panta endurgjaldslausan tíma í loftpúðaskipti.

**Á við bíla frá BL**

Þess ber að geta að ofantaldar innkallanir eiga aðeins við um þá bíla sem BL hefur flutt inn.

Nauðsynlegar upplýsingar um aðra bíla af merkjum BL sem fluttir voru inn af öðrum, nýir eða notaðir, þarf að leita sérstaklega að í kerfum framleiðenda. Hægt er að senda póst á bl@bl.is til að fá sérstaka uppflettingu. Frekari upplýsingar er síðan að finna í frétt á heimasíðu BL.



Af þeim merkjum sem BL selur og þjónustar þarf að skipta um loftpúða í tilteknum gerðum og árgerðum fólksbíla frá Nissan, Subaru og BMW.



Bíllinn mun fara í sölu í lok árs. Á seinni stigum mun GLB fást bæði í AMG-útgáfu og með rafmagnsmótorum.

# Nýr GLB frá Mercedes Benz

Fellur á milli GLA og GLC í stærð en er grófgerðari og hærri en þeir báðir. Mun á seinni stigum einnig bæði bjóðast í AMG-útgáfu og með rafmagnsmótorum.

Mercedes Benz kynnti hinn smávaxna GLA jeppling árið 2013 og hinn stærri GLC tveimur árum seinna. Nú er komið að bíl sem liggur á milli þeirra í stærð, þ.e. GLB. Hér sést þessi bíll svo til tilbúinn til fjöldaframleiðslu og það mun væntanlega gleðja marga hversu skemmtilega grófgerður hann er og tilbúinn til átaka. Við kynningu Mercedes Benz á bílnum notuðu þeir Benz menn einmitt orðið „robust“ fjölmörgum sinnum við lýsingu á bílnum nýja og tengdu hann líka við G-Class gerðina stóru sem vissulega hefur vinninginn er kemur að grófleika í smíði jeppa Mercedes Benz, enda fer þar upphaflega herbíll. Í raun er GLB mun nær GLC í stærð en GLA, enda er hann aðeins um 3 cm styttri. GLB er hins vegar næstum 25 cm hærri en GLC og það undirstrikar jeppaeiginleika bílsins og að auki stendur hann á mjög stórum og grófum dekkjum sem hækka hann talsvert.

**Verður með þrjár sætaraðir**

Í GLB eru þrjár sætaraðir sem bendir til þess að Benz ætli honum mikið hlutverk á Bandaríkjamarkaði. Í þriðju sætaröðinni eru þó aðeins tvö sæti en Benz menn segja að þar fari vel um fullorðna farþega. Miklar stillingar eru á annarri sætaröðinni og meðal annars má færa þá sætaröð fram og aftur um 14 sentimetra, allt eftir því hvað best hentar hverju sinni. Bíllinn er með íburðarmikilli innréttingu þar sem rándýrt leður og viðarinnleggingar eru í aðalhlutverkum.

Vélin í bílnum er 2,0 lítra forþjöppudrifin og fjögurra strokka vél sem orkar 224 hestöfl. Það gerir hann 16 hestöflum öflugri en GLA, en 17 hestöflum fátækari en GLC. Sjálfskiptingin er 8 gíra og með tveimur kúplingum. Bíllinn mun bæði fást fjórhjóladrifinn og framhjóladrifinn. Bíllinn mun fara í sölu í lok árs eða í byrjun þess næsta. Á seinni stigum mun GLB fást bæði í AMG-útgáfu og með rafmagnsmótorum.

# Allt að 17 kr. lægra verð!




# Sama lága verðið á öllum 5 stöðvunum

Verðið hjá Dælunni er allt að 17 kr. lægra en á öðrum bensínstöðvum í Reykjavík og Kópavogi. Sama lága verðið á öllum stöðvum Dælunnar.

**Dældu í því!**

**Meðalverð eldsneytis á höfuðborgarsvæðinu**

| | Bensín | Dísil |
|---|---|---|
| **Dælan** | **222,2** | **214,7** |
| N1 | 239,2 | 231,7 |
| Olís | 239,1 | 231,6 |
| ÓB | 237,3 | 228,9 |
| Orkan | 236,6 | 228,2 |
| Atlantsolía | 234,9 | 226,6 |
| Orkan X | 227,6 | 220,7 |

Samkvæmt bensinverd.is þann 30.04.2019

**DÆLAN** —Lægra verð. Punktur!

FRÉTTABLAÐIÐ
# MENNING



Maður veit aldrei hver útkoman verður en gerir bara alltaf sitt besta, segir Þórunn Elísabet. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Öll þessi efni hafa tilgang

**Þórunn Elísabet Sveinsdóttir sýnir verk sín á Höfn í Hornafirði.Þar á meðal eru textílverk sem hún segir sköpuð úr tilfinningum sínum og annarra.**



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Þræðir tímans er heiti á myndlistarsýningu á verkum Þórunnar Elísabetar Sveinsdóttur sem stendur yfir á veitingastaðnum OTTÓ – Matur&drykkur á Höfn í Hornafirði, í elsta húsi bæjarins.

Hún segir skemmtilegt að sýna úti á landi. „Mér finnst svo gaman að setja verkin í bílinn og keyra svo af stað. Maður veit aldrei hver útkoman verður en gerir bara alltaf sitt besta.“

## Hálfgerður safnhaugur

Spurð um verkin á sýningunni segir hún: „Þetta eru fjórtán verk gerð úr alls kyns efni, til dæmis gömlum sumarkjólum, vasaklútum, perlum, tvinna og garni.“ Meðal verkanna eru textílverk, eins konar lágmyndir. „Þau verk eru sköpuð úr tilfinningum mínum og annarra og minna á margt eins og tilhlökkun, söknuð, gamlan tíma og sól í öðru landi,“ segir listakonan sem í verkum sínum endurskoðar, endurraðar og endurvinnur efni sem aðrir afgreiða iðulega sem rusl. „Ég hef alltaf safnað alls kyns hlutum eins og spýtum, bútum, vasaklútum, heklunálum, tölum og svo allt í einu er ég komin með nóg efni í verk. Fólk veit þetta og réttir mér ýmislegt, til dæmis garn. Það er alltaf verið að gera við gömlu húsin í Þingholtunum og ég fer stundum þangað og næ mér í spýtur. Álftirnar láta mér svo eftir sínar fjaðrir í Álftafirði og gæsirnar út við Norræna hús. Ég er hálfgerður safnhaugur. Öll þessi efni hafa tilgang og eiga sér sögu sem ratar í verkin.“

## Birki bak við hús

Þórunn Elísabet hefur fyrir venju að nýta hluti á tímum þegar nútímamaðurinn hirðir ekki í nægilega miklum mæli um umhverfi sitt og hendir hlutum eins og ekkert sé. „Frá því ég var stelpa í sveit hafa þessar breytingar orðið mjög hratt. Mér finnst ég hafa séð gríðarlegar breytingar frá því ég var sem unglingur við opnun Jökulsárbrúarinnar á Breiðamerkursandi,“ segir hún.

Listakonan hefur mikinn áhuga á íslenskri alþýðumenningu og sá áhugi hefur mótað list hennar.



Mynd af einu verka Þórunnar Elísabetar á sýningunni á Höfn í Hornafirði.

„Þórunn amma var leikkona og það lék allt í höndunum á henni. Hún var draslari eins og ég og nýtti allt. Hún hleypti okkur krökkunum ekki oft inn í herbergið þar sem hún geymdi öll herlegheitin en það var óskaplega gaman að fá að koma þangað inn. Afi var bólstrari og pabbi smiður þannig að tilfinningin fyrir handverki, spýtum og nöglum er í ættinni.

Ég er fædd á Siglufirði og mér finnst það hafa haft áhrif á mig. Foreldrar mínir, heilbrigðir og hraustir Íslendingar, fluttu síðan suður með sjó þar sem atvinnu var að fá og þar var lykt af snæri og tjöru. Sú blanda kveikti rækilega í rómantíkinni í mér. Siglufjörður var ótrúlega mikil andstæða við Miðnesheiðina þar sem ég lærði að elska móana, klettana og sjóinn sem var allt öðruvísi en sjórinn fyrir norðan. Öræfasveitin hafði líka mikil áhrif á mig en þar var engin sjómennskutenging og enginn fiskur nema saltfiskur. En þar voru fuglarnir og nálægð við jökulinn og birki bak við hús.“

Sýning Þórunnar Elísabetar var opnuð á föstudaginn langa og stendur yfir til 26. júní. OTTÓ – Matur&drykkur er opið alla daga frá kl. 12.00 til 21.00.




DÚNDURFRÉTTIR
LED-ZEPPELIN
14. JÚNÍ Í ELDBORG
SÍÐAST VAR UPPSELT!
MIÐASALA Á HARPA.IS · TIX.IS OG Í SÍMA 528 50 50

# Tvær myndir og skáldsaga varð til

**Virkjanir, skortur á vatniog áhrif loftslagsbreytinga eru umfjöllunarefni Maju Lunde í skáldsögu hennar Blá.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Hin norska Maja Lunde var einn af gestum Bókmenntahátíðar í Reykjavík en bók hennar Blá er nýkomin út á íslensku í þýðingu Ingunnar Ásdísardóttur. Maja, sem er fjölmiðlafræðingur að mennt, hefur skrifað tólf barnabækur. Sú nýjasta er Snøsøsteren (Snjósystirin) sem sló í gegn í heimalandinu, var tilnefnd til ARK barnabókaverðlaunanna árið 2018 og útgáfurétturinn hefur verið seldur um víða veröld. Fyrsta bók hennar fyrir fullorðna Biens historie (Saga býflugnanna) kom út árið 2015 varð verðlaunabók og hefur verið þýdd á yfir 35 tungumál og er fyrsta bókin í fjórleik hennar þar sem umhverfismál liggja til grundvallar. Blá er bók númer tvö í flokknum.

Sögusvið bókarinnar er annars vegar árið 2017 þegar eldri kona, Signe, heimsækir æskustöðvar sínar í Noregi þar sem umfangsmiklar virkjanaframkvæmdir blasa við. Árið 2041 er Davíð er flótta norður eftir Frakklandi með litilli dóttur sinni, en endalausir þurrkar hafa hrakið þau að heiman. Sögurnar tvær tengjast síðan á snjallan hátt.

### Byrjaði ekki með boðskap

Virkjanir og áhrif loftslagsbreytinga eru viðfangsefni bókarinnar og þar er vatn og mikilvægi í forgrunni. Höfundi tekst að koma erindi sínu til skila á áhrifamikinn hátt án þess að predika. „Í byrjun sá ég fyrir mér tvær myndir,“ segir Maja Lunde. „Sú fyrri var af ungum manni fótgangandi í miklum þurrkum í Suður-Evrópu í nánustu framtíð. Ég vissi að hann væri einn en ég vissi ekki mikið meira, annað en að hann ætti eftir að finna bát. Spurningarnar sem þessi mynd kveikti í huga mér voru: Hvaðan kemur hann? Hvað gerðist? Hvernig kemur báturinn við sögu? Hin myndin var af eldri konu sem stendur við foss sem hún tengist sterkum böndum. Þetta er mjög reið kona. Ég vissi ekki mikið meira en fékk mikinn áhuga á þessari reiðu og sterku konu.

Mig langaði til að vita meira um þetta fólk. Ég gerði mér grein fyrir því að sögurnar snerust báðar um



**Ég reyni að vera bjartsýn en á hverjum degi verð ég óttaslegnari, segir Maja Lunde.** MYND/ALEXANDER SCHWARZ




vatn og að það yrði sennilega þema bókarinnar. Ég fór að grufla í lífi persónanna og raddir þeirra urðu mjög sterkar. Smám saman fór ég að kynnast þeim. Þannig byrjaði sagan, hún byrjaði ekki með boðskap. Ef ég hefði boðskapinn í forgrunni þá væri ég stjórnmálamaður og það er ég ekki. Ég er rithöfundur.“




Blá hefur, ásamt Sögu býflugnanna, verið flokkuð sem loftslagsskáldskapur. „Ég kalla bækurnar skáldverk, svo er lesandans að túlka þær að vild. Það má til dæmis vel lesa Blá sem ástarsögu og hún er líka saga um að fullorðnast, barnæskan mótaði til dæmis Signe, eldri konuna mjög mikið og bókin fjallar líka um reiðina,“ segir Maja.

**Lifir sig inn í söguna**

Þessa dagana er hún að ljúka við að skrifa þriðju bókina í fjórleiknum sem fjallar um dýr í útrýmingarhættu og gerist bæði í fortíð og framtíð. Maja segir að í framtíðarkaflanum muni lesendur hitta aftur persónu úr Blá. Fjórða bókin sem hún ætlar síðan að skrifa mun fjalla um plöntur.

> ÉG GERÐI MÉR GREIN FYRIR ÞVÍ AÐ SÖGURNAR SNERUST BÁÐAR UM VATN OG AÐ ÞAÐ YRÐI SENNILEGA ÞEMA BÓKARINNAR.

Blá er spennandi skáldsaga með brýnt erindi og um leið afar læsileg og líkleg til að falla stórum hópi lesenda í geð. „Ég hef unnið sem handritshöfundur og áhrif þaðan rata örugglega í skáldverkin,“ segir Maja. „Þegar ég skrifa ímynda ég mér að ég sé í aðstæðunum sem ég er að lýsa og ég upplifi tilfinningar persóna. Ég lifi mig mjög inn í söguna sem ég er að segja og vonandi skilar það sér til lesanda.“

Spurð hvort hún haldi að jörðin verði sá nöturlegi staður sem lýst er í þeim köflum bókarinnar sem gerast árið 2041 segir hún: „Ég vona svo sannarlega ekki en ég óttast það. Ég reyni að vera bjartsýn en á hverjum degi verð ég óttaslegnari. Rithöfundar skrifa um það sem þeim finnst mikilvægt og þeir hafa áhuga á. Umhverfismál eiga hug minn og þess vegna verða þessar sögur til.“

# Sama sagan kveðin tvisvar

**BÆKUR**

**Lasarus**

★★½☆☆

**Höfundur:** Lars Kepler
**Þýðandi:** Eyrún Edda Hjörleifsdóttir
**Útgefandi:** JPV
**Blaðsíður:** 566

Sænsku hjónin Alexandra og Alexander Ahndoril eru flestum glæpasagnaaðdáendum kunn. Nýjasta verkið úr smiðju hjónanna, sem skrifa undir höfundarnafninu Lars Kepler, er spennutryllirinn Lasarus. Bókin er sú sjöunda í röðinni um rannsóknarlögreglumanninn Joona Linna og félaga hans í Stokkhólmslögreglunni. Í Lasarus snýr gamalkunnur erkióvinur Joona aftur til leiks í öllu sínu veldi og upphefst hraður eltingaleikur sem varir í tæpar sex hundruð blaðsíður.

Bækurnar um Joona Linna hafa yfirleitt haft allt sem góð spennusaga þarfnast. Þar eru hraði, spenna, óvænt flétta og það sem meira er: Illmenni sem svífast einskis og láta starfsbræður sína úr Bond myndunum líta út eins og saklausa skólastráka. Aðalpersónurnar eru á sama tíma erkitýpur spennusagnanna, þægilegar klisjur sem passa vel inn í sögusviðið. Þar ber að sjálfsögðu fyrst að nefna Joona sjálfan, dugmikinn rannsóknarlögreglumann með sterka réttlætiskennd og myrka fortíð.

Lesanda fer strax að þykja vænt um þennan góða mann sem er tilbúinn að berjast fram í rauðan dauðann fyrir ástvini sína. Önnur persóna hefur fengið aukið vægi í síðari bókum sagnaflokksins, Saga Bauer samstarfskona Joona. Hún er ægilega fögur og höfundarnir eyða reglulega miklu púðri í að lýsa fegurð hennar og hughrifum annarra persóna yfir þeirri gífurlegu fegurð sem þær standa frammi fyrir. Saga er þó algjört hörkutól, sterk, snör og gáfuð, þó hún sé vissulega breysk eins og allar persónur bókanna.




Í nýjustu bókinni, Lasarus, rís hinn ógeðfelldi raðmorðingi Jurek Walter aftur upp frá dauðum. Jurek lá eins og mara yfir fyrstu bókunum um Joona Linna, en hægt og rólega í gegnum bækurnar fékk lesandinn betri innsýn inn í fortíð Joona og á sama tíma skýrari mynd af Jurek. Í síðustu sögunni, Kanínufangaranum, var svo Jurek ráðinn bani. Eða það hélt lesandinn.

Strax á fyrstu blaðsíðum Lasarus áttar lesandinn sig hins vegar á því að Jurek er ekki allur. Hröð framvinda, ógeðfelld morð og eltingaleikur sem ætlar engan endi að taka lýsir ágætlega því sem kemur næst.

Jurek, sem virðist hafa ofurnáttúrulega krafta, er alltaf fjórum skrefum framar en allar aðrar persónur, og hefur það að æðsta markmiði að ná sér niðri á Joona. Sagan er vissulega spennandi og hinn útsmogni Jurek nær að halda lesanda á tánum aftur á síðustu blaðsíðu.

Þrátt fyrir að Lasarus sé vissulega grípandi spennutryllir þá er engin sérstök flétta í henni. Undirrituð saknar svolítið þeirrar afhjúpunar sem felst yfirleitt í góðum spennusögum og fyrri bækur Kepler-hjónanna höfðu svo sannarlega. Bókin er í rauninni sama sagan sögð aftur, elsta bragðið í bókinni notað til þess að vekja Jurek til lífsins og lýsa aftur sama eltingaleik og lesandi hefur nú þegar lesið. Sagan er samt sem áður spennandi enda eru Kepler hjónin góðir sagnasmiðir. Nú er bara að vona að í næstu bók sé von á ferskri framvindu. **Bryndís Silja Pálmadóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Fyrirsjáanleg spenna í bók þar sem hefði átt að gera betur.


VORÚTSALA

VARMA FACTORY STORE



Nú líður að sumri og um að gera að græja sig fyrir útilegur sumarsins.

30-40%

AFSLÁTTUR Á ÖLLUM VÖRUM

og svo er útsöluhornið okkar góða á sínum stað

VARMA FACTORY STORE

Ármúla 31 Opnunartími:
Fimmtudaginn 2. maí 15:00-18:00
Föstudaginn 3. maí 15:00-18:00
Laugardaginn 4. maí 13:00-16:00

# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 2. MAÍ 2019

### Listahátíð barna

**Hvað?** Hreinn heimur – betri heimur
**Hvenær?** 10
**Hvar?** Duus safnahús, Reykjanesbæ
Setning Listahátíðar barna í Reykjanesbæ með opnun listsýningar á vegum skólanna.

**Hvað?** Frá skyssu til sköpunar
**Hvenær?** 16
**Hvar?** Duus safnahús, Reykjanesbæ
Líður í menningarhátíð barna.

### Orðsins list

**Hvað?** Að erfa minningar: Áföll og æviskrif
**Hvenær?** 12-13
**Hvar?** Fyrirlestrasalur Þjóðminjasafns Íslands
Gunnþórunn Guðmundsdóttir prófessor fjallar um sjálfsævisögulega texta þar sem höfundarnir reyna að átta sig á hinu liðna, skýra minningar sínar og fjölskylduminnið í ljósi atburða úr fortíð.



**Gunnþórunn Guðmundsdóttir prófessor fjallar um ævisöguskrif í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Hvað?** Fyrirlestur
**Hvenær?** 16-17
**Hvar?** Veröld - hús Vigdísar
Hélène Merlin-Kajman, prófessor í frönskum bókmenntum 17. aldar við Sorbonne-háskóla París III, heldur fyrirlestur á ensku sem nefnist: Civility, civilization and power.

**Hvað?** Undir, yfir og allt um kring
**Hvenær?** 20
**Hvar?** Ferðafélag Íslands, Mörkin 6
Fyrirlesarar eru Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar, Sævar Helgi Bragason, umsjónarmaður þáttanna Hvað höfum við gert, Pétur Halldórsson, formaður félagsins Ungir umhverfissinnar, og Hafdís Hanna Ægisdóttir, plöntuvistfræðingur og forstöðumaður Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

**Hvað?** Blómakaffi - Pottablómin okkar
**Hvenær?** 17.30 -19
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Sólheimum 27 R.
Í blómakaffinu mun Hafsteinn Hafliðason garðyrkjufræðingur fræða fólk um hvernig best er að hugsa um pottablómin allan ársins hring.

### Dans

**Hvað?** This Grace – kóreógrafísk hugleiðing
**Hvenær?** 17.30-20
**Hvar?** Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhúsi
Dansararnir Halla Þórðardóttir, Hannes Þór Egilsson og Saga Sigurðardóttir eiga stefnumót við innsetningarverk Önnu Guðjónsdóttur, Hluti í stað heildar. Ókeypis er inn á viðburðinn sem er varandi, hefur ekkert upphaf eða endi og gestum er velkomið að koma og fara að vild.

### Tónleikar

**Hvað?** Tríó Richard Andersson - Tónleikar
**Hvenær?** 20
**Hvar?** Edinborgarhúsið Ísafirði
Tríóið skipa Richard Andersson kontrabassi, Óskar Guðjónsson saxófónn og Matthías Hemstock trommur. Markmiðið er að gefa frá sér tónlist sem er melódísk og ljóðræn í eðli sínu en býður upp á tækifæri til óhefðbundnari túlkunar í takt við tónvitund hvers og eins þeirra.

**Hvað?** Dimma - Tónleikar
**Hvenær?** 20.30.
**Hvar?** Bæjarbíó, Strandgötu 6, Hafnarfirði
Dimma mætir með nýja trommarann, Egil Rafnsson, í fyrsta skipti.




GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

| | | | |
|---|---|---|---|
| The Wild Pear Tree (ENG SUB) | 17:30 | Að sjá hið ósýnilega (ICELANDIC) | 20:00 |
| Everybody Knows (ICE SUB) | 17:30 | Yuli-Carlos Acosta Story (ICE SUB) | 21:00 |
| Girl (ENG SUB) | 17:45 | Birds of Passage (ENG SUB) | 22:00 |
| Całe szczęście (POLISH W/ENG SUB) | 20:00 | Mug // Twarz (ICE SUB) | 22:15 |



TILBOÐSDAGAR
15-50 % AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM




FJÖRÐUR
Fylgstu með
fjordur.is

UMHVERFISVÆNI MARKAÐURINN
Fyrir líkama, heimili & heilsu
FJÖRÐUR VERSLUNARMIÐSTÖÐ (2.HÆÐ) KL 11-17 LAUGARDAGINN 4.MAÍ

# MAMMUT dagar

## Nú gerum við okkur klár fyrir sumarið

**20%** afsláttur af MAMMUT fatnaði og skóm dagana 2. - 11. maí.

Mammut Nordwand ADV
Verð 99.995,-
Tilboðsverð 79.996,-

Mammut Eiswand ADV
Verð 32.995,-
Tilboðsverð 26.396,-

Mammut Alvra ML
Verð 18.595,-
Tilboðsverð 14.876,-

Mammut Courmayeur Pant
Verð 29.995,-
Tilboðsverð 23.996,-

Mammut Zinal Pant
Verð 22.995,-
Tilboðsverð 18.396,-

Mammut Kento HS Lady
Verð 31.995,-
Tilboðsverð 25.596,-

Mammut Eigerjoch Hybrid IN Lady
Verð 35.995,-
Tilboðsverð 28.796,-

Mammut Broad Peak Light IN Lady
Verð 40.995,-
Tilboðsverð 32.796,-

Mammut Courmayeur Pant Lady
Verð 26.995,-
Tilboðsverð 21.596,-

Mammut Runbold Zip-off Lady
Verð 15.995,-
Tilboðsverð 12.796,-

Hanwag Alaska GTX
Verð 54.995,-
Tilboðsverð 39.995,-

Mammut Kento High GTX
Verð 32.995,-
Tilboðsverð 26.396,-

Mammut Ducan Mid GTX
Verð 29.995,-
Tilboðsverð 23.996,-

Mammut Hueco Knit Low
Verð 22.995,-
Tilboðsverð 18.396,-

Mammut Lithium 15L
8 litir í boði
Verð 15.995,-
Tilboðsverð 12.796,-

Hanwag Alaska GTX Lady
Verð 54.995,-
Tilboðsverð 39.995,-

Mammut Kento High GTX Lady
Verð 32.995,-
Tilboðsverð 26.396,-

Mammut Ducan Mid GTX Lady
Verð 29.995,-
Tilboðsverð 23.996,-

Mammut Hueco Knit Low Lady
Verð 22.995,-
Tilboðsverð 18.396,-

MAMMUT SWISS 1862 · HEAD · ALPINA EYEWEAR & HELMETS · HILLEBERG THE TENTMAKER · Vango · RUDY PROJECT · GREGORY

EVEREST
Skeifunni 6 · www.everest.is






# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00 Útsvar 2014-2015 Reykjavík - Reykjanesbær**
**14.00 Stríðsárin á Íslandi** Í sjötta þætti er rætt um stríðslokin, stöðu Þjóðverja síðustu mánuðina og þjóðfélagsbreytingar á Íslandi eftir stríðið.
**14.55 Popppunktur 2011 Sólókonur - sólókarlar**
**15.55 Landinn 2010-2011**
**16.25 Í garðinum með Gurrý Skuggaplöntur og garðyrkja**
**16.55 Við getum þetta ekki**
**17.25 Kaupmannahöfn - höfuðborg Íslands** Í fyrsta þætti fjalla Egill og Guðjón um hinar lífsnauðsynlegu skipaferðir milli Danmerkur og Íslands og fara í virkið Kastellet, þar sem íslenskir fangar komu fyrst eftir að þeir voru fluttir til Hafnar. Auk þess fara þeir í hverfið í kringum höllina Amalienborg, á spítalann þar sem Jónas Hallgrímsson dó og á Fæðingarstofnunina, en þangað voru íslenskar konur sendar til að eiga börn á laun.
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Fótboltastrákurinn Jamie**
**18.29 Sebastian og villtustu dýr Afríku**
**18.39 Sögur - Stuttmyndir Bekkjarkvöldið**
**18.50 Krakkafréttir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.05 Heimsleikar Special Olympics Með okkar augum** Heimsleikar fatlaðra fóru fram í borgunum Abú Dabí og Dubaí í mars og á meðal þátttakenda voru 38 Íslendingar sem kepptu í 10 greinum. Stöllurnar Katrín Guðrún og Steinunn Ása úr þáttunum Með okkar augum fylgdust með leikunum. Dagskrárgerð. Elín Sveinsdóttir.
**20.40 Lamandi ótti**
**21.00 Klofningur** Leikin þáttaröð frá BBC um skilnaðarlögfræðing sem ákveður að yfirgefa fjölskyldufyrirtækið sem móðir hennar rekur og ganga til liðs við aðra lögfræðistofu. Í kjölfarið kemur hún öllum samböndum sínum í uppnám. Aðalhlutverk. Nicola Walker, Annabel Scholey, Deborah Findlay og Fiona Button.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Skammhlaup** Önnur þáttaröð þessara áströlsku, vísindaskáldsögulegu spennuþátta. Lögreglumaðurinn James reynir enn að leysa ráðgátuna um hvernig og hvers vegna hinir dauðu risu upp á sama tíma og ný ógn steðjar að bænum. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. Aðalhlutverk. James Hayes, Genevieve O'Reilly og Emma Booth.
**23.20 Löwander-fjölskyldan**
**00.20 Löwander-fjölskyldan**
**01.20 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**07.50 Zurich Classic**
**12.50 PGA Tour 2018**
**15.50 Golfing World**
**16.40 Champions Tour Highlights**
**17.35 Inside the PGA Tour**
**18.00 Wells Fargo Championship** Bein útsending frá Wells Fargo Championship á PGA mótaröðinni.
**22.00 Golfing World**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Tonight Show**
**09.30 The Late Late Show**
**10.15 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.45 Younger**
**14.10 The Voice US**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 The Late Late Show**
**19.45 The Kids Are Alright**
**20.10 Kokkaflakk**
**20.50 9-1-1**
**21.40 The Resident**
**22.25 FEUD**
**23.20 The Tonight Show**
**00.05 The Late Late Show**
**00.50 NCIS**
**01.35 NCIS. New Orleans**
**02.20 Yellowstone**
**03.50 Ray Donovan**
**04.45 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Á tónsviðinu**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Flakk - Flakk - Flakk um Bjarg Leiguíbúðafélag**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Útvarp Krakka RÚV**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Óperukvöld Útvarpsins La Calisto eftir Francesco Cavalli**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.35 Manglehorn**
**13.10 Murder, She Baked. A Chocolate Chip Cookie Mystery**
**14.35 Snowden**
**16.45 Manglehorn**
**18.25 Murder, She Baked. A Chocolate Chip Cookie Mystery**
**19.50 Snowden**
**22.00 The Fate of the Furious**
**00.15 Page Eight**
**02.00 Marshall**
**04.00 The Fate of the Furious**

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 Friends**
**07.50 Gilmore Girls**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Anger Management**
**10.00 Wrecked**
**10.25 Lögreglan**
**10.50 Satt eða logið**
**11.35 Heimsókn**
**12.00 Ísskápastríð**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Spielberg**
**15.25 Friends**
**15.45 Seinfeld**
**16.10 Stelpurnar**
**16.35 Two and a Half Men**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Sportpakkinn**
**19.20 Veður**
**19.25 The Big Bang Theory**
**19.45 Splitting Up Together**
**20.10 NCIS**
**20.55 Whiskey Cavalier**
**21.40 The Blacklist**
**22.25 Barry**
**22.55 Real Time With Bill Maher**
**23.55 Shetland**
**00.55 Killing Eve**
**01.40 High Maintenance**
**02.10 Call Me by Your Name**
**04.20 Spielberg**

## STÖÐ 3

**19.10 Last Man On Earth**
**19.35 The Simpsons**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 The Mindy Project**
**21.15 Arrow**
**22.00 Notes From the Field**
**23.30 American Dad**
**23.55 Bob's Burger**
**00.20 The Simpsons**
**00.45 Last Man On Earth**
**01.10 Seinfeld**
**01.35 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.25 Manch. United - Chelsea**
**09.05 Messan**
**10.10 Barcelona - Liverpool**
**11.50 Meistaradeildarmörkin**
**12.20 KR - ÍR. Leikur 3**
**14.00 Fylkir - Grótta**
**15.40 Valur - FH**
**17.20 Evrópudeildin - fréttaþáttur**
**17.45 Premier League World**
**18.15 Dominos deild karla** Bein útsending frá leik í úrslitum Dominos deildar karla.
**21.15 Domino's körfuboltakvöld karla**
**22.00 Mjólkurbikarmörkin**
**23.00 UFC Unleashed**
**23.50 Arsenal - Valencia**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.00 Southampton - Bournemouth**
**09.40 Crystal Palace - Everton**
**11.20 Torino - AC Milan**
**13.00 Selfoss - Valur. Leikur 1**
**14.30 Olís deild kvenna**
**16.00 Seinni bylgjan - Olís deild kvenna**
**16.30 Barcelona - Liverpool**
**18.15 Meistaradeildarmörkin**
**18.45 Olís deild karla** Bein útsending frá leik í 4 liða úrslitum Olís deildar karla.
**21.15 Seinni bylgjan**
**21.45 NBA - Dr. J - The Doctor**
**22.55 Eintracht Frankfurt - Chelsea**

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

# NÚ SKAL GRILLAÐ!



**Grillsagaður frampartur**
**699** KR/KG
ÁÐUR: 1.398 KR/KG
-50%
VERÐ-SPRENGJA!



-40%
**Lambalærvöðvi**
í hvítlauks pipar marineringu
**1.799** KR/KG
ÁÐUR: 2.998 KR/KG



-30%
**Lambalærissneiðar**
Norðlenska
**2.099** KR/KG
ÁÐUR: 2.998 KR/KG




-30%
**Danpo kjúklingabringur**
900 gr
**1.189** KR/PK
ÁÐUR: 1.698 KR/PK



-20%
**Bleikjusteikur**
Í mangó og chili
**2.318** KR/KG
ÁÐUR: 2.898 KR/KG

## LJÚFFENGT Á GRILLIÐ!





-40%
**Blandaðar lambagrillsneiðar**
Kjötsel
**1.199** KR/KG
ÁÐUR: 1.998 KR/KG




-30%
**Nettó vínarpylsur**
10 stk
**384** KR/PK
ÁÐUR: 549 KR/PK



-40%
**Goði ungnautahamborgarar**
4x90 gr
**875** KR/PK
ÁÐUR: 1.459 KR/PK



-20%
**Coop laxabitar**
2pk 200 gr
**639** KR/PK
ÁÐUR: 799 KR/PK

**Rauð vínber**
**399** KR/KG
ÁÐUR: 798 KR/KG
-50%





## VERSLAÐU Á NETINU
## www.netto.is

**Tilboðin gilda 2. - 5. maí**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

**ÓDÝRAST Á NETINU Í VEFVERSLUN NETTÓ***

*Skv. könnun Fréttablaðsins

nettó
Lægra verð – léttari innkaup

# Samsuða af fótboltastrákum og blindum pródúsent

Í dag gefa Venjulegir gaurar út lagið Slæm dama en knattspyrnustrákarnir **Logi Tómason**, **Viktor Jónsson** og **Reynir Haraldsson** standa á bak við lagið ásamt undrabarninu **Theódór Helga Kristinssyni** sem er blindur drengur í níunda bekk.



**Þremingarnir samankomnir. Viktor, Reynir og Logi sem er einnig að gera tónlist með félaga sínum Ágústi Karel. Slæm dama kemur á Spotify í dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Theódór Helgi Kristinsson, sem kallar sig TM, pródúserar lagið ásamt mér en hann er undrabarn á píanó og er hjá mér í félagsmiðstöð. Hann lagði til hljómborðið og ég splæsti í trommur, bassa og gítar. Daginn eftir kom Logi og kláraði lagið," segir Reynir Haraldsson um lagið Slæm dama sem kemur út í dag.

Reynir er hluti af tvíeykinu Venjulegir gaurar en með honum er markavélin Viktor Jónsson, leikmaður ÍA. Logi er nýjasta stjarna Pepsi Max deildarinnar eftir markið sitt á Hlíðarenda í fyrstu umferð og spilar með Víking. Reynir spilar með ÍR í annari deildinni.

„Fótboltinn er alltaf númer eitt. Tónlistin er okkar sameiginlega áhugamál og ákveðin leið fyrir okkur að komast úr þessu fótboltalífi. Aðeins að komast í burtu og við erum í þessu til að hafa gaman. Við erum lítið að eltast við frægð og frama, meira að gera þetta fyrir gleðina," segir Viktor sem skoraði einnig í fyrstu umferð fyrir ÍA.

„Tónlistin er ekkert að trufla fótboltann," bætir Logi við áður en Viktor heldur áfram. „Það eru margir sem segja að tónlist og fótbolti haldist ekki í hendur. Blandist illa en fyrir okkur hentar þetta mjög vel. Ég sé ekki alveg hvernig þetta ætti ekki að geta gengið því þetta er bara gert í okkar frítíma. Það sleppir enginn æfingum fyrir þetta verkefni. Þetta er góð leið til að komast út úr þessum hversdagsleika og við erum bara að sinna okkar áhugamáli. Svo ég tali bara fyrir mig þá hefur þetta haft mjög jákvæð áhrif." Reynir segir að miðað við ganginn í þessu samstarfi megi búast við að það sé meira á leiðinni.

„Á einni viku urðu til fjögur lög. Meðal annars þetta lag sem við sömdum í gríni um markið hans Loga og heitir Tveir klobbar á Hlíðarenda. Sennilega besta lag allra tíma um besta mark allra tíma. Þetta er sturlað lag," segir hann og hlær.

„Miðað við ganginn í þessu samstarfi erum við að fara að gera eitthvað meira og stærra því öll lögin fjögur eru nógu góð til að geta gert eitthvað," bætir hann við. Viktor segir að þá langi til að gefa meira út og leyfa fólki að heyra hvað þeir eru að bardúsa.

„Okkur langar að leyfa fólki að heyra það sem við erum að gera og eyða svona miklum tíma í. Formið í dag er orðið þannig að það er lítið mál að gefa eitthvað út. Það er hægt að henda í lag og gefa það út á Spotify sem nær til fjölmargra. Það er ekkert vesen á okkur þó við séum í stúdíóinu. Við erum bara ungir menn að gera skapandi hluti, lifa heilbrigðum lífsstíl og spila fótbolta." **benediktboas@frettabladid.is**




**Þeir félagar segja að tónlist og fótbolti geti vel haldist í hendur. Þó fótboltinn sé númer eitt þá er enginn afsláttur gefinn af tónlistinni.**




GÖNGUKVÖLD
ELLINGSEN FIMMTUDAGINN 2.MAÍ MILLI 16–20
25% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM FATNAÐI OG SKÓM
ZAMBERLAN VIOZ PLUS GTX GÖNGUSKÓR
VERÐ ÁÐUR 39.995 KR.
VERÐ 29.996 KR.
SCARPA HEKLA GTX GÖNGUSKÓR
VERÐ ÁÐUR 49.995 KR.
VERÐ 37.496 KR.
THE NORTH FACE DRYZZLE FZ BUXUR
VERÐ ÁÐUR 29.995 KR.
VERÐ 22.496 KR.
BERGANS BREHEIMEN 2L BUXUR
VERÐ ÁÐUR 34.995 KR.
VERÐ 26.246 KR.
THE NORTH FACE KEIRYO DIAD II JAKKI
VERÐ ÁÐUR 34.995 KR.
VERÐ 26.246 KR.
MOUNTAIN HARDWEAR EXPOSURE 2 GTX PACLITE JAKKI
VERÐ ÁÐUR 44.995 KR.
VERÐ 33.746 KR.
DEVOLD EXPEDITION ZIP BOLUR
VERÐ ÁÐUR 12.995 KR.
VERÐ 9.746 KR.
DEVOLD BREEZE ZIP BOLUR
VERÐ ÁÐUR 11.995 KR.
VERÐ 8.996 KR.
Tomasz Þór, fjallaleiðsögumaður og ævintýragarpur, verður á staðnum frá klukkan 16-20 og veitir alla almenna ráðgjöf varðandi fatnað, skó, bakpoka og annað tilfallandi. Hvernig á að þvo útivistarfatnað og hugsa um gönguskó? Hver er rétta stærðin af bakpoka? Hvaða ullarfatnaður hentar best í sumar?
ELLINGSEN
FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS















Íslandsstræti í Jerúsalem átti að vera heimildarmynd en eftir sex ára eyðimerkurgöngu og hafa ítrekað fengið synjun hjá Kvikmyndamiðstöð Íslands, gafst Hjálmtýr upp og ákvað að koma efninu frá sér á bók. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Eina vitið að sniðganga Ísrael

Í bókinni Íslandsstræti í Jerúsalem rekur Hjálmtýr Heiðdal aðdragandann að stofnun Ísraelsríkis með áherslu á þátt Íslendinga í þeirri átakasögu. Hann segir ekkert vit í öðru en að sniðganga Eurovision í Ísrael og að bókin sýni það svart á hvítu.

Hjálmtýr Heiðdal kvikmyndagerðarmaður segist upphaflega hafa hugsað nýútkomna bók sína, Íslandsstræti í Jerúsalem, sem heimildarmynd en eftir sex ára eyðimerkurgöngu og eftir að hafa ítrekað fengið synjun hjá Kvikmyndamiðstöð Íslands, „sem vill ekki snerta á þessu máli“, hafi hann gefist upp.

„Ég hef náttúrlega eins og allir orðið vitni að því sem gengur á þarna og hvernig Ísraelsstjórn beitir sér með stuðningi Bandaríkjanna og það er ekkert lát á því,“ segir Hjálmtýr.

„Ég er búinn að fylgjast með þessu máli síðan 1975 og sem Íslendingur hefur maður heyrt af því að Íslendingar hafi átt einhvern hlut að máli þegar Sameinuðu þjóðirnar ákváðu skiptinguna 1947.“

Hjálmtýr fer þó enn lengra aftur í tímann í bókinni og rekur sig frá Balfour-yfirlýsingunni 1917 og síðan áfram í gegnum blóðuga sögu átaka sem enn sér ekki fyrir endann á.

## Biblían er ekki sagnfræði

„Ég fer síðan inn á hvernig Íslendingar áttu þátt í þessu og það er dálítið sérstakt vegna þess að Íslendingar, eins og yfirleitt fólk á Vesturlöndum, trúa þessum goðsögnum, þessum sögum um Móses og öllu því, sem eru í Biblíunni, um að þarna hafi verið ríki gyðinga. En Biblían er ekki sagnfræði.“

Hjálmtýr segir íslenska ráðamenn þessa tíma alla hafa trúað þessum biblíusögum og þannig fara stórkanónur fyrir Íslands hönd á þing Sameinuðu þjóðanna 1947 til að samþykkja tillöguna um að skipta Palestínu milli gyðinga og Palestínumanna, eða sem sagt heimamanna,“ segir Hjálmtýr og telur upp Ásgeir Ásgeirsson, síðar forseta, Thor Thors, bróður hans Ólaf Thors og Hermann Jónasson.



Hvað Hatara varðar segir Hjálmtýr betur heima setið en af stað farið til Jerúsalem þar sem ekkert dugi nema að sniðganga Ísrael á öllum sviðum.

## Íslandsstræti liggja víða

Hvað titil bókarinnar varðar segir Hjálmtýr flesta vita um Íslandsstræti í Eistlandi og Íslandstorg í Lettlandi „og allt það en það eru voðalega fáir sem vita um Íslandsstræti í Jerúsalem sem er dálítið stór gata sem Ásgeir Ásgeirsson opnaði 1966 með pompi og prakt.

Hjálmtýr segist í bókinni einnig leita lausna á deilunni og að allir hljóti að sjá að hin svokallaða tveggja ríkja lausn sé dauð. „Það er mikið talað um Ísrael sem eina lýðræðisríkið í Mið-Austurlöndum en það er ekkert lýðræðisríki sem heldur milljónum manns föngnum réttindalausum. Alveg sama hvernig menn skreyta sig með kosningum, frjálsum fjölmiðlum og mörgum einkennum lýðræðisins,“ segir Hjálmtýr og bendir á lög frá 18. júlí í fyrra sem kveða á um að rétturinn til sjálfsákvörðunar í Ísrael er gyðinga einna.“

## Sniðganga er eina vitið

Þú segist leita lausna í bókinni en varla hefurðu fundið leið til þess að leysa þennan blóðuga rembihnút?

„Ég er að benda á að það getur aldrei orðið friður nema það verði fullkomin breyting á afstöðu Bandaríkjamanna og að fólkið í Ísrael hætti að styðja síonistana. Eina leiðin til þess að það geti gerst er þessi sniðgönguhreyfing sem er orðin nokkuð sterk,“ segir Hjálmtýr og vísar til þess að þannig hafi Frakkar gefist upp á að halda Alsír úti sem nýlendu og Suður-Afríka hafi fallið þegar umheimurinn sniðgekk hana á öllum sviðum; efnahagslega, menningarlega og í íþróttum.

Hjálmtýr segir þetta vitaskuld einnig eiga við um Eurovision og að bókin hans sýni svart á hvítu hvers vegna við eigum að sniðganga Eurovision í Ísrael. „Sniðganga er eina leiðin sem almenningur og þá fyrst og fremst á Vesturlöndum hefur. Ég sé þetta sem einu leiðina. Þetta er ekki ofbeldi, heldur eina leiðin sem ég og þú höfum til þess að leiða þetta til lykta með friðsamlegum hætti.“

**toti@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

# TÖSKUR & FLÖSKUR!

## ALLAR FARTÖLVUTÖSKUR Á 30% AFSLÆTTI!




**Tölvubakpoki Complete**
**TILBOÐSVERÐ: 13.999.-**
Verð áður: 19.999.-




**Tölvubakpoki Pilotos 2 hjól**
**TILBOÐSVERÐ: 15.399.-**
Verð áður: 21.999.-




**Tölvu-hliðartaska Complete**
**TILBOÐSVERÐ: 12.249.-**
Verð áður: 17.499.-




**Tölvubakpoki Melange**
**TILBOÐSVERÐ: 6.999.-**
Verð áður: 9.999.-




**Tölvutaska Master 42 x 32 cm**
**TILBOÐSVERÐ: 7.699.-**
Verð áður: 10.999.-




**Tölvubakpoki Spectrum 30 x 43 cm**
**TILBOÐSVERÐ: 9.099.-**
Verð áður: 12.999.-




**Tölvutaska EXE 43 x 31 cm**
**TILBOÐSVERÐ: 11.290.-**
Verð áður: 16.129.-




**Tölvubakpoki Baltic 31 x 41 cm**
**TILBOÐSVERÐ: 9.099.-**
Verð áður: 12.999.-

LUND london




20% AFSLÁTTUR

**Skittle Bottle hita- og kælibrúsi (500 ml)**
**TILBOÐSVERÐ: 4.799-**
Verð áður: 5.999.-


Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 6. maí eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



DORMA SUMARTILBOÐ **25%** AFSLÁTTUR

## TIVOLI
svefnsófi

Tveggja sæta vandaður svefnsófi. Grátt, orange eða dökkblátt áklæði. Stærð: 194 x 103 x 91 cm.
Svefnsvæði: 195 x 140 cm

**Fullt verð: 229.900 kr.**

# Aðeins **172.425 kr.**



DORMA SUMARTILBOÐ **20%** AFSLÁTTUR

## MONTARIO
svefnsófi

Rúmfatageymsla og dökk- eða ljósgrátt áklæði.
Svefnsvæði: 140 x 200 cm.
Stærð sófa: 158 x 90 cm.

**Fullt verð: 89.900 kr.**

# Aðeins **71.920 kr.**

## ROMA
svefnsófi

Grátt, dökkgrátt og blátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 200 x 100 x 50 cm.
Svefnpláss: 120x200 cm.

**Fullt verð: 99.900 kr.**



DORMA SUMARTILBOÐ **25%** AFSLÁTTUR



# Aðeins **74.925 kr.**



DORMA SUMARTILBOÐ **15%** AFSLÁTTUR

## Mega
hornsófi

Hornsófi hægri eða vinstri. Grátt eða dökkgrátt, slitsterkt áklæði.
Stærð: 294 x 240 cm

**Fullt verð: 239.900 kr.**

# Aðeins **203.915 kr.**



DORMA SUMARTILBOÐ **25%** AFSLÁTTUR

## ZERO
tungusófi

Grátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 216 x 143 x 88 cm.

**Fullt verð: 99.900 kr.**

# Aðeins **74.925 kr.**






DORMA SUMARTILBOÐ **20%** AFSLÁTTUR

## NEW MALMÖ
u-sófi

Silfurgrátt slitsterkt áklæði.
Hægri og vinstri tunga.

**Fullt verð: 269.900 kr.**

# Aðeins **215.920 kr.**

**www.dorma.is**
VEFVERSLUN
**ALLTAF OPIN**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mán. til fös. kl. 11–18.30
Laugardaga kl. 11–17
Sunnudaga kl. 13–17 (Smáratorg)

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566


OPIÐ Á SUNNUDÖGUM Í DORMA SMÁRATORGI
DORMA
Láttu drauminn rætast
Sumartilboð
í verslunum Do
DORMA SUMARTILBOÐ 20% AFSLÁTTUR
KOLDING
hægindastóll með skemli
Stillanlegur hægindastóll með skemli.
Ljósgrátt, dökkgrátt eða rautt slitsterkt áklæði.
Fullt verð: 89.900 kr.
Aðeins 71.920 kr.
Stillanlegur hægindastóll með skemli.
Svart eða grátt leður.
Fullt verð: 119.900 kr.
Aðeins 95.920 kr.
AVIGNON
hægindastóll með inn-byggðum skemli
DORMA SUMARTILBOÐ 15% AFSLÁTTUR
Stillanlegur hægindastóll með innbyggðum skemli.
Dökkgrátt, rautt eða svart PVC-leður.
Fullt verð: 129.900 kr.
Aðeins 110.415 kr.
AVIGNON
hægindastóll með inn-byggðum skemli
DORMA SUMARTILBOÐ 15% AFSLÁTTUR
Stillanlegur hægindastóll með innbyggðum skemli.
Gráttslitsterkt áklæði.
Fullt verð: 109.900 kr.
Aðeins 93.415 kr.
NANCY
hægindastóll með skemli
Hægindastóll í sígildu útliti.
Fáanlegur í grænbláu, gráu og rauðu áklæði.
Fullt verð: 69.900 kr.
Aðeins 52.425 kr.
DORMA SUMARTILBOÐ 25% AFSLÁTTUR
NANCY
hægindastóll með skemli
Hægindastóll í sígildu útliti.
Fáanlegur í gráu, brúnu og svörtu PVC leðri.
Fullt verð: 89.900 kr.
Aðeins 67.425 kr.
Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.
DORMA
Láttu drauminn rætast

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**

Steinunnar Ólínu



## Ég kynni hið nýja sambúðarform

Nýverið hóf ég sambúð með æskuvinkonu minni. Ástæða sambúðarinnar er einföld, við erum báðar leigjendur og einstæðar mæður. Þetta var sumsé skynsamleg sparnaðarhagræðing. Leigumarkaðurinn á Íslandi er svo mannfjandsamlegur að ég held að samyrkjubúskapur af þessu tagi verði brátt þrautalending fyrir einstæða foreldra sem vilja síður gista með börn sín á víðavangi.

Það léttir allt heimilishald og barnauppeldi þegar maður hefur aðra fullorðna manneskju sér við hlið. Meiri stuðningur, minna basl jafngildir betri líðan. Ég mæli með þessu.

Nú hef ég ekki verið í sambúð með manneskju af sama kyni síðan um tvítugt en það er göldrum líkast. Það er til dæmis stundum bara búið að elda mat og taka til! Stundum er líka búið að þvo þvott og jafnvel brjóta saman og ganga frá honum!

Ég er að verða fimmtug og þekki því fáa karlmenn sem vita hvernig föt komast hrein í fataskápa. Ég veit reyndar ekki hvernig þetta er hjá nútímafólkinu. Það kannski bara étur hör- og bambusfötin sín þegar þau óhreinkast til að menga ekki veröldina með sápunotkun.

Ég held því miður að margir karlmenn, sem búa nú víst heima til þrítugs, trúi því enn að óhrein föt gangi í hægðum sínum inn í þvottavélina og setji hana af stað. Þvotturinn vippi sér svo yfir í þurrkarann eða hengi sig út á snúru og labbi svo að sjálfsögðu samanbrotinn ofan í skúffur og skápa. Ég minnist þess með mildi þegar maðurinn minn heitinn fann uppáhaldsgallabuxurnar sínar í buxnaskúffunni og sagði glaður: „Nei, þessar bara orðnar hreinar!“ Svo knúsaði hann þær innilega eins og til að þakka þeim fyrir ómakið.


FYRIR SVANGA FERÐALANGA
Kvikk ON THE GO

Allir í bátana!



SUBWAY

Tilboðsverð
Sandkassi
með sætum, 150x150 cm.
14.396
0291468
Almennt verð: 17.995
20%



Tilboðsverð
Garðborð og bekkir
Sanne 12, hvítt.
28.496
0291832
Almennt verð: 37.995
25%



Tilboðsverð
Hekkklippur
AHS 50-16 450W. .Klippir 50 cm á breidd og getur klippt greinar sem eru allt að 16 mm sverar.
12.795
74890008
Almennt verð: 16.995
25%



BOSCH Invented for life



20%
Tilboðsverð
Illgresisbrennari
Handhægur illgresisgasbrennari. Lengd 97cm.
6.395
55530200
Almennt verð: 7.995

3l.
Frábært verð!




Tilboðsverð
Herregård XO
Pallaolía, glær eða gyllt 3l.
1.995
80602501/2
Almennt verð: 2.695



20% afsláttur
Garðáhöld



20% afsláttur
Trampólín



Kílóvött 6,9
Brennarar 3
Yfirbreiðsla: 11.995
50657598
Broil King Great Barbecues Every Time
20%
Tilboðsverð
Gasgrill
GEM 320, sterkar grillgrindur úr pottjárni. Ryðfrítt eldunarkerfi.
39.996
50657519
Almennt verð: 49.995




Sumarblaðið er komið út!
þú finnur það á byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Ánægðustu viðskiptavinirnir 2 ár í röð! Auðvelt að versla á byko.is